

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Ársskýrsla 2020




Helstu lykiltölur


Eigin iðgjöld	Eigin tjón	Afkoma af vátryggingastarfsemi
19.817 m.kr.	14.223 m.kr.	1.968 m.kr.
↑ 0,6%	↑ 1,2%	↓ -17,0%
Eiginfjárhlfall	Ávöxtun eiginfjár	Gjaldþolshlfall
36,0 %	28,3 %	1,67

Samsett hlutfall

Afkoma ársins 2020 af vátryggingarekstri fyrir skatta nam 1.968 m. kr. og dregst lítillega saman á milli ára og var samsett hlutfall 92,0% á árinu, samanborið við 91,2% árið áður. Rekstrarniðurstaðan er afar sterk í ljósi sviptinga í efnahagslífinu á liðnu ári og jafnframt þar sem Sjóvá felldi í heild sinni niður bifreiðaiðgjöld einstaklinga í maí í kjölfar samdráttar í umferð og fækkunar tjóna. Nam sú niðurfelling 650 m.kr. og kemur til viðbótar þeim 640 m.kr. sem tjónlausir vildarviðskiptavinir okkar fengu greiddar í formi Stofnendurgreiðslu á árinu.



*Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME SÍ nr. 1/2020





Ávarp forstjóra og stjórnarformanns

Sterkur grunnrekstur

„Árið 2020 var okkur hjá Sjóvá hagfellt og komu styrkleikar félagsins berlega í ljós við þær krefjandi aðstæður sem uppi voru á árinu. Afkoma af rekstri félagsins nam 5,3 ma.kr. og er niðurstaðan sterk hvort sem litið er til vátryggingarekstrar eða fjárfestingarstarfsemi. Markvissar aðgerðir síðustu ára til þess að bæta vátryggingareksturinn héldu áfram að skila árangri og fjárfestingastefna félagsins reyndist vel á sveiflukenndum verðbréfamörkuðum.“

Sterkur rekstur

Árið 2020 var okkur hjá Sjóvá hagfellt og komu styrkleikar félagsins berlega í ljós við þær krefjandi aðstæður sem uppi voru á árinu. Afkoma af rekstri félagsins nam 5,3 ma.kr. og er niðurstaðan sterk hvort sem litið er til vátryggingarekstrar eða fjárfestingarstarfsemi. Markvissar aðgerðir síðustu ára til þess að bæta vátryggingareksturinn héldu áfram að skila árangri og fjárfestingastefna félagsins reyndist vel á sveiflukenndum verðbréfamörkuðum.

Vátryggingarekstur í jafnvægi og 1.300 m.kr. ráðstafað til viðskiptavina

Afkoma ársins 2020 af vátryggingarekstri fyrir skatta nam 1.968 m.kr. og dregst lítillega saman á milli ára, en samsett hlutfall var 92,0% á árinu samanborið við 91,2% árið áður. Iðgjaldavöxtur nam 1,0% á árinu í heild og vöxtur eigin iðgjalda var 0,6%. Þessi rekstrarniðurstaða verður að teljast afar sterk í ljósi aðstæðna, einnig þar sem Sjóvá, eitt tryggingafélaga, felldi í heild sinni niður bifreiðaiðgjöld einstaklinga í maí. Var ákvörðunin grundvölluð á þeim mikla samdrætti í umferð sem átt hafði sér stað frá upphafi samkomubanns í kjölfar útbreiðslu Covid-19 og afleiðingum hans sem endurspegluðust í umtalsvert færri tjónstilkynningum en árið áður. Niðurfellingin nam 650 m.kr. og kom til viðbótar þeim 640 m.kr. sem tjónlausir vildarviðskiptavinir okkar fengu greiddar í formi Stofnendurgreiðslu á árinu, 26. árið í röð.

Iðgjaldavöxtur á einstaklingssviði vógt þrátt fyrir niðurfellingu iðgjalda upp á móti samdrætti í iðgjöldum á fyrirtækjasviði sem skýrðist einna helst af minnkandi umsvifum ferðaþjónustu vegna heimsfaraldursins. Markvissar aðgerðir síðustu ára eru enn að skila batnandi rekstri þar sem saman fer góður iðgjaldavöxtur umfram vöxt eigin tjóna og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu Sjóvár um viðunandi arðsemi af vátryggingarekstrinum. Undanfarna 19 fjórðunga eða allt frá öðrum ársfjórðungi 2016 hefur vátryggingareksturinn skilað jákvæðri afkomu og byggir sá góði árangur á fyrrnefndum aðgerðum sem snúa að iðgjaldasetningu, áhættumati, forvörnum og iðgjaldavexti í formi aukinnar sölu.

Miklar sveiflur á eignamörkuðum á árinu og afkoma af fjárfestingarstarfsemi umfram væntingar

Afkoma af fjárfestingarstarfsemi ársins 2020 fyrir skatta nam 3.960 m.kr. Ávöxtun af fjárfestingareignum í stýringu nam 13,2% á árinu og vegur þar þyngst afkoma skráðra hlutabréfa sem þróaðist með afar jákvæðum hætti á síðari hluta ársins eftir miklar lækkanir vegna óvissu í kjölfar útbreiðslu Covid-19 síðasta vor. Eignir í stýringu námu 43,8 ma.kr. í lok ársins og hafa vaxið í takt við góða rekstrarafkomu sem og vegna þess að fallið var frá áætlaðri arðgreiðslu vegna ársins 2019.

Rekstur félagsins gekk því afar vel á árinu 2020 hvort sem litið er til vátryggingastarfsemi eða fjárfestingarstarfsemi og nam arðsemi eigin fjár 28,3% á árinu.

Arðgreiðslustefna og fjárhagslegur styrkur

Arðgreiðslustefna félagsins er að greiða að lágmarki helming af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs, að því gefnu að félagið haldist áfram fjárhagslega sterkt. Stjórn lagði fram á aðalfundi þann 12. mars 2020 tillögu þess efnis að fresta ákvörðun um greiðslu arðs fyrir árið 2019 og var tillagan samþykkt. Tillaga stjórnar tók mið af tilmælum í yfirlýsing EIOPA (e. The European Insurance and Occupational Pensions Authority) þess efnis að fresta öllum valkvæðum arðgreiðslum og endurkaupum sökum óvissunnar vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Boðað var til hluthafafundar 25. nóvember þar sem lagt var til í ljósi aðstæðna að greiða ekki arð til hluthafa á árinu 2020 þar sem tilmæli EIOPA voru enn í gildi. Fjárhagslegur styrkur og þar með gjaldþol var á þeim tíma afar sterkt og hefði sannanlega staðið undir arðgreiðslu. Hluthafafundur samþykkti tillögu stjórnar og að hagnaður ársins kæmi til hækkunar eigin fjár félagsins. Þann 13. janúar sl. voru fyrrgreind tilmæli eftirlitsaðila endurskoðuð og brýnt fyrir vátryggingafélögum að gæta ýtrrustu varfærni við stýringu eiginfjár vegna óvissunnar af völdum faraldursins. Í því ljósi ákvað stjórn að leggja til á aðalfundi 2021 að fyrir árið 2020 verði greiddur arður til hluthafa 1,99 kr. á hlut eða um 2.650 m.kr.

SJÓVÁ

Fjárhagslegur styrkur félagsins er mikill líkt og ársreikningur félagsins sýnir og er gjaldþolshlutfall félagsins 1,67 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu en samkvæmt lögum skal gjaldþolið ekki vera lægra en 1,00. Gjaldþolshlutfallið er nálægt efri mörkum áhættuvilja stjórnar og leitast verður við að færa gjaldþolshlutfall til fyrra horfs þegar óvissa í efnahagslífinu minnkari. Eiginfjárlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu er 33,1% miðað við árslok 2020, fjárhagsstaða félagsins áfram traust og félagið eftir sem áður fært um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum og mæta ófyrirséðum áföllum í rekstri. Ákvörðun stjórnar um tillögu um greiðslu arðs er tekin í fullu samráði við eftirlitsaðila á markaði. Stjórn mun einnig leggja til við aðalfund að endurnýja heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félagini.

Ánægðustu viðskiptavinir á vátryggingamarkaði, fjórða árið í röð

Sjóvá býr að sterkum stofni viðskiptavina og hefur áhersla undanfarin ár verið lögð á að bæta þjónustuna, mæta viðskiptavinum út frá þeirra þörfum og óskum um þjónustu. Einн liður í þessari vegferð var að styrkja samtal og samskipti við viðskiptavini og byggja á vegvísnum Sjóvár um að sýna frumkvæði, tala skýrt og segja hlutina eins og þeir eru. Vildarþjónustan Stofn og endurgreiðsla iðgjalda til tjónlausra og skilvísra viðskiptavina hafa verið aðalsmerki Sjóvár á þriðja áratug auk þess sem net útibúa og umboðsmanna svarar kalli viðskiptavina um að fá þjónustu í heimabyggð. Viðskiptavinir kunna vel að meta þessa nálgun Sjóvár og traustið og samtalið styrkist ár frá ári. Við einsettum okkur árið 2015 að vera með ánægðustu viðskiptavini á tryggingamarkaði og munum halda áfram þeirri vegferð að bæta þjónustuna og gera hana enn betri. Sterk ímynd og staða félagsins á markaði var staðfest nú í janúar þegar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar og í ljós kom að Sjóvá átti ánægðustu viðskiptavini á tryggingamarkaði á árinu 2020, fjórða árið í röð. Sjóvá fékk hæstu einkunn sem náðst hefur frá upphafi á íslenskum tryggingamarkaði, eða 72,6, og setur þannig ný viðmið í þjónustu við viðskiptavini á tryggingamarkaði. Þetta hefur sannarlega verið mögnuð vegferð hingað til og við erum afar þakklát fyrir þá viðurkenningu á þjónustustefnu félagsins sem felst í þessum niðurstöðum.

Mannauðurinn styrkur í áskorunum ársins

Starfsfólk félagsins sýndi mikla seiglu og aðlagaðist hratt nýju vinnuumhverfi strax í upphafi samkomutakmarkana vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Stærstur hluti starfsfólks sinni störfum sínum frá eigin heimili án þess að það hafi bitnað á þjónustuupplifun viðskiptavina. Starfsfólk Sjóvár tókst að auka enn ánægju viðskiptavina með fjarþjónustu og auka sölu til einstaklinga. Eftirtektarverður árangur í rekstri og ánægju viðskiptavina endurspeglar sannarlega þann kraft sem býr í starfsmannahópnum og afhjúpar verðmæti einstakrar vinnustaðamenningar og jákvæðs starfsanda sem hefur ef eitthvað styrkst enn frekar í þeim áskorunum sem staðið hefur verið frammi fyrir árinu. Skýrt verklag og ferlar, eftirtektarverður metnaður og vilji starfsfólks til að veita framúrskarandi þjónustu er lykillinn að árangri félagsins á nýliðnu ári. Starfsánægja mældist í ár enn hærri en árið áður og er fylgni við ánægju viðskiptavina engin tilviljun þar sem samhljómur þarf að vera milli þessara mælikvarða eigi árangur að nást. Við höfum haft gæfu til að velja úrvvalsfolk til starfa. Við lítum ekki á það sem sjálfsgagt mál að hópurinn vinni svo vel saman sem raun ber vitni og svo virðist sem áskoranir ársins hafi hvatt okkar fólk til enn frekari dáða á árinu.

Áhrif heimsfaraldurs

Við þær aðstæður sem uppi voru á nýliðnu ári var leitast við að laga starfsemi félagsins að nýjum aðstæðum þannig að sem allra minnst röskun yrði á þjónustu við viðskiptavini. Áhersla var lögð á að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina og óbreyttan rekstur þrátt fyrir tímabundnar lokanir starfsstöðva. Ekki urðu teljandi tjón tengd faraldrinum og er félagið ekki berskjaldað fyrir tjónum sem tengjast rekstrarstöðvun fyrirtækja vegna faraldra.

Um 7% iðgjalda Sjóvár á árinu 2020 komu frá fyrirtækjum í ferðabjónustu líkt og bílaleigum, hópferðabílum, hótelum og flugfélögum, en það hlutfall lækkaði úr 10% frá árinu áður. Þetta er sá hópur fyrirtækja sem hefur orðið fyrir hvað mestum samdrætti í faraldrinum og skýrir lækkuun iðgjalda á fyrirtækjamarkaði á árinu. Mikill metnaður hefur verið lagður í að vinna náið með þessum fyrirtækjum, líkt og öllum viðskiptavinum félagsins, við að leysa úr þeirri stöðu sem komið hefur upp. Samtal um þarfir í tryggingavernd og endurmat á stöðu mála hafa verið mikilvægur þáttur í þessari vinnu og góður grunnur fyrir það þegar atvinnulífið styrkist á ný og þráðurinn verður tekinn upp aftur. Vel var fylgst með þróun innheimtumála og hafa útlánatöp verið minni en reiknað hefði mátt með. Ljóst er að útbreiðsla Covid-19 hefur haft neikvæð áhrif á efnahags- og markaðsaðstæður á Íslandi líkt og á heimsvisu og enn ríkir töluverð óvissa um endanleg áhrif heimsfaraldursins.

Samfélagslega ábyrgur rekstur – í fararbroddi í jafnréttismálum

Það er yfirlýst stefna félagsins að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið og teljum við að samfélagslega ábyrgur rekstur skili séri aukinni arðsemi til framtíðar. Við höfum metnað til að gera vel í þessum efnunum og fengum viðurkenningu fyrir eitt af okkar áherslumálum á liðnu ári þegar við tókum á móti hvatningarverðlaunum jafnréttismála sem árlega eru veitt fyrirtæki

SJÓVÁ

sem hefur stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt í starfsemi sinni. Sjóvá var fyrsta skráða félagið á aðallista Nasdaq til að fá einkunnina 10 á GEMMAQ kynjakvarðanum árið 2019 en mælikvarðinn veitir fjárfestum og almenningi upplýsingar um stöðu kynjajafnréttis í leiðtugastöðum skráðra félaga. Félagið hefur nú einkunnina 9 ásamt þremur efstu skráðu félögum. Sjóvá hefur náð góðum árangri í að jafna kynjahlutföll með skýrri stefnu og skipulögðum ákvörðunum um ráðningar.

Við erum sannfærð um að áhersla á jafnrétti og fjölbreyttur mannauður skili rekstrarlegum ávinningi, stuðli að betri ákvarðanatöku hvort sem það er í stjórn, framkvæmdastjórn eða annars staðar í starfseminni. Jafnrétti stuðlar að bættri fyrirtækjamenningu og starfsánægju og að aukinni verðmætasköpun. Við erum afar þakklát fyrir þessa viðurkenningu og lítum á hana sem hvatningu til að vinna áfram af krafti að þessum mikilvæga málauflokki.

Sjóvá vinnur að því að auka sampættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum snúast um að tryggja heilsu og velliðan með því að fækka alvarlega slösuðum og dauðsföllum m.a. vegna umferðarslysa. Leitast er við að uppfylla markmið um ábyrga neyslu og framleiðslu, draga úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, auka endurvinnslu og endurnýtingu. Stærstu forvarnaverkefni Sjóvár á árinu 2020 snuru að áhættuskoðunum og ráðgjöf til viðskiptavina á fyrirtækjamarcaði um brunavarnir og öryggi húsnaðis en aukning stærri brunatjóna er áhyggjuefnin og forgangsmál að tryggja öryggi á þessu sviði. Félagið tók svo þátt í árveknisátaki Slysavarnafélagsins Landsbjargar um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja.

Sjóvá hefur um árabil verið aðalbakhjalr Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem sinnir mikilvægu hlutverki í samféluginu. Við erum þakklát sjálfbóðaliðum innan þeirra raða sem bregðast við neyd árið um kring og erum stolt af því að tryggja þessa starfsemi og það fólk sem henni sinnir. Í ljósi góðrar rekstrarafkomu á árinu 2020 og áherslna um að styrkja innviði neyðarviðbragða var bætt enn frekar í samfélagslega styrki og fengu neyðarvarnir Rauða krossins m.a. styrk frá féluginu undir lok síðasta árs til þess að þjálfa viðbragðshópa og kaupa neyðarbúnað.

Nýliðið ár var afar sérstakt og aðstæður ólíkar því sem við höfum átt að venjast. Daglegu lífi voru settar áður óþekktar skorður og viðbrögð við heimsfaraldri Covid-19 settu mark sitt á samfélagið allt. Áhrifa faraldursins á atvinnulíf, starfshætti og á líðan einstaklinga gætir enn og mun þeirra líklega gæta næstu misseri hið minnsta.

Okkur er nú efst í huga þakklæti til starfsfólks Sjóvár fyrir frábært starf við krefjandi aðstæður og til viðskiptavina fyrir afar farsælt samstarf og tryggð þeirra við félagið á nýliðnu ári.

Ánægðari viðskiptavinir 4 ár í röð

Sjóvá var efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni árið 2020, fjórða árið í röð. Niðurstöðurnar voru tilkynntar í janúar 2021 og vorum við með marktækt ánægðari viðskiptavini en önnur tryggingafélög á markaðinum, með hæstu einkunn sem tryggingafélag hefur fengið frá því að mælingar Ánægjuvogarinnar hófust árið 2002.

Við erum að vonum afar ánægð með þessar niðurstöður enda liggur mikil vinna að baki þessum árangri. Allt frá árinu 2015 hefur verið unnið með markvissum hætti að því að auka ánægju viðskiptavina með breyttum áherslum í þjónustu, auknu frumkvæði í samskiptum og einföldun skilaboða. Að sama skapi hefur verið unnið ötullega að því að auka og styðja við ánægju starfsfólks enda er það trú okkar að þetta tvennt haldist þétt saman í hendur. Í mælingum Gallup á starfsánægju á árinu 2020 mældist starfsánægja hjá okkur hærri en nokkru sinni og er hún með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum, samkvæmt gagnagrunni Gallup.

Þessar niðurstöður eru ekki hvað síst ánægjuefni í ljósi þeirra áskorana sem fylgdu heimsfaraldrinum. Það var vissulega ekki einfalt mál að þurfa með örskömmum fyrirvara að útfæra starfsemina þannig að allir gætu starfað frá sinni heimaskrifstofu og veitt sömu framúrskarandi þjónustuna, en með góðri samvinnu og einbeittum vilja tókst það, og eiga bæði viðskiptavinir okkar og starfsfólk mikið hrós skilið fyrir mikla aðlögunarhæfni á þessum óvenjulegu tínum.

Sem fyrr lítum við hjá Sjóvá á árangurinn í Ánægjuvoginni sem hvatningu til enn betri verka og við ætlum okkur að veita enn betri þjónustu við viðskiptavini okkar á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði á árinu 2021, með alla reynsluna sem við höfum í farteskinu frá árinu 2020.

Viðskiptavinir greiddu ekki fyrir bílatryggingar heimilisins í maí

Árið 2020 var fordæmalaust í mörgu tilliti. Þegar fyrstu samkomutakmarkanir ársins höfðu verið í gildi í nokkurn tíma sýndu mælingar Vegagerðarinnar að umferð hafði dregist verulega saman. Við tókum ákvörðun um að bregðast hratt við þessum breyttu forsendum, með hag viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Því var ákveðið að fella niður iðgjöld bifreiðatrygginga einstaklinga fyrir maímánuð, vegna áætlaðrar fækkunar slysa og tjóna í umferðinni. Með þessum hætti var hægt að bregðast við þannig að viðskiptavinir nytu þess strax.

Þessi niðurfelling ökutækjatrygginga einstaklinga í maímánuði mæltist afar vel fyrir, bæði meðal viðskiptavina okkar og annarra. Það urðum við strax vör við í gegnum þær þakkir sem okkur bárust þegar við léturn viðskiptavini vita af henni og eins í könnun sem framkvæmd var á viðhorfi til aðgerðarinnar.

Það voru um 43.000 viðskiptavinir sem fengu iðgjöld bifreiðatrygginga sinna fyrir maímánuð felld niður, í formi niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu, eftir því sem við átti og nam upphæð niðurfellingarinnar í heild um 650 milljónum króna.

Neyðarvarnir Rauða krossins styrktar

Náttúruhamfarir settu svip sinn á árið 2020, jarðaskjálftar, veðurofsar og skriðuföll. Sjóvá hefur um langt skeið verið aðalstyrktaraðili Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og þannig stutt við bakið á þeirri mikilvægu starfsemi, sem reyndi mjög á árið 2020 eins og árin á undan. Í ljósi sérstakra aðstæðna var ákveðið að bæta um betur og styrkja einnig neyðarvarnir Rauða kross Íslands um 15 milljónir króna og var styrkurinn afhentur í desember.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins um allt land bregðast við fjölda alvarlegra atburða árlega, s.s. þegar það verða miklar náttúruhamfarir, stór samgönguslys, húsbrunar eða annað, og setja t.d. upp fjöldahjálparstöðvar þar sem veittur er sálrænn stuðningur og skyndihálp. Þörfin fyrir þessar neyðarvarnir hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum. Í sama mánuði og styrkurinn var afhentur reyndi enn á þessa mikilvægu starfsemi, sem og starfsemi Landsbjargar, þegar aurflóð féllu á Seyðisfirði.

Það var okkur mikil ánægja að geta stutt við þetta góða starf á árinu, enda er það í samræmi við hlutverk Sjóvá, áherslur í styrktarmálum og heimsmarkmið 12 um að auka viðbragðsáætlunar og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara, sem er eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem við leggjum sérstaka áherslu á.



Ársreikningur

Lykiltölur úr rekstri

Hér má finna samanburð á lykiltölu um úr rekstri Sjóvár undanfarin ár. Allar tölur eru í milljónum króna.

	2020	2019	2018	2017	2016
Vátryggingastarfsemi					
Iðgiold tímabilsins	20.831	20.633	18.165	16.383	15.399
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldtekjum	-1.015	-932	-947	-845	-911
Eigin iðgjöld	19.817	19.701	17.218	15.539	14.488
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri*	175	441	1.165	1.062	777
Aðrar tekjur	218	204	105	73	149
Heildartekjur af vátryggingarekstri*	20.209	20.345	18.489	16.674	15.415
Tjón tímabilsins*	-14.720	-14.433	-14.085	-12.160	-11.259
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	496	377	998	259	-2
Eigin tjón*	-14.223	-14.056	-13.087	-11.901	-11.261
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-4.018	-3.918	-3.770	-3.614	-3.507
Heildargjöld af vátryggingarekstri*	-18.242	-17.973	-16.858	-15.515	-14.769
Hagnaður af vátryggingarekstri*	1.968	2.370	1.631	1.158	646
	2020	2019	2018	2017	2016
Fjárfestingarstarfsemi					
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi*	5.099	3.200	-346	1.202	2.657
Tæknil. vaxta- og gengisbr. vátryggingask.*	-678	-805	-	-	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-461	-355	-333	-275	-238
Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi*	3.960	2.040	-679	927	2.419
Hagnaður fyrir tekjkatt	5.928	4.410	952	2.085	3.065
Tekjkattur	-608	-557	-300	-339	-375
Heildarhagnaður tímabilsins	5.320	3.853	652	1.746	2.690
Eigið fé	21.364	16.294	13.827	15.206	17.454
Vátryggingaskuld	29.867	27.599	24.738	22.469	20.888
Aðrar skuldir	8.031	7.091	5.630	5.689	4.961
Eigið fé og skuldir samtals	59.261	50.984	44.195	43.365	43.303
	2020	2019	2018	2017	2016
Tjónahlutfall*	70,7%	70,0%	77,5%	74,2%	73,1%
Eigið tjónahlutfall*	71,8%	71,3%	76,0%	76,6%	77,7%
Kostnaðarhlutfall	19,3%	19,0%	20,8%	22,1%	22,8%
Endurtryggingahlutfall	2,0%	2,2%	-0,9%	3,1%	5,0%
Samsett hlutfall*	92,0%	91,2%	97,4%	99,4%	100,9%
Eigin vátryggingaskuld / eigin iðgjöld	144,7%	133,7%	135,3%	139,7%	138,8%
Eigin tjónaskuld / eigin iðgjöld	101,5%	93,6%	94,2%	98,8%	98,5%
Eiginfjárlutfall	36,0%	32,0%	31,3%	35,1%	40,3%
Ávöxtun eigin fjár	28,3%	25,6%	4,5%	10,2%	15,9%
Eiginfjárlunur	21.770	16.783	14.093	15.100	17.166
Gjaldþolskrafa	11.424	10.029	9.014	9.206	9.010
Gjaldþolshlutfall fyrir arð	1,91	1,67	1,56	1,64	1,91
Gjaldþolshlutfall eftir arð	1,67	1,67	1,49	1,48	1,61


*Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME SÍ nr. 1/2020

Rekstur

Iðgjöld ársins og tjón ársins

Iðgjöld ársins námu 20.831 m.kr. samanborið við 20.633 m.kr. árið 2019, sem er 1,0% hækkan frá fyrra ári.

Tjón ársins hækkuðu um 2,0% og voru 14.720 m.kr. en árið 2019 voru þau 14.433 m.kr.*



Iðgjöld ársins Tjón ársins

2020

- Iðgjöld ársins: 20.831 m.kr.
- Tjón ársins: 14.720 m.kr.

2019

- Iðgjöld ársins: 20.633 m.kr.
- Tjón ársins: 14.433 m.kr.

2018

- Iðgjöld ársins: 18.165 m.kr.
- Tjón ársins: 14.085 m.kr.

2017

- Iðgjöld ársins: 16.383 m.kr.
- Tjón ársins: 12.160 m.kr.

2016

- Iðgjöld ársins: 15.399 m.kr.
- Tjón ársins: 11.259 m.kr.

Iðgjöld og tjón

Eigin iðgjöld ársins námu 19.817 m.kr. samanborið við 19.701 m.kr. árið 2019, sem er 0,6% hækkun frá fyrra ári. Eigin tjón ársins hækkuðu á sama tíma um 1,2% og voru 14.223 m.kr. en 14.056 m.kr.* árið 2019. Iðgjöld ársins hækkuðu um 1,0%, úr 20.633 m.kr. í 20.831 m.kr. á meðan að tjón ársins hækkuðu um 2,0%, úr 14.433 m.kr.* í 14.720 m.kr.

Á árinu 2020 felldi Sjóvá í heild sinni niður bifreiðaiðgjöld einstaklinga í maí í kjölfar samdráttar í umferð og fækkunar tjóna. Nam sú niðurfelling 650 m.kr. og kemur til viðbótar þeim 640 m.kr. sem tjónlausir vildarviðskiptavinir okkar fengu greiddar í formi Stofn-endurgreiðslu á árinu, 26. árið í röð.

Tjónahlutfall ársins var 70,7% en það var 70,0%* árið á undan.

*Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME SÍ nr. 1/2020

Fjárfestingar, ávöxtun og markaðsaðstæður

Afkoma af fjárfestingum var góð og langt umfram væntingar á árinu 2020 og skiliðu allir eignaflokkar utan óskráðra hlutabréfa jákvæðri ávöxtun. Árið fór vel af stað á eignamörkuðum en í lok febrúar þegar fréttir fóru að berast af útbreiðslu Covid tók að halla undan fæti og felldi félagið þá afkomuspá sína úr gildi vegna óvissu gæti haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Það spilaðist þó úr þeirri áhættu með öðrum hætti en þá var vænst. Fjárfestingatekjur voru 5.274 m.kr. á árinu en voru 3.640 m.kr. árið áður sem þó var óvenju gott. Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu félagsins var 13,2% á árinu.

Aðalfundur félagsins frestaði arðgreiðslu vegna ársins 2019 vegna tilmæla Seðlabankans um að varúðar yrði gætt í ljósi óvissu um heimsfaraldurinn og í nóvember var samþykkt á hluthafafundi að falla frá henni. Góð rekstrarafkoma og þar sem fallið var frá arðgreiðslu vegna ársins 2019 hefur eignasafn félagsins vaxið mikið og námu eignir í stýringu 43,8 ma.kr. í lok ársins 2020.

Seðlabanki Íslands brást við aukinni óvissu í efnahagsmálum með lækkun stýrivaxta úr 3% í upphafi árs í 0,75% í lok þess og hafa stýrivextir aldrei verið lægri. Lágir vextir leiddu til hækunar á virði skuldabréfa og studdi við allt eignaverð í landinu, ávöxtun ríkisskuldbréfa var 6% á árinu og ávöxtun annarra skuldabréfa 7,6%. Eftir að fyrsta bylgja Covid gekk yfir tók verð hlutabréfa við sér en eftir vel heppnað hlutafjárútboð Icelandair tók verð hlutabréfa að hækka og hækkaði linnulítið til loka árs. Reyndist ávöxtun af safni skráðra hlutabréfa félagsins 34,5% á árinu sem er langt umfram öll söguleg meðaltöl og væntingar, sér í lagi í ljósi víðtækra lokana hagkerfisins vegna Covid.

Landsframleiðslan dróst saman um 8,6% á síðasta ári, einkum vegna þess að útflutningur vöru og þjónustu minnkaði um 30%. Stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar, ferðaþjónustan, lagðist að miklu leyti í dvala vegna þess að landið var að mestu lokað vegna sóttvarna. Aðrar útflutningsgreinar urðu sömuleiðis fyrir búsfjum vegna sóttvarna í viðskiptalöndum okkar. Gengi krónunnar lækkaði um 10,7% á árinu vegna verri viðskiptakjara, sem verður að teljast mjög hófstillt í ljósi útflutningssamdráttar. Það skýrist af miklu minni skuldsetningu hagkerfisins í erlendum myntum en áður og að Seðlabanki Íslands ræður nú yfir stórum gjaldeyrisforða sem eykur trúverðugleika íslensku krónunnar. Verðbólga reyndist 3,5% á árinu sem er yfir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans og skýrist það að miklu leyti af veikingu krónunnar.

Samskipti og samfélag

Sala og þjónusta

Þjónusta við óvenjulegar aðstæður

Þjónusta við viðskiptavini okkar er alltaf í fyrsta sæti og drifkraftur allra ákvarðana. Við leggjum mikinn metnað í að viðskiptavinir geti fengið framúrskarandi þjónustu um allt land og erum með 22 útibú og þjónustuskrifstofur víðs vegar um landið, að höfuðstöðvum í Reykjavík meðtöldum. Útibún eru staðsett á Akranesi, í Borgarnesi, á Ísafirði, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Selfossi, í Keflavík og Vestmannaeyjum.

Við leggjum allt kapp á að þjónusta okkar sé öllum aðgengileg, á forsendum hvers og eins og vinnum stöðugt að því að þróa rafrænar samskiptaleiðir með þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Viðskiptavinir okkar nýta sér í auknum mæli þær leiðir hvort sem þeir eru að kaupa tryggingar, fá ráðgjöf, tilkynna tjón eða annað. Á vef okkar, sjova.is, er lögð áhersla á að viðskiptavinir okkar geti nálgast allar upplýsingar á einfaldan og aðgengilegan hátt. Það er ánægjulegt að sjá hversu margir nýta sér þessar rafrænu leiðir og hefur til að mynda fyrirspurnum sem berast okkur í gegnum netspjall fjölgað stöðugt frá því að það var tekið í notkun.

Árið 2020 var óvenjulegt í mörgum skilningi. Um tíma þurfti að loka fyrir komur viðskiptavina okkar í útibú og á þjónustustaði félagsins vegna sóttvarnaraðgerða í samféluginu og færðist þá þjónustan nær alfarið yfir í síma og rafrænar samskiptaleiðir. Styrkleikar félagsins komu bersýnilega í ljós við krefjandi aðstæður á árinu og hefur starfsfólk okkar sýnt mikla seiglu og aðlagast hratt nýju vinnuumhverfi án þess að það bitni á þjónustuupplifun. Mannauðurinn leggur grunninn að aukinni ánægju viðskiptavina okkar, sem samkvæmt nýlegum mælingum hefur aldrei mælst meiri, og lagði starfsólk okkar sig sérstaklega fram á árinu við að eiga frumkvæði að samskiptum við viðskiptavini. Viðskiptavinir okkar eiga jafnframt hrós skilið fyrir að aðlaga sig fljótt og vel að breyttum aðstæðum.

Sterk ímynd og staða félagsins á markaði var staðfest í janúar þegar niðurstöður ánægjuvogarinnar voru opinberaðar og í ljós kom að Sjóvá átti ánægðustu viðskiptavini á vátryggingamarkaði á árinu 2020, fjórða árið í röð. Fékk félagið jafnframt hæstu einkunn sem tryggingafélag hefur fengið í mælingum á ánægju og setur þannig ný viðmið í þjónustu við viðskiptavini á vátryggingamarkaði.

Ekki greitt fyrir bílatryggingar heimilisins í maí

Þegar heimsfaraldurinn skall á minnkaði öll umferð samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar. Ljóst var að það stefndi í lægri tjónatíðni í umferðinni vegna þessa. Því var tekin ákvörðun um að bregðast við þessum breytu forsendum með því að fella niður iðgjöld ökutækjatrygginga einstaklinga fyrir maímánuð. Með þessum hætti vildum við bregðast strax við, þannig að viðskiptavinir okkar fyndu fyrir því.

Þetta verkefni var sannarlega áskorun því það þurfti að breyta miklu í formföustum ferlum í kerfum til að hægt væri að framkvæma þessa aðgerð. Þá var það einnig stór áskorun að allir sem að verkefninu komu voru nýbyrjaðir að vinna hver á sinni heimaskrifstofu. Allir voru hins vegar staðráðnir í að láta þetta ganga hratt og vel fyrir sig og varð það enda raunin. Allar tímasetningar stóðust og í lok apríl voru viðskiptavinir látnir vita að þeir myndu ekki greiða fyrir ökutækjatryggingar heimilisins í maímánuði, hvorki kaskó né lögbundna ábyrgðartryggingu. Í framhaldinu var aðgerðin kynnt betur, bæði með auglýsingum og í gegnum umfjallanir í fjölmíðlum, sem vakti mikla athygli.

SJÓVÁ

Þessi niðurfelling ökutækjatrygginga mæltist afar vel fyrir, bæði meðal viðskiptavina okkar og annarra. Það urðum við strax vör við í gegnum þær þakkir sem okkur bárust og eins í könnun sem gerð var í framhaldinu. Aðgerðin náði til um 43 þúsund viðskiptavina og var í heild um að ræða um 650 milljónir króna lækkun. Sé hún lögð saman við Stofnendurgreiðslur til tjónlausra viðskiptavina var samtals um 1,3 milljarður sem endurgreiddur var viðskiptavinum á árinu. Allt er þetta í anda framúrskarandi þjónustu sem við leggjum metnað okkar í að veita og í góðu samræmi við markmið okkar og áherslur.

Góð afkoma í skugga heimsfaraldurs

Markvissar aðgerðir síðustu ára til þess að bæta vátryggingarekstur félagsins hélt áfram að skila árangri og gekk rekstur félagsins afar vel á árinu. Iðgjaldavöxtur nam 1,0% á árinu í heild og er hann einkum drifinn áfram af góðum vexti á einstaklingsmarkaði sem hefur vegið upp á móti samdrætti hjá fyrirtækjum innan ferðaþjónustunnar. Eðli málsins samkvæmt gætti áhrifanna helst hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu en um 7% iðgjalda okkar á árinu 2020 voru frá fyrirtækjum í ferðaþjónustugeiranum líkt og bílaleigum, hópferðabílum, hótelum og flugfélögum og endurspeglar undirliggjandi áhættu af ferðaþjónustu.

Strax þegar áhrifanna fór að gæta hófumst við handa við að vinna markvisst með þeim ferðaþjónustuaðilum sem ástandið kom verst við, til dæmis með því að fella niður tryggingar sem ekki var lengur þörf fyrir og voru mörg ökutæki tekin af númerum og þau látin standa en um leið urðu þau síður fyrir eða ollu tjóni. Á sama tíma og iðgjöldin drögust saman í þessum geira þá minnkaði tjónskostnaðurinn einnig. Mikill metnaður var lagður í að vinna náið með þessum fyrirtækjum, líkt og öllum viðskiptavinum félagsins, við að leysa úr þeirri stöðu sem upp var komin og ljóst er að verður viðvarandi um nokkurt skeið.

Á einstaklingsmarkaði gekk einstaklega vel og það er ljóst að sú framúrskarandi þjónusta sem við leggjum okkur fram um að veita og frumkvæði starfsfólks skilaði sér. Rekstrarniðurstaða félagsins verður að teljast afar sterk í ljósi sviptinga í efnahagslífinu á liðnu ári og jafnframt þar sem Sjóvá felldi í heild sinni niður bifreiðaiðgjöld einstaklinga í maí í kjölfar samdráttar í umferð og fækkunar tjóna. Nam sú niðurfelling 650 m.kr. og kemur til viðbótar þeim 640 m.kr. sem tjónlausir vildarviðskiptavinir okkar fengu greiddar í formi Stofn-endurgreiðslu á árinu, 26. árið í röð.

Sjóvá leggur mikinn metnað í að sinna rekstri sínumm með ábyrgum hætti og var það einnig gleðilegt þegar Hermann Björnsson forstjóri og Sjóvá hlutu Viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins og Frjálsrar verslunar í lok árs 2020. Í umfjöllun Viðskiptablaðsins um verðlaunin kom fram að Sjóvá hafi vakið athygli fyrir góðan rekstur samhlíða því sem félagið sé með ánægðustu viðskiptavini íslenskra tryggingafélaga. Þá var tekið fram að Sjóvá hafi enn fremur verið í fararbrotti í jafnréttismálum og hlotið margar viðurkenningar fyrir árangur sinn í þeim málum.

Rafrænar lausnir í stöðugri þróun

Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að því að efla rafrænt aðgengi fyrir viðskiptavini. Einnig hefur verið lögð mikil vinna í að einfalda ýmis ferli með innleiðingu vinnuþjarka (e. robotics). Allar breytingar eru unnar í mikilli samvinnu við viðskiptavini til að mæta þörfum þeirra og kröfum. Lögð er áhersla á einfaldleika og sveigjanleika þannig að viðskiptavinir sem það kjósa geta átt öll sín samskipti við Sjóvá með rafrænum hætti. Við leggjum að sama skapi áherslu á að viðskiptavinir geti nálgast upplýsingar um tryggingar og annað því tengt með einföldum og aðgengilegum hætti á heimasíðu félagsins, sjova.is, og á Mínum síðum. Sem dæmi um rafræna þjónustu þá geta viðskiptavinir nú keypt líf- og sjúkdómatryggingu á netinu og fengið tryggingaráðgjöf, byggt á spurningum sem þeir svara.

SJÓVÁ

Mikil framþróun varð í öllum rafrænum lausnum á árinu 2020, meðal annars vegna heimsfaraldursins sem gerði það að verkum að um tíma var ekki hægt að taka á móti viðskiptavinum á þjónustuskrifstofum. Þessar aðstæður leiddu til þess að mun fleiri áttu í samskiptum við okkur í gegnum rafrænar lausnir, sóttu um tryggingar eða tilkynntu tjón á netinu, ræddu sín mál í netspjalli eða í gegnum Teams fundarbúnaðinn.

Á seinni hluta ársins var tekinn í notkun búnaður sem gerir starfsfólk kleift að skoða og meta tjón í gegnum myndavél í síma viðskiptamanns án þess að matsmaður þurfi að fara á vettvang. Það er von okkar að þessi þróun eigi eftir að flýta afgreiðslu tjóna og einfalda hana verulega í mörgum tilvikum, viðskiptavinum til heilla. Það hefur enda sýnt sig að þeir hafa tekið þessari nýju samskiptaleið afar vel og dæmi um að hægt hafi verið að bregðast við sumum tjónum mun hraðar en ella, þegar vegalengdir skipta ekki lengur máli.

Hluti af vegferð Sjóvár er að starfsmenn eigi möguleika á að vinna hvar og hvenær sem er. Vegna heimsfaraldurs þurfti að hraða þessari vegferð með því að klára fartölvuvæðingu starfsmanna, samhliða því voru skýjalausnir Microsoft virkjaðar til að styðja við fjarfund, samvinnu, samskipti og öryggi í breyttu starfsumhverfi. Þessar aðgerðir gerðu það að verkum að fyrirtækið gat starfað og sinnt þjónustu og hlutverki sínu þrátt fyrir gjörbreyttar aðstæður.

Tjónaþjónusta

Aukin áhersla á rafrænar lausnir

Nýjar áskoranir á tímum heimsfaraldurs leiddu sem fyrr segir af sér hraðari þróun tjónaferla í rafræna átt. Tímabundin lokun útibúa og að allir starfsmenn unnu heiman frá sér varð til þess framþróun var mun hraðari en undanfarin ár. Með samstilltu átaki starfsmanna, samstarfsaðila og viðskiptavina tókst vel til og samkvæmt könnunum upplifðu viðskiptavinir enn betri tjónaþjónustu á þessum krefjandi tímum.

Fjölbreyttur hópur sérfræðinga kemur að tjónavinnslunni og eftir sem áður er starfrækt 24 tíma vakt til að bregðast strax við þegar mikil liggur við. Viðskiptavinir hafa lýst mikilli ánægu með þjónustuna sem við veitum á öllum tímum sólarhringsins. Fyrstu viðbrögð geta haft afgerandi áhrif á umfang endanlegs tjóns og breytt miklu um hagsmuni allra hlutaðeigandi.

Aukin sjálfvirkni í tjónaafgreiðslu, einföldun og stytting verkferla með aðstoð tækni og vinnubjarka (e. robotics) hjálpar okkur að veita enn betri þjónustu til viðskiptavina. Þeir kunna enda vel að meta að geta afgreitt sig sjálfir að miklu leyti og velja þannig í auknum mæli að tilkynna tjón á vefnum þegar þeim hentar, enda ferlið einfalt og þægilegt. Á árinu kom 32% tjónstilkynninga í gegnum heimasíðu okkar.

Stöðugt er leitað leiða til að bæta þjónustu við viðskiptavini sem lent hafa í tjóni enda skilar betri þjónusta ánægðari viðskiptavinum. Það er eins með tjónaþjónustu og aðra þjónustu, að oft fást bestu hugmyndirnar að breytingum í gegnum ábendingar frá viðskiptavinum. Markvist er unnið úr ábendingum sem berast til að bæta upplifun viðskiptavina og mæta síbreytilegum þörfum.

Samvinna skilar betri þjónustuupplifun

Við hjá Sjóvá leggjum mikið upp úr traustu og góðu sambandi við verktaka og verkstæði sem þjónusta viðskiptavini. Færri tækifæri gáfust til að heimsækja þessa aðila á árinu og því voru notaðar rafrænar leiðir, þar á meðal með rafrænu dreifibréfi til bifreiðaverkstæða. Frábært samstarf hefur verið við verkstæði og aðra þjónustuaðila um að efla gæði þjónustunnar við tjónþola. Þar hefur aukið gegnsæi og gagnkvæmt traust reynst lykilþáttur í því hversu vel hefur til tekist.

Innsýn Sjóvá

Við hjá Sjóvá leggjum mikið upp úr traustu og góðu sambandi við verktaka og verkstæði sem þjónusta viðskiptavini. Færri tækifæri gáfust til að heimsækja þessa aðila á árinu og því voru notaðar rafrænar leiðir, þar á meðal með rafrænu dreifibréfi til bifreiðaverkstæða. Frábært samstarf hefur verið við verkstæði og aðra þjónustuaðila um að efla gæði þjónustunnar við tjónþola. Þar hefur aukið gegnsæi og gagnkvæmt traust reynst lykilþáttur í því hversu vel hefur til tekist.

Á haustmánuðum var líkt og áður segir tekin til prófunar ný tæknilausn sem gerir matsmönnum okkar kleift að skoða tjón á vettvangi í gegnum snjalltæki viðskiptavina. Tilraunin gaf góða raun og er innleiðing á tæknilausninni, sem hefur fengið heitið Sjóvá Innsýn, þegar hafin. Innsýn mun fækka akstursferðum matsmanna bæði innan höfuðborgarinnar sem og lengri ferðum matsmanna á landsbyggðinni. Tæknin er því bæði tímasparandi og umhverfisvæn. Lausnin gerir viðskiptavinum okkar, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, mun auðveldara fyrir að koma réttum upplýsingum um aðstæður á vettvangi tjóns, samstundis til matsmanna.

Forvarnir og samfélagsmál

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helnings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.

Nýjar áskoranir í forvörnum

Við hjá Sjóvá höfum um árabil lagt ríka áherslu á að vinna með viðskiptavinum að forvörnum, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Náið samstarf hefur þannig verið við fyrirtæki í viðskiptum í forvarnarmálum. Árið 2020 var þar engin undantekning þó að óhefðbundnar aðstæður hefðu bæði áhrif á eðli forvarnanna sem unnið var að og leiðirnar sem nýttar voru til að miðla þeim.

Á árinu 2020 var haldin fjölsótt ráðstefnu um brunavarnir fyrirtækja ásamt því að haldinn var rafrænn morgunfundur um sama málefni í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Á morgunfundinum var sérstök áhersla á þeim hættum sem fylgja heimavinnu og þegar vinnusvæðum er hóflaskipt. Stöðugt er unnið að því að greina áhættur ólíkra fyrirtækja, taka út tölfraði um óhöpp og slys og fara yfir með viðskiptavinum okkar hvernig má koma í veg fyrir þau en hugarfarsbreyting hefur átt sér stað hjá fyrirtækjum þegar kemur að forvörnum og þann vilja sem starfsfólk þeirra sýnir til að gera stöðugt betur í þessum efnum.

SJÓVÁ

Á einstaklingsmarkaði hefur einnig verið unnið að fjölbreyttum forvarnarverkefnum til að stuðla að auknu öryggi og minnka líkur á tjónum. Í fjölmörg ár höfum við átt farsælt samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu en Sjóvá hefur verið aðalstyrktaraðili samtakanna um áratuga skeið. Á árinu 2020 var unnið að verkefninu „Ferðumst örugglega í allt sumar“ í samstarfi við Landsbjörgu og Samgöngustofu, þar sem áhersla var lögð á þau atriði sem hafa þarf í huga þegar ferðast er innanlands. Sjóvá stóð einnig fyrir átaki með sömu samstarfsaðilum fyrir endurskinsmerkjanotkun, sem fólst í því að Landsbjörg, Sjóvá og Samgöngustofa gáfu 70.000 endurskinsmerki um land allt.

Samfélagsleg verkefni sem tengjast hlutverki okkar

Sjóvá veitir árlega styrki til aðila sem vinna að ýmsum góðum málefnum í þágu samfélagsins og er lögð áhersla á að þeir fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu Sjóvá. Sjóvá mun því styðja við og styrkja verkefni sem hafa fyrst og fremst forvarnargildi en auk þess styrkir félagið ýmis góðgerðarmál, íþróttu- og menningarstarf.

Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, er aðili að Ólympíufjölskyldu Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands, styður starf Íþróttasambands fatlaðra, Miðstöð slysavarna barna ásamt því að styðja við hvers kyns barna og unglingsstarf íþróttafélaga um land allt. Sjóvá hefur styrkt Kvennahlaup ÍSÍ frá upphafi þess en það var hlaupið fyrst árið 1990.

Sérstakir tímar kalla á víðtækari aðgerðir

Áskoranir samfélagsins voru margvislegar á árinu 2020, eins og alþekkt er. Undir þessum kringumstæðum hafa stór fyrirtæki líkt og Sjóvá skyldum að gegna og lögðum við ríka áherslu á að sinna því hlutverki okkar. Á árinu 2020 styrktum við neyðarvarnir Rauða krossins um 15 milljónir króna en framlag Sjóvár verður nýtt til að þjálfa viðbragðshópa félagsins í sálrænum stuðningi og til kaupa á neyðarbúnaði, sem gerir sjálfboðaliðum félagsins um allt land kleift að aðstoða fólk án tafar í kjölfar alvarlegra atburða. Rauði krossinn býr yfir þéttu neti sjálfboðaliða víðs vegar um landið sem bregst við fjölda alvarlegra atburða, svo sem náttúruhamförum, samgönguslysum, húsbrunum og vinnuslysum. Sjálfboðaliðar og starfsfólk búa yfir mismunandi sérþekkingu, m.a. í stjórnun aðgerða, uppsetningu fjöldahjálparstöðva og í að veita sálrænan stuðning og skyndihjálp þegar mikið liggur við. Sjóvá er stoltur samstarfsaðili Rauða krossins þar sem sú aðstoð sem Rauði krossinn veitir á vettvangi skiptir gríðarlegu máli og málefnið rímar afar vel við hlutverk Sjóvár og áherslur félagsins í styrktarmálum.

Við styrktum einnig Miðstöð slysavarna barna á árinu 2020 líkt og undanfarin ár en miðstöðin gegnir afar mikilvægu hlutverki í slysaforvörnum barna á Íslandi. Á meðal annarrar starfsemi sem styrkt var má nefna Ljósið, Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur, ABC hjálparstarf, Umhyggju – samtök langveikra barna, Einstök börn, Hjálparstarf kirkjunnar, Blindrafélagið, Geðverndarfélag Íslands og fleira.

Mannauður

Ánægt starfsfólk skilar ánægðum viðskiptavinum

Í árslok 2020 störfuðu 191 starfsmenn hjá Sjóvá í 186 stöðugildum, vítt og breitt um landið. Eins og fyrr segir var Sjóvá efst tryggingafélaganna í Íslensku Ánægjuvoginni 2020, fjórða árið í röð. Ein af grundvallarforsendum góðrar þjónustu er ánægt starfsfólk. Í árlegri könnun Gallups, sem framkvæmd var fyrir árið 2020, mældist starfsánægja starfsfólks hærri en nokkru sinni fyrr og með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum samkvæmt gagnagrunni Gallup. Sjóvá var einnig eitt af fimm

SJÓVÁ

fyrirtækjum landsins sem fékk titilinn Fyrirtæki ársins 2020, í flokki stórra fyrirtækja og er það í þriðja skipti sem við hljótum þá nafnbót. Það eru félagsmenn VR og þúsundir annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði sem velja fyrirtækin í einni viðamestu vinnumarkaðskönnun sem er framkvæmd hér á landi árlega en VR hefur staðið fyrir könnuninni í rúm tuttugu ár.

Markviss vinna í jafnréttismálum

Hjá Sjóvá er unnið markvisst að jafnrétti og jöfnum tækifærum og hefur það verið gert um langa hríð. Á hverju ári eru skilgreindar aðgerðir byggðar á jafnréttisstefnu, með það að markmiði að stuðla að jafni stöðu karla og kvenna. Þessar aðgerðir ná jafnt til launaákvvarðana, ráðninga, stöðuveitinga og annarra tækifæra. Samkeppnishæf laun eru greidd og með reglulegu eftirliti með launaþróun er þess gætt að sömu laun séu greidd fyrir sambærilega vinnu, menntun og reynslu. Árangurinn af þessum aðgerðum er mældur reglulega bæði innanhúss og af utanaðkomandi sérfræðingum.

Sjóvá hefur verið með jafnlaunavottun síðan 2014 en jafnlaunavottunin staðfestir jafnlaunakerfi okkar, verklag við launaákvvarðanir og eftirlit með kynbundnum launamun og tryggir að starfsfólki sé ekki mismunað í launum né öðrum kjörum eftir kyni. Óútskýrður launamunur kynjanna hefur ávallt mælst lægri en 2%. Á árinu 2020 mældist óútskýrður launamunur kynjanna 1,9%, körlum í óhag. Árið 2020 var jafnlaunavottunin endurnýjuð og þar með staðfest að jafnlaunakerfi Sjóvár standist allar kröfur samkvæmt staðli ÍST85:2012 um jafnlaunavottun.

Í lok árs 2020 var 48% starfsmannahópsins konur og 52% karlar og voru 40% stjórnarmanna konur og 60% karlar. Þá er jafnt hlutfall kvenna og karla í framkvæmdastjórn félagsins og í hópi stjórnenda eru 48% konur og 52% karlar. Í stjórn dótturfélagsins Sjóvár lífs eru tvær konur og einn karl.

Á árinu 2020 hlaut Sjóvá einkunnina 9 á kynjakvarðanum GEMMAQ en á árinu 2019 varð Sjóvá fyrsta íslenska skráða félagið til þess að ná hæstu einkunn allra fyrirtækja á kynjakvarðanum. GEMMAQ kynjakvarðinn er hannaður fyrir íslenskan hlutabréfamarkað en í dag metur kvarðinn mánaðarlega fyrirtæki á alþjóðamörkuðum eftir kynjahlutföllum í stjórnum og framkvæmdastjórnum. Einkunnir eru gefnar á skalanum 0-10, þar sem 10 er hæsta mögulega einkunnin, miðað við hlutfall kvenna í stjórn og framkvæmdastjórn félagsins, og mælir kynjakvarðinn þar með áhrif kvenna á kauphallarmörkuðum. Mælikvarðinn veitir fjárfestum og almenningi upplýsingar um stöðu kynjajafnréttis í leiðtogaðöðum skráðra félaga á Íslandi og gefur fjárfestum, fyrirtækjum og öðrum markaðsaðilum, kost á að meta og bera saman fyrirtæki út frá kynjahlutföllum.

Sjóvá er stoltur styrktaraðili Jafnvægisvogarinnar sem er hreyfiaflsverkefni FKA, félags kvenna í atvinnulífinu, og forsætisráðuneytisins. Tilgangur verkefnisins er meðal annars að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi og að virkja íslenskt viðskiptalífi til að vera fyrirmund jafnréttis fyrir aðrar þjóðir. Sjóvá var einnig aðalstyrktaraðili ráðstefnunnar UAK dagurinn sem félagið Ungar athafnakonur (UAK) stóðu fyrir í mars en meginmarkmið UAK er að stuðla að jafnrétti, hugarfarsbreytingu og framþróun kvenna í samfélaginu. Á rafrænni ráðstefnu Jafnvægisvogarinnar 2020 hlaut Sjóvá viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, en hana hljóta þau fyrirtæki sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.

Árangurinn hvatning til annarra

Í nóvember 2020 hlaut Sjóvá [Hvatningarverðlaun jafnréttismála](#) en verðlaunin eru veitt árlega fyrirtækji sem hefur stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt í starfsemi sinni. Verðlaununum er jafnframt ætlað að vekja athygli á fyrirtækjum sem skara fram úr í jafnréttismálum. Í rökstuðningi dómnefndar kom

SJÓVÁ

m.a. fram að Sjóvá hefði verið fyrsta fyrirtækið til að fá einkunnina 10 á kynjakvarða Kauphallarinnar GEMMAQ og að félagið hefði náð góðum árangri í að jafna kynjahlutföll með skýrri stefnu og skipulögðum ákvörðunum við ráðningar. Jafnframt kom fram að stjórnendur félagsins væru sannfærðir um að áhersla á jafnrétti skilaði rekstrarlegum ávinningi og að þeir horfðu á jafnréttismál sem hluta af aðgerðum til að auka arðsemi. Sjóvá sýni einnig mikið frumkvæði með því að bjóða upp á framlengingu fæðingarorlofs til starfsfólks sem nemur sex vikum á 80% launum. Jafnrétti og árangur Sjóvár væri því hvetjandi fyrir önnur fyrirtæki. Það eru Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök Atvinnulífsins, Háskóli Íslands og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð sem standa að verðlaununum.

Öflug vinnuvernd og viðhald þekkingar

Góð vinnuvernd og opin samskipti eru mikilvægir þættir í heilbrigðri fyrirtækjamenningu. Árið 2015 varð Sjóvá eitt fyrsta íslenska fyrirtækið til að framkvæma sálfélagslegt áhættumat í samræmi við lög um hollustuhætti og vinnuvernd. Sálfélagslegt áhættumat tekur á mörgum þáttum í starfsumhverfi starfsfólks meðal annars stjórnun, samskiptum, starfahönnun, starfskröfum og almennri líðan. Matið hefur síðan verið endurtekið árin 2018 og 2020 og hafa niðurstöðurnar verið nýttar til að bæta starfsumhverfi, ferla og fræðslu um þessi mikilvægu málefni.

Sífelldar breytingar eru í rekstrarumhverfi tryggingafélaga með breyttri samfélagsgerð, neyslumynstri og regluverki. Öflun og viðhald þekkingar er því lykilatriði hjá okkur. Metnaðarfull fræðsludagskrá er í gangi árið um kring, ásamt því að starfsmenn sækja sér stöðugt viðbótarþekkingu með reglugum námskeiðum og ráðstefnum. Ánægjuleg þróun hefur orðið í úrvali af námskeiðum, ráðstefnum og viðburðum á netinu bæði innanlands og erlendis á árinu sem hefur nýst starfsfólk vel til endurmenntunar. Sjóvá hefur lengi verið jákvætt gagnvart fjarvinnu starfsfólks og starfsfólk nýtt sér það vegna tímabundinna aðstæðna eða verkefna. Í fyrsta sinn í sögu fyrirtækisins starfaði meirihluti starfsfólks í fjarvinnu einhvern hluta ársins og gekk samstarf og þjónusta við viðskiptavini framar björtstu vonum með rafrænum lausnum og samskiptaleiðum, enda margir sem vilja nýta sér þær í meira mæli en áður.

Breytingar á lögum

Á hverju ári verða einhverjar breytingar á löggjöf landsins sem snerta starfsemi Sjóvá beint eða óbeint á mismikinn hátt. Eins og getið var um í síðustu ársskýrslu tóku ný lög um ökutækjatryggingar gildi í ársbyrjun 2020 sem skilað hafa auknu hagræði í þessum mikilvæga málauflokk, m.a. einföldun fyrningarreglna og samræmingu reglna um lok ökutækjatrygginga og meðferð iðgjaldaskulda, en að öðru leyti voru ekki gerðar breytingar á lögum á árinu 2020 sem hafa teljandi áhrif á starfsemina. Þingmannafrumvarp um breytingu á skaðabótalögum, sem lagt var fram í desember 2019 og einnig var getið um í síðustu ársskýrslu, hefur ekki hlotið afgreiðslu úr þingnefnd.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gaf út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekina skýringarliða í ársreikningum vátryggingafélaga þann 28. febrúar 2020. Sjóvá hefur innleitt þessi tilmæli og er ársreikningur félagsins í samræmi við þau og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt í samræmi við tilmælin.

Stjórnarhættir

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/2017.

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019 eru vátryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Sjóvá samstæðan starfar á vátryggingamarkaði og er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga.

Starfsemi Sjóvár er fjölbreytt og þjónustan yfirgripsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum til um 7.700 fyrirtækja og um 76.500 einstaklinga hér á landi. Í árslok 2020 störfuðu 191 starfsmenn hjá Sjóvá í 186 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður nr. 940/2018. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 21. janúar 2020 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst var við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins útgefnum í maí 2015 við ritun stjórnarháttayfirlýsingarinnar.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþáttu félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþáttu sem krafist er í lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um vátryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 15. desember 2020.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi er í samræmi við þrjár varnarlinur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir kleift að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, árlegt eigið

SJÓVÁ

áhættu- og gjaldþolsmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og auðvelda féluginu að uppgötva og leiðréttu hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir stærstu áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspeglir raunverulega vátryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni sem starfssviðið hefur framkvæmt, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvisar

Á árinu 2020 var áfram unnið að settum markmiðum um stöðu félagsins til framtíðar. Þau byggja á stefnu sem mörkuð var árið 2013 og byggir hún á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísnum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan – þannig sýnum við frumkvæði
- Höfum það einfalt – þannig gerum við okkur skiljanleg
- Segjum það eins og það er – þannig sýnum við heiðarleika
- Verum vingjarnleg – þannig verður allt fyrirtækið eftirsóknarvert

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

„Við hjá Sjóvá teljum mikilvægt að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini, hluthafa og starfsmenn. Sjóvá styður og hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum, vinnur markvisst að jafnrétti og jöfnum tækifærum innan félagsins meðal annars með virkri mannréttindastefnu og jafnlaunavottun. Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum eigin starfsemi með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Leitast er við að tryggja að spilling, glæpsamleg starfsemi og peningaþvætti eigi sér ekki

SJÓVÁ

stað innan félagsins eða í viðskiptum við það. Vegvísar Sjóvár byggja undir áreiðanleika og gagnsæi starfseminnar. Auk þeirra er starfsfólki uppálagt að fylgja útgefnum siðareglum félagsins sem eru grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.“

Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014.

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmánum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helnings fækkan alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Stærstu forvarnaverkefni Sjóvár á árinu 2020 snér að áhættuskoðunum og ráðgjöf til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði og árveknisátaks um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Sjóvá hefur verið aðalbakjhjarl Landsbjargar og vinnur þétt með samtökunum að fjölbreyttum verkefnum á sviði forvara, öryggismála og trygginga. Lögð hefur verið áhersla á að bæta flokkun sorps og auka hlutfall endurvinnslu. Í tjónum og tjónavinnslu hefur verið leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Er það gert með því að nýta notaða hluti sem varahluti eftir föngum og gera við framrúður í stað þess að skipta þeim út ef þess er kostur. Leitast er við að minnka sóun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni, fremur en að þeir fari til förgunar og nýjir keyptir.

Sjóvá hefur um árabil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í féluginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur alltaf mælst milli 0-2%. Til að deila þekkingu sinni og styðja aðra til árangurs á sviði jafnréttismála styrkir Sjóvá Jafnvægisvogina sem er nýtt hreyfiaflsverkefni FKA og forsætisráðuneytisins sem hefur það markmið að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar íslenskra fyrirtækja og styður einnig starfsemi UAK, Ungra athafnakvenna.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkunar auðlinda í rekstrinum og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Fjórðungur bíla í rekstri Sjóvár eru nú raf- og tvinnibílar og markmið verið sett um að hækka hlutfall þeirra. Sjóvá hefur kolefnisjafnað eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna í samstarfi við Kolvið frá árinu 2015. Sjóvá styrkti Neyðarvarnir Rauða kross Íslands á árinu til að bæta aðbúnað við uppsetningu fjöldahálpars töðva en þörf fyrir þær hefur aukist mikið í tengslum við veðurofsa og náttúruhamfarir. Er það í samræmi við heimsmarkmið 12 um að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara.

Sjóvá birtir nánari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq í ársskýrslu félagsins og á sjova.is.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur tilnefningarnefndar, stefna um persónuvernd, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn

Stjórn skal skv. samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum.

Aðalmenn í stjórn Sjóvár eru Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, Hildur Árnadóttir, varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Björgólfur, Guðmundur Örn, Hildur og Ingunn eru óháð féluginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnarmaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti yfir 10% í Sjóvá.

Stjórn Sjóvár fundaði 18 sinnum á árinu 2020 og voru stjórnarfundir fullskipaðir stjórnarmönnum að tveimur frátöldum þar sem einn stjórnarmaður forfallaðist.



Björgólfur Jóhannsson

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvár 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var svo aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarformennsku.



Hildur Árnadóttir

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fæddur 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020.



Guðmundur Örn Gunnarsson

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020.



Ingunn Agnes Kro

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 12. mars 2020.



Ingji Jóhann Guðmundsson

Ingji Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingji Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011.

SJÓVÁ

Varamenn í stjórn

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna sat í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019 - 12. mars 2020.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Hermann Björnsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir viðskiptafræðingur og Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson lögmaður. Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvár lífs átti sjö fundi á árinu 2020.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár og Sjóvár lífs skipa Helga Sigríður Böðvarsdóttir formaður, Friðrik S. Halldórsson og Hildur Árnadóttir sem jafnframt situr í stjórn Sjóvár. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftar ef þurfa þykir. Nefndin átti sjö fundi árið 2020.

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sin framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum og átti nefndin two fundi á árinu.

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir gagnvart féluginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í féluginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem fyrr voru kjörnir á hluthafafundi 26. október 2018 og síðar endurkjörnir á aðalfundi 12. mars 2020. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir formaður, Jón Birgir Guðmundsson og Vilborg Lofts. Nefndin átti 8 fundi á árinu 2020.

Stjórnendur

Skipurit samstæðu

Starfsemi félagsins er skipt upp í þrjú meginþróun, þ.e. fjármál og þróun, sölu og ráðgjöf og tjón. Áhættustýring og gæðamál, persónuvernd, regluvarsла, fjárfestingar, hagdeild, mannauður, stefnumótun og viðskiptaþróun og trygginga- og tölfræðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar þriggja meginþróuna félagsins. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er staðgengill forstjóra og einnig framkvæmdastjóri Sjóvár lífs.

Forstjóri

Hermann Björnsson hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra.



Hermann Björnsson (forstjóri)

Hermann Björnsson, fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011.



Ólafur Njáll Sigurðsson

Ólafur Njáll Sigurðsson, fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri fjármála og þróunar og staðgengill forstjóra. Ólafur Njáll hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2009.



Auður Daníelsdóttir

Auður Daníelsdóttir, fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Hún var framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007-2017 en var áður starfsmannastjóri frá 2002.



Elín Þórunn Eiríksdóttir

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónasviðs. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvár frá 2012 og síðar viðskiptaþróunar og rekstrar og þróunar.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

21. janúar 2021

Stefna Sjóvár um samfélagsábyrgð

„Við hjá Sjóvá teljum mikilvægt að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini, hluthafa og starfsmenn. Sjóvá styður og hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum, vinnur markvisst að jafnrétti og jöfnum tækifærum innan félagsins meðal annars með virkri mannréttindastefnu og jafnlaunavottun. Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum eigin starfsemi með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Leitast er við að tryggja að spilling, glæpsamleg starfsemi og peningaþvætti eigi sér ekki stað innan félagsins eða í viðskiptum við það. Vegvísar Sjóvár byggja undir áreiðanleika og gagnsæi starfseminnar. Auk þeirra er starfsfólki uppálagt að fylgja útgefnum siðareglum félagsins sem eru grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.“

Samþætting við heimsmarkmið

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Forvarnir og minni sóun

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helnings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Stærstu forvarnaverkefni Sjóvár á árinu 2020 snérur að áhættuskoðunum og ráðgjöf til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði og árveknisátaki um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Sjóvá hefur um árabil verið aðalbakharl Landsbjargar og vinnur þétt með samtökunum að fjölbreyttum verkefnum á sviði forvara, öryggismála og trygginga. Í tjónum og tjónavinnslu hefur verið leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Er það gert með því að nýta notaða hluti sem varahluti eftir föngum og gera við framrúður í stað þess að skipta þeim út ef þess er kostur. Leitast er við að minnka sóun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni, fremur en að þeir fari til förgunar og nýir keyptir.

Jafnrétti

Sjóvá hefur um árabil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í féluginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur alltaf mælst milli 0-2%.

SJÓVÁ

Félagið fékk í ársbyrjun Hvatningarverðlaunum jafnréttismála sem árlega eru veitt fyrirtæki sem hefur stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt í starfsemi sinni. Til að deila þekkingu sinni og styðja aðra til árangurs á sviði jafnréttismála styrkir Sjóvá Jafnvægisvogina sem er nýtt hreyfiaflsverkefni FKA og forsætisráðuneytisins sem hefur það markmið að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar íslenskra fyrirtækja og styður einnig starfsemi UAK, Ungra athafnakvenna.

Umhverfisstefna

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkunar auðlinda í rekstrinum og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Fjórðungur bíla í rekstri Sjóvár eru nú raf- og tvinnbílar og markmið verið sett um að hækka hlutfall þeirra. Sjóvá hefur kolefnisjafnað eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna í samstarfi við Kolvið frá árinu 2015. Sjóvá styrkti Neyðarvarnir Rauða kross Íslands á árinu til að bæta aðbúnað við uppsetningu fjöldahjálparstöðva en þörf fyrir þær hefur aukist mikið í tengslum við veðurofsa og náttúruhamfarir. Er það í samræmi við heimsmarkmið 12 um að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara.

Umhverfi

Ef ártal er ekki tekið fram sérstaklega er um upplýsingar fyrir 2020 að ræða.

E1. Losun gróðurhúsalofttegunda

1) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1 (ef við á)	2020	2019	2018	2017	2016
Vegna eigin aksturs	53,5	47	46,2	55,6	66,1
Vegna innanlandsflugs	1,2	5,8	8,4	7,5	3,3
Vegna millilandaflugs	1,4	51,4	38,3	26,8	33,4
CO2 losun alls	56,1	104,2	92,9	89,9	102,8
Félagið kolefnisjafnar allan akstur og flug í gegnum Kolvið og hefur gert frá árinu 2015.					

E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	2020	2019	2018	2017	2016
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð (CO2 á starfsmann)	0,29	0,58	0,52	0,52	0,58

E3. Orkunotkun

E3. Orkunotkun	2020	2019	2018	2017
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar (kwst)	1.967.571	2.154.385	2.467.848	2.240.433
þar af orka vegna notkunar jarðefnaeldsneytis	203.847	182.942	178.351	216.010
þar af raforkunotkun	380.133	446.283	500.420	466.298
þar af orka frá heitu vatni til húshitarunar	1.383.592	1.525.160	1.789.077	1.558.125

E4. Orkukræfni

E4. Orkukræfni	2019	2018	2017
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð (kwst/starf)	11.969	13.943	12.876

E5. Samsetning orku

Á ekki við

E6. Vatnsnotkun

Á ekki við

E7. Umhverfisstarfsemi

	2020	2019
1) Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já	Nei
2) Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn,	Já	Já

E8. Loftslagseftirlit / stjórн

	2020	2019
1) Hefur stjórн þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Nei	Nei

SJÓVÁ

E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur

	2020	2019
1) Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengri áhættu?	Nei	Nei

E10. Mildun loftslagsáhættu

	2020	2019
1) Heildarfjármagn sem álega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	0 kr.	0 kr.

Félagslegir þættir

Ef ártal er ekki tekið fram sérstaklega er um upplýsingar fyrir 2019 að ræða.

S1 Launahlutfall forstjóra

- 1) Hlutfall heildaraunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildaraunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi: 5,4:1 (2019: 5,6:1)
- 2) Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? Nei (2019: Nei)

S2 Launamunur kynja

- 1) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna: 1,2:1 (2019: 1,2:1)

S3 Starfsmannavelta

- 1) Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum: 6,3% (2019: 12,4%)

S4 Kynjajafnrétti

- 1) Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum:

Karlmenn 52% og konur 48% (2019: 50:50)

- 2) Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum:

Í byrjunarstörfum: 41% karlmenn og 59% konur (2019: 41:59)

Í næsta starfsmannalagi fyrir ofan byrjunarstörf: 61% karlmenn og 39% konur (2019: 59:41)

- 3) Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum

Framkvæmdastjórn og forstöðmenn: 52% karlmenn og 48% konur (2019: 52:48)

Framkvæmdastjórn: 50% karlmenn og 50% konur (2019: 50:50)

S5 Hlutfall tímabundinna starfskrafta

- 1) Prósenta starfsmanna í hlustastarfi: 2% (2019: 3,5%)

S6 Aðgerðir gegn mismunun

- 1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?: Já (2019: Já)

S7 Vinnuslysatíðni

- 1) Tíðni slysatengdra atvika 2019, miðað við heildartíma vinnuaflsins í prósentum: 0% (2019: 0%)

SJÓVÁ

S8 Hnattræn heilsa og öryggi

- 1) Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já (2019: Já)

S9 Barna- og nauðungavinna

- 1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Nei (2019: Nei)

S10 Mannréttindi

- 1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Já (2019: Já)

- 2) Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda? Nei (2019: Nei)

Stjórnarhættir

Ef ártal er ekki tekið fram sérstaklega er um upplýsingar fyrir 2019 að ræða.

G1 Kynjahlutfall í stjórn

- 1) Hlutfall kvenna í stjórn: 40%

- 2) Hlutfall kvenna í formennsku nefnda: 100%*

* endurskoðunarnefnd og tilnefningarnefnd

G2 Óhæði stjórnar

- 1) Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? Já

- 2) Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum: 80%

G3 Kaupaukar

- 1) Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? Nei

G4 Kjarasamningar

- 1) Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga: 86%

G5 Siðareglur birgja

- 1) Ber seljendum þínnum eða birgjum að fylgja siðareglum? Nei

G6 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

- 1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? Já

- 2) Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafsls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum? 0%

G7 Persónuvernd

- 1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? Já

- 2) Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? Já

G8 Sjálfbærniskýrsla

- 1) Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærniskýrslu? Já

- 2) Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Nei

SJÓVÁ

G9 Starfsvenjur við upplýsingagjöf

- 1) Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Nei
- 2) Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já
- 3) Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sþ? Nei

G10 Endurskoðun/vottun ytri aðila

- 1) Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila? Nei

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Ársreikningur samstæðunnar árið 2020



Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	10
Efnahagsreikningur	11
Eiginfjárfyrillit	12
Sjóðstremmisyfirlit	13
Skýringar	14
Óendurskoðuð fylgiskjöl	
Viðauki við skýringu 26	44
Ársfjórðungayfirlit	45
Stjórnarháttayfirlýsing	46
Ófjárhagslegar upplýsingar	53
Selected Financial Information	58

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. („félagið“ "samstæðan" eða „Sjóvá“) fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingum. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og Sjóvá Forvarnahússins ehf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2020

Samkvæmt rekstrarrekningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 5.320 millj. kr. (2019: 3.853). Eignir samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi námu 59.261 millj. kr. (2019: 50.984), skuldir 37.898 millj. kr. (2019: 34.690) og eigið fé 21.364 millj. kr. (2019: 16.294). Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 36,0% í árslok (2019: 32,0%), gjaldþolshlutfall nam 1,91 í árslok fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu (2019: 1,67) en 1,67 eftir hana.

Niðurstaða ársins 2020 endurspeglar sterkan rekstur félagsins. Sjóvá felldi niður bifreiðaiðgjöld til einstaklinga í maí og nam fjárhæð þess 650 millj. kr., þrátt fyrir niðurfellinguna jukust eigin iðgjöld um 0,6% en eigin tjón hækkuðu um 1,2%. Samsett hlutfall var 92,0% samanborið við 91,2% árið áður.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2021 verði arður 1,99 kr. á hlut eða um 2.650 millj. kr. greiddur til hluthafa.

Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs, að því gefnu að félagið haldist áfram fjárhagslega sterkt. Samþykkt var á hluthafafundi þann 25. nóvember síðastliðinn að falla frá arðgreiðslu vegna ársins 2019 í ljósi þeirra aðstæðna sem voru uppi í þjóðfélaginu vegna Covid-19. Tilmæli eftirlitsaðila varðandi frestun arðgreiðslu og/eða endurkaupa eigin hluta frá því í apríl 2020 voru þá enn í gildi. Þann 13. janúar sl. voru tilmælin endurskoðuð og þar brýnt fyrir vátryggingafélögum að gæta ýtrstu varfærni við stýringu eiginfjár vegna þeirrar óvissu sem ríkir í efnahagsmálum af völdum faraldursins. Í ljósi þess hefur stjórn tekið ákvörðun um að leggja til að greiddur sé arður sem nemur 50% af hagnaði ársins eða um 2.650 millj.kr. (1,99 kr./hlut). Fjárhagslegur styrkur félagsins er mikill líkt og ársreikningur félagsins sýnir og er gjaldþolshlutfall félagsins 1,67 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu en samkvæmt lögum skal gjaldþolið ekki vera lægra en 1,00. Gjaldþolshlutfallið er nálægt efri mörkum áhættuvilja stjórnar og leitast verður við að færa gjaldþolshlutfall til fyrra horfs þegar óvissa í efnahagslífinu minnkar. Eiginfjárlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu er 33,1% og fjárhagsstaða félagsins áfram traust og félagið eftir sem áður fært um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum og mæta ófyrirséðum áföllum í rekstri.

Meðalfjöldi starfsmanna umreknaður í heilsársstörf var 187 (2019: 184). Karlar eru 52% starfsmanna en konur 48%, sömu hlutföll eiga við um starfsmenn í stjórnendastöðum. Í stjórn félagsins eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gaf út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum vátryggingafélaga þann 28. febrúar 2020. Sjóvá hefur innleitt þessi tilmæli og er samstæðureikningurinn í samræmi við þau og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt í samræmi við tilmælin. Nánari upplýsingar er að finna í skýringu 4.

Samþykktir og hlutafé

Stjórn félagsins er skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara. Aðalfundur félagsins kýs stjórn og skal kjörtímabil hennar vera til næsta aðalfundar.

Stjórn félagsins skipa: Björgólfur Jóhannsson formaður, Hildur Árnadóttir, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro.

Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason.

Stjórnarkjör skal fara fram sem hlutfallskosning milli einstaklinga. Fyrstu fjögur stjórnarsætin skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Skulu varamenn skipa sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Félagið uppfyllir kröfur um kynjahlutfall í stjórn en hana skipa tvær konur og þrír karlar.

Samþykki hluthafafundar þarf til hækunar hlutfjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutfjáreign sína eins og kveðið er á um í lögum á hverjum tíma. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækjun hlutfjár og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra frh.:

Á aðalfundi félagsins 12. mars 2020 var samþykkt heimild til stjórnar til kaupa eigin bréfa með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Stjórn félagsins nýtti ekki heimildina en endurkaup félagsins í byrjun árs, grundvölluð á heimild aðalfundar 2019, voru 12,5 millj. hlutir sem keyptir voru fyrir 250 millj. kr.

Á aðalfundinum var einnig samþykkt að lækka hlutafé félagsins um 53,2 millj. hluti til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkaði þar með úr 1.389 millj. kr. í 1.336 millj. kr. Keypt eigin bréf eftir hlutafjárlækkunina eru 1,8 millj. að nafnverði. Hlutafé í efnahagsreikningi er því 1.334,1 millj. kr. Kaup Sjóvá á eigin bréfum eru í samræmi við eiginfjárstefnu félagsins. Tilgangur endurkaupanna er að lækka útgefið hlutafé. Á aðalfundi félagsins var samþykkt að fresta ákvörðun um greiðslu arðs fyrir rekstrarárið 2019, en stjórn hafði gert tillögu um 1,44 kr. arð á hlut eða um 1.940 millj. kr. Hluthafafundur var haldinn 25. nóvember sl. þar sem samþykkt var að greiða ekki út arð á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019.

Hlutafé félagsins er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Í árslok 2020 voru hluthafar 934 en þeir voru 944 í ársbyrjun og fækkaði því um 10 á árinu. 54,0% hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 33,5% í eigu einstaklinga og fyrirtækja, 10,5% í eigu innlendra verðbréfasjóða, 1,7% í eigu fjármálfyrirtækja og eru 0,1% eigin hlutir. Þiu stærstu hluthafar í árslok og hlutfallsleg eign þeirra er eftirfarandi:

	Virkur eignarhluti
SVN eignafélag ehf.	14,54%
Snæból ehf.	9,89%
Gildi - lífeyrissjóður	9,32%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	9,09%
Lífeyrissjóður verslunarmana	8,92%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	6,33%
Stapi lífeyrissjóður	3,82%
Brú lífeyrissjóður	3,71%
Birta lífeyrissjóður	3,11%
EGG ehf.	3,04%

Covid-19

Áhrif Covid-19 heimsfaraldursins á rekstur, efnahag og sjóðstreymi samstæðunnar á árinu eru óveruleg en eigin iðgjöld samstæðunnar jukust um 0,6% frá fyrra ári en á sama tíma jukust eigin tjón um 1,2%. Hugsanleg áhrif á vátryggingarekstur voru talin geta verið niðurfelling iðgjalda vegna minnkandi umsvifa fyrirtækja, greiðsluerfiðleikar einstaklinga og fyrirtækja og breytingar í tjónahluta rekstursins. Áhrif Covid-19 á ferða- og sjúkratryggingar voru ekki teljandi. Í líftryggingum hefur aukin dánartíðni vegna Covid-19 ekki komið fram og ekki er talin ástæða til að ætla að breyting verði þar á. Vátryggingavernd sjúkdómatrygginga eru ákveðinir fyrirfram skilgreindir sjúkdómar og ekki er talin ástæða til að ætla tengsl þeirra við Covid-19. Tjón í þeim greinum sem veita vernd gegn almennum sjúkdómum með greiðslu dagpeninga eftir ákveðinn biðtíma og greiðslu vegna varanlegrar örorku við ákveðið lágmark hafa ekki aukist í tengslum við Covid-19 og eru auk þess óverulegar að umfangi m.v. heildargreinaflokkana. Á hinn bóginn var talið að búast mætti við lægri tjónakostnaði á árinu í ökutækjatryggingum einstaklinga vegna samdráttar í þjóðfélaginu og hvatningar til landsmanna að takmarka ferðir sínar á vormánuðum. Var því ákveðið að fella niður iðgjöld maí gjalddaga á ökutækjatryggingum einstaklinga en lækkun iðgjalda vegna þeirrar ákvörðunar nam um 650 millj. kr. Var ákvörðunin grundvölluð á þeim mikla samdrætti í umferð sem átt hafði sér stað frá upphafi samkomubanns og afleiðingum þess sem sáust í umtalsvert færri tjónstilkynningum en árið áður.

Aðgerðir stjórnenda miðuðu að því að tryggja rekstrarsamfellu og aðlaga starfsemina að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu, þannig að sem minnst truflun yrði á þjónustu félagsins við viðskiptavini en félagið gegnir mikilvægu hlutverki við að takmarka áhrif áfalla á fjárhagslega afkomu einstaklinga jafnt sem fyrirtækja. Þá hefur áhersla félagsins einnig verið fólgin í að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina. Góð reynsla er komin á það verklag sem þarf að vera til staðar til þess að tryggja áframhaldandi óbreyttan rekstur þó loka hafi þurft starfsstöðvum í talsverðan tíma í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda. Féluginu tókst að auka ánægju viðskiptavina sinna með fjarþjónustu sinni og auka sölu til einstaklinga. Í mælingu ársins 2020 í Íslensku ánægjuvoginni náði félagið hæstu einkunn sem náðst hefur frá upphafi á tryggingamarkaði, 72,6. Ekki urðu heldur teljandi tjón tengd faraldrinum og er félagið ekki berskjálðað fyrir tjónum sem tengjast rekstrarstöðvun fyrirtækja vegna faraldra.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra frh.:

Um 7% iðgjalda Sjóvár á rekstrarárinu 2020 (2019: 10%) voru frá fyrirtækjum í ferðapjónustu líkt og bílaleigum, hópferðabílum, hótelum og flugfélögum og endurspeglar undirliggjandi áhættu af ferðapjónustu. Þetta er sá hópur fyrirtækja sem finnur hvað mest fyrir efnahagssamdrætti tengdum Covid-19 faraldrinum og endurspeglast í samdrætti iðgjalda á fyrirtækjamarkaði. Mikill metnaður var lagður í að vinna náið með þessum fyrirtækjum, líkt og öllum viðskiptavinum félagsins, við að leysa úr þeirri stöðu sem var upp komin og ljóst er að verður viðvarandi um nokkurt skeið. Vel var fylgst með þróun innheimtumála en útlánatöp hafa ekki vaxið sem neinu nemur. Ljóst er að útbreiðsla Covid-19 hefur haft neikvæð áhrif á efnahags- og markaðsaðstæður á Íslandi líkt og á heimsvísu og enn ríkir tölverð óvissa um endanleg áhrif heimsfaraldursins. Afkoma af fjárfestingastarfsemi hefur sveiflast mikil innan ársins og þá sérstaklega af hlutabréfasafni félagsins. Þrátt fyrir þessar sveiflur hefur ekki reynst nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana. Fjárfestingastefna félagsins er óbreytt, lausafárstaða sterkt sem og eiginfárstaða félagsins sem er mjög sterkt. Á aðalfundi félagsins 12. mars var arðgreiðslutilögur frestað og á hluthafafundi 25.nóvember sl. samþykkt að greiða ekki arð til að gæta varúðar og hafa sterka eiginfárstöðu meðan óvissan var sem mest. Aðgangur að lausu fé var einnig aukinn þó ekki hafi þurft að nýta hann. Félagið fylgist vel með þessari þróun og mun gera áfram.

Stjórnarhættir

Stjórn Sjóvár hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ útgefnnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið fylgir leiðbeiningum í meginatriðum en þó hefur félagið ekki uppfyllt kröfur þess efnis að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt að hluta til eða öllu leyti þar sem samsetning hluthafahópsins og stærð og umfang starfsemi félagsins gefur ekki tilefni til þess. Tilnefningarnefnd Sjóvár tók til starfa í október 2018 og er hlutverk hennar að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félagini. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir með ársreikningum og er birt á vef félagsins. Helstu þættir í árangursmati stjórnar eru tíundaðir í stjórnarháttayfirlýsingunni.

Í tengslum við gerð ársreiknings hefur félagið komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðelgandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins.

Annað

Í endurtryggingasamningum eigna-, ökutækja-, hópslysa-, líf- og heilsutrygginga auk hluta ábyrgðartrygginga eru ákvæði um að báðir aðilar geti sagt samningum upp ef veruleg breyting verður á eignarhaldi eða yfirráðum mótaðilans.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingamálum eru birtar í viðauka.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku er það álit okkar að samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2020. Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 29 - 36 í ársreikningnum.

Stjórn og forstjóri Sjóvár hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykka ársreikninginn.

Reykjavík, 11. febrúar 2021

Í stjórn:

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður
Hildur Árnadóttir
Guðmundur Örn Gunnarsson
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Forstjóri:

Hermann Björnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Sjóvá-Almennra trygginga hf. („samstæðan“) fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfírlit, sjóðstremisfírlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2020 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Álitin er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöölunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð féluginu í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð samstæðunni við endurskoðunina.

Við vorum kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 15. mars 2018 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfellt síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
Mat tjónaskuldar Tjónaskuld nam 21.123 milljónum króna í árslok 2020 og er hún 56% skulda samstæðunnar. Tjónaskuld er skuldbinding vegna tilkynnta og orðinna en ótilkynnta tjóna. Vísað er til skýringar 41 um reikningsskilaaðferðir og skýringar 26 um fjárhagsupplýsingar. Mat stjórnenda á áætluðum óuppgerðum tjónum, hvort sem þau hafa verið tilkynnt samstæðunni eða ekki, er lykilþáttur við endurskoðun vegna hárrar eðlislægrar áhættu við mat á væntum framtíðargreiðslum vegna orðinna tjóna. Það getur tekið nokkur ár að gera upp tjón og endanlegur kostnaður getur ráðist af þáttum sem eru óþekktir í árslok 2020 eða er ekki á færi samstæðunnar að stjórna. Mat tjóna sem hafa orðið, en hafa ekki verið tilkynnt til samstæðunnar, eru háð mestri óvissu. Mat tjóna er háð þeim gögnum sem liggja fyrir og þeim forsendum sem byggt er á við matið. Breytist forsendur getur það haft veruleg áhrif á fjárhæð tjónaskuldarinnar. <small>Lykilþáttur</small>	<p>Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á þær forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á tjónaskuld samstæðunnar. Í þeirri vinnu fólst meðal annars:</p> <ul style="list-style-type: none">• Mat og prófanir á völdum eftirlitsþáttum með aðskilnaði starfa við skráningu tjóna, ákvörðun um bótaskyldu og greiðslu tjónabóta, ásamt eftirliti stjórnenda með greiðslu tjónabóta.• Mat á virkni upplýsingakerfis sem notað er við tjónaskráningu og flutningi upplýsinga milli tjónakerfis og fjárhagskerfis.• Úrtaksprófanir á óuppgerðum tilkynntum tjónum í árslok til að staðfesta tilvist og að mat tjóna sé viðeigandi, ásamt því að staðfesta réttmæti greiðslna á tjónum.• Staðfesting með úrtaki á heild og nákvæmni gagna sem notuð eru við útreikning á tjónaskuld.• Aðstoð tryggingastærðfræðinga okkar við sjálfstæðan útreikning á tjónaskuldinni, ásamt mati á aðferðum og forsendum stjórnenda samstæðunnar við mat tjónaskuldarinnar og hvort bókfærð fjárhæð hennar sé <small>Lykilþáttur</small>

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Tilvist og mat á verðbréfum	
<p>Bókfært verð verðbréfa nam 49.088 milljónum króna og er 83% af bókfærðum eignum samstæðunnar í árslok 2020. Vísað er til skýringar 41 um reikningsskilaaðferðir og skýringa 19 og 20 um fjárhagsupplýsingar.</p> <p>Samstæðan á og stjórnar safni verðbréfa til að mæta skuldbindingum vegna ógreiddra tjóna. Samstæðan setur sér fjárfestingastefnu þar sem meðal annars er fjallað um samsetningu verðbréfa og hversu mikla áhættu heimilt er að taka. Verðbréfin eru að jafnaði í vörlu banka. Þar sem verðbréf eru verulegur hluti af eignum samstæðunnar þá er það lykilþáttur í endurskoðun okkar að staðfesta að verðbréfin séu til og í eigu samstæðunnar.</p> <p>Verðbréfin eru færð á gangvirði og er meirihluti þeirra skráður á virkum markaði og hægt að nálgast upplýsingar um markaðsvirði bréfanna. Nokkur óvissa getur verið um matið, sérstaklega á skráðum verðbréfum þegar viðskipti eru strjál og á óskráðum verðbréfum, sem samtals eru metin á 6.060 milljónir króna. Við mat á þessum verðbréfum þurfa stjórnendur að gefa sér forsendur um ýmsa þætti sem hafa áhrif á matið. Þess vegna er mat skráðra verðbréfa þar sem viðskipti eru strjál og óskráðra verðbréfa lykilþáttur í endurskoðun okkar.</p>	<p>Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta eignarhald samstæðunnar á verðbréfum í árslok og leggja mat á forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á verðmæti þeirra. Í þeirri vinnu fólst meðal annars að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Staðfesta tilvist og eignarhald verðbréfa í árslok með utanaðkomandi staðfestingum.• Staðfesta gengi á meirihluta skráðra verðbréfa með aðstoð gagnaveitna og upplýsingum frá sjóðstjórum óskráðra verðbréfasjóða.• Meta aðferðir og útreikninga stjórnenda samstæðunnar á verðmæti óskráðra verðbréfa með aðstoð verðmats-sérfræðinga okkar.• Staðfesta með aðstoð verðmatssérfræðinga að fjáreignir flokkist rétt í gangvirðisstig í skýringu 19.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulegra annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulegra annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 11. febrúar 2021

KPMG ehf.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir
Sæmundur Valdimarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld ársins		20.831.290	20.632.506
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum ársins		(1.014.584)	(931.919)
Eigin iðgjöld	7	19.816.706	19.700.587
Fjármunatekjur		475.778	826.270
Gangvirðisbreytingar fjáreigna		4.798.578	2.814.148
Fjárfestingatekjur	8	5.274.357	3.640.418
Umboðslaun		101.427	99.613
Aðrar tekjur		116.175	104.100
Aðrar tekjur		217.602	203.713
Heildartekjur		25.308.665	23.544.717
Tjón ársins*		(14.719.626)	(14.433.406)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins		496.325	377.115
Eigin tjón*	9	(14.223.301)	(14.056.291)
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar*		(677.988)	(805.182)
Rekstrarkostnaður	10	(4.479.092)	(4.273.110)
Heildargjöld		(19.380.381)	(19.134.582)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		5.928.285	4.410.135
Tekjuskattur	13	(608.298)	(557.273)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		5.319.986	3.852.862
Skipting hagnaðar			
Hluthafar móðurfélagsins		5.319.986	3.852.862
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	14	3,98	2,82

*Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.
Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Rekstrarfjármunir	15	492.656	402.330
Leigueignir	16	275.970	395.457
Viðskiptavild	17	243.578	243.578
Óefnislegar eignir	18	1.200	2.235
Skatteign	27	2.522	2.834
Verðbréf	19-20	43.782.883	36.548.622
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	21	5.305.346	4.539.047
Endurtryggingaeignir	22	1.268.767	1.417.483
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	23	6.728.055	6.462.594
Handbært fé		1.160.223	969.453
	Eignir samtals	59.261.201	50.983.631
Eigið fé			
Hlutafé	24	1.334.106	1.346.607
Yfirverðsreikningur hlutafjár	24	6.110.625	6.348.500
Bundið eigið fé	24	732.834	990.758
Óráðstafað eigið fé		13.185.993	7.608.083
	Eigið fé samtals	21.363.559	16.293.948
Skuldir			
Vátryggingaskuld	26	29.866.524	27.599.041
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	21	5.305.346	4.539.047
Leiguskuldir	16	288.904	404.818
Skattur til greiðslu		604.195	556.409
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	28	1.832.673	1.590.369
	Skuldir samtals	37.897.642	34.689.683
	Eigið fé og skuldir samtals	59.261.201	50.983.631

Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit árið 2020

	Skýr.	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2020	24	1.346.607	6.348.500	990.758	7.608.083	16.293.948
Kaup á eigin hlutum		(12.501)	(237.874)	0	0	(250.375)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		0	0	0	5.319.986	5.319.986
Bundið eigið fé vegna verðbréfa		0	0	(257.983)	257.983	0
Bundið eigið fé vegna dótturfélaga		0	0	59	(59)	0
Eigið fé 31.12.2020		1.334.106	6.110.625	732.834	13.185.993	21.363.559
Eigið fé 1.1.2019	24	1.389.197	7.038.993	1.204.987	4.193.914	13.827.091
Arður 0,47 kr. á hlut		0	0	0	(652.922)	(652.922)
Kaup á eigin hlutum		(42.589)	(690.493)	0	0	(733.082)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		0	0	0	3.852.862	3.852.862
Bundið eigið fé vegna verðbréfa		0	0	(138.841)	138.841	0
Bundið eigið fé vegna dótturfélaga		0	0	(75.388)	75.388	0
Eigið fé 31.12.2019		1.346.607	6.348.500	990.758	7.608.083	16.293.948

Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstremisýfirlit ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		5.319.986	3.852.862
Rekstrarlöir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur í rekstri	(479.566)	(830.780)	
Gangvirðsbreyting fjáreigna	(4.798.578)	(2.814.148)	
Afskriftir rekstrarfjármuna og leigueigna	15,16	221.613	203.953
Afskriftir óefnislegra eigna	18	1.035	3.142
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	15	0	(9.310)
		<u>264.490</u>	<u>405.720</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Verðbréf, breyting	(4.672.616)	(3.192.172)	
Skatteign, breyting	312	4.877	
Endurtryggingaeignir, breyting	148.716	77.161	
Viðskiptakröfur, breyting	(265.461)	(1.046.948)	
Vátryggingaskuld, breyting	2.267.483	2.860.717	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	846.499	697.581	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(1.675.067)	(598.783)	
Innborgaðar fjármunatekjur		2.731.937	1.655.127
Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur		(556.409)	(289.991)
Handbært fé frá rekstri		<u>764.951</u>	<u>1.172.073</u>
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	15	(179.639)	(44.067)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	52.106
Fjárfestingahreyfingar		<u>(179.639)</u>	<u>8.039</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Greiddur arður til hluthafa		0	(652.922)
Afborganir af leiguskuldum		(147.955)	(141.875)
Kaup á eigin hlutum		(250.375)	(733.082)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(398.330)</u>	<u>(1.527.879)</u>
Breyting á handbæru fé		186.982	(347.767)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		3.788	4.510
Handbært fé í ársbyrjun		<u>969.453</u>	<u>1.312.710</u>
Handbært fé í árslok		<u>1.160.223</u>	<u>969.453</u>

Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. („félagið“, „samstæðan“ eða „Sjóvá“) er hlutafélag með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess í Kringlunni 5 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning þess og dótturfélaga, sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingum.

2. Grundvöllur reikningasskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. staðfesti ársreikninginn þann 11. febrúar 2021.

Yfirlit um mikilvægar reikningsskilaðferðir samstæðunnar er að finna í skýringu 41.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Samstæðureikningurinn hefur því verið gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður athugunar á greiðsluhæfi félagsins gefa til kynna að félagið hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

3. Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur og lagt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

Gangvirði fjáreigna, sjá skýringu 19.

Vátryggingaskuld, sjá skýringu 26.

Mat á gangvirði fjáreigna

Gangvirði er verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirlærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum á matsdegi.

Fjáreignum og fjárskuldu skipt í sérstaka flokka. Flokkunin hefur áhrif á hvernig viðeigandi fjármálagerningur er metinn. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er eftirfarandi:

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Skýringar, frh.: ---

3. Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir; frh.:

Lykilþættir í óvissu á mati

a. Endanleg fjárhæð tjónabóta

Mat á endanlegri fjárhæð væntra tjónabóta samstæðunnar vegna gerðra tryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu og hafa áhrif á endanlegar tjónagreiðslur. Meðal þessara óvissupáttu eru áætlanir um tjónafjölda, fjárhæð meðaltjóns, ytri aðstæður og þróun verðlags.

b. Ákvörðun á gangvirði fjármálagerninga

Eins og fram hefur komið eru verðbréf samstæðunnar metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Aðferðin við mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggir á viðurkenndum aðferðum.

Mat á gangvirði er gert á ákveðnum tímapunkti, sem tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissu, svo sem vaxtaprósentum og flökti.

c. Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna

Niðurfærslupörf fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er metin. Mat stjórnenda á virðisrýrnun byggir á upplýsingum um vænt sjóðsflæði af viðkomandi eign. Við mat á væntu sjóðsflæði, meta stjórnendur fjárhagslega stöðu mótaðila og vænt virði undirliggjandi trygginga. Breytingar á forsendum geta haft áhrif á bókfært virði fjármálagerninga.

4. Breytingar á reikningsskilaðferðum og framsetningu

Við gerð ársreikningsins var beitt sömu reikningsskilaðferðum og var beitt árið 2019 að því undanskildu að félagið innleiddi leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum vátryggingafélaga sem gefin voru út 28. febrúar 2020. Helstu áhrif þessara breytinga eru að matsbreyting á tjónaskuld fyrri ára vegna gengismunar, vöxtunar og breyttra vaxta eru ekki færð undir tjón ársins, heldur undir tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar af vátryggingaskuld. Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt þannig að tjón tímabilsins lækkuð um 805 millj. kr. en rekstrarniðurstaðan breyttist ekki þar sem um er að ræða tilfærslu á milli liða í rekstrarreikningi. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir fyrir 2019 í efnahagsreikningi, eiginfjárfírliti eða sjóðstreymi. Einnig hefur reiknuðum fjárfestingatekjunum af vátryggingastarfsemi verið breytt, en nú er aðeins heimilt að reikna þær af þeim hluta vátryggingaskuldar sem ekki er núvirtur. Samanburðarfjárhæðum vegna 2019 hefur verið breytt þannig að fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri eru nú 627 millj. kr. lægri og fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi 627 millj. kr. hærri í starfsþáttayfírliti í skýringu 5.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf til lykilstjórnenda samstæðunnar. Annars vegar horfa stjórnendur á skiptingu í megin starfsþætti en hins vegar er horft á skiptingu eftir flokkum tryggingagreina í skaðatryggingarekstri. Rekstrrafkoma starfsþáttar tekur til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta milli starfsþáttta á rökrænan hátt.

Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri eru reiknaðar af þeim hluta vátryggingaskuldar viðkomandi greinar sem ekki er núvirtur, þetta er breyting frá árinu 2019 eins og fram kemur í skýringu 4. Við útreikning er miðað við væntan liftíma skuldarinnar og ávöxtun ríkisskuldabréfa.

Samstæðunni er skipt upp í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálastarfsemi og aðra starfsemi.

Árið 2020

Rekstrarstarfsþættir	Skaða- tryggingar	Lif- tryggingar	Fjármála- og önnur starfsemi	Samtals
lögjöld ársins	18.604.227	2.227.063	0	20.831.290
Hluti endurtryggjenda í iöggjöldum ársins	(648.441)	(366.142)	0	(1.014.584)
Fjárfestingatekjur	156.148	18.951	5.099.258	5.274.357
Aðrar tekjur	110.429	107.173	0	217.602
Heildartekjur starfsþáttta	18.222.363	1.987.044	5.099.258	25.308.665
 Tjón ársins	(13.955.305)	(764.321)	0	(14.719.626)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	331.177	165.148	0	496.325
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	0	0	(677.988)	(677.988)
Rekstrarkostnaður	(3.603.408)	(414.886)	(460.797)	(4.479.092)
Rekstrrafkoma starfsþáttta	994.827	972.984	3.960.472	5.928.284
Tekjuskattur				(608.298)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				5.319.986

Fjárfestingar starfsþáttarins skaðatrygginga er 180 millj. kr. og afskriftir 89 millj. kr. Viðbætur við leigueignir á árinu voru 3 millj. kr. og afskriftir 133 millj. kr.

Árið 2019

Rekstrarstarfsþættir	Skaða- tryggingar	Lif- tryggingar	Fjármála- og önnur starfsemi	Samtals
lögjöld ársins	18.641.411	1.991.094	0	20.632.506
Hluti endurtryggjenda í iöggjöldum ársins	(580.609)	(351.310)	0	(931.919)
Fjárfestingatekjur*	405.114	35.418	3.199.886	3.640.418
Aðrar tekjur	97.036	106.677	0	203.713
Heildartekjur starfsþáttta	18.562.953	1.781.880	3.199.886	23.544.717
 Tjón ársins*	(13.710.843)	(722.563)	0	(14.433.406)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	168.501	208.615	0	377.115
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar*	0	0	(805.182)	(805.182)
Rekstrarkostnaður	(3.469.951)	(448.484)	(354.674)	(4.273.110)
Rekstrrafkoma starfsþáttta	1.550.660	819.448	2.040.029	4.410.135
Tekjuskattur				(557.273)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				3.852.862

Fjárfestingar starfsþáttarins skaðatrygginga er 47 millj. kr. og afskriftir 78 millj. kr. Viðbætur við leigueignir á árinu voru 5 millj. kr. og afskriftir 129 millj. kr.

*Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

Skýringar, frh.:

6. Tekjur og gjöld af skaðatryggingum

Skaðatryggingar félagsins greinast þannig:

Árið 2020

	Eigna- tryggingar	Sjó, flug & farm- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Ábyrgða- tryggingar	Alm. slysa og sjúkra- tryggingar	Atvinnu- slysa- tryggingar	Sjúkra- kostnaðar- tryggingar	Erlendar endur- tryggingar	Samtals
Bókfærð iðgjöld	4.708.534	673.399	7.884.840	3.535.732	1.229.219	976.852	908.314	21.113	0	19.938.004
Eigin iðgjöld	4.093.074	485.342	7.213.532	3.233.117	1.088.052	917.066	905.639	19.963	0	17.955.786
Eigin tjón	(2.678.863)	(243.732)	(6.100.858)	(2.322.545)	(944.502)	(572.156)	(765.251)	(11.686)	15.465	(13.624.128)
Rekstrarkostnaður	(878.889)	(96.425)	(1.381.835)	(715.155)	(207.260)	(173.801)	(145.306)	(4.095)	(643)	(3.603.409)
Fjárfestingatekjur og aðrar tekjur**	35.362	13.073	63.072	26.652	18.612	7.696	7.821	81	0	172.368
Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi	570.684	158.257	(206.088)	222.070	(45.098)	178.804	2.904	4.263	14.822	900.618

Árið 2019

	Eigna- tryggingar	Sjó, flug & farm- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Ábyrgða- tryggingar	Alm. slysa og sjúkra- tryggingar	Atvinnu- slysa- tryggingar	Sjúkra- kostnaðar- tryggingar	Erlendar endur- tryggingar	Samtals
Bókfærð iðgjöld	4.309.921	724.605	8.090.315	3.772.716	1.191.278	902.329	959.289	20.215	0	19.970.668
Eigin iðgjöld	3.750.503	536.858	7.415.089	3.490.052	1.066.518	850.482	930.992	20.307	0	18.060.802
Eigin tjón*	(2.124.887)	(349.708)	(6.485.903)	(2.375.521)	(952.246)	(527.284)	(727.907)	425	688	(13.542.342)
Rekstrarkostnaður	(769.098)	(112.901)	(1.329.844)	(718.550)	(210.292)	(161.281)	(163.885)	(3.505)	(596)	(3.469.951)
Fjárfestingatekjur og aðrar tekjur*	73.541	20.295	182.946	68.305	44.024	15.069	123	17.215	0	421.517
Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi	930.059	94.544	(217.711)	464.286	(51.996)	176.987	39.322	34.442	92	1.470.026

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

** Í fjárfestingatekjum og öðrum tekjum eru ekki aðrar tekjur í skýringu 5 fyrir utan umboðslaun frá endurtryggjendum.

Skýringar, frh.:

7. Eigin iðgjöld

Eigin iðgjöld greinast þannig:

	2020	2019
Bókfærð iðgjöld	22.265.366	22.040.187
Vildarafláttur.....	(703.419)	(619.854)
Breyting á iðgjaldaskuld	(730.656)	(787.828)
Hluti endurtryggjenda	(1.031.154)	(935.605)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	16.570	3.686
Eigin iðgjöld	<u>19.816.706</u>	<u>19.700.587</u>

8. Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði og arðgreiðslur. Gangvirðisbreytingar verðbréfa samanstanda af söluhagnaði (sölutapi) verðbréfa, gangvirðisbreytingum og vaxtatekjum. Gengismunur samanstendur af gengisbreytingum eigna í erlendum gjaldmiðlum.

Fjárfestingatekjur greinast þannig:

	2020	2019
Vaxtatekjur af handbæru fé	7.224	24.037
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	361.952	414.516
Fenginn arður	105.258	388.586
Gengismunur	1.345	(870)
Fjármunatekjur	475.778	826.270
Gangvirðisbreyting verðbréfa	4.798.578	2.814.148
Fjárfestingatekjur	<u>5.274.357</u>	<u>3.640.418</u>

9. Eigin tjón

Eigin tjón greinast þannig:

	2020	2019
Bókfærð tjón	13.814.367	13.205.592
Hluti endurtryggjenda	(580.358)	(574.765)
Breyting á tjónaskuld*	905.259	1.227.815
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	84.033	197.649
Eigin tjón	<u>14.223.301</u>	<u>14.056.291</u>

*Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

10. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld	2.838.115	2.736.673
Sólu kostnaður	210.053	250.375
Stjórnunarkostnaður	1.108.130	975.303
Rekstrarkostnaður fasteigna	99.835	101.707
Afskriftir rekstrarfjármuna, óefnislegra eigna og leigueigna	222.959	209.052
Rekstrarkostnaður	<u>4.479.092</u>	<u>4.273.110</u>

Skýringar, frh.: ---

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun	2.114.183	2.043.530
Lifeyrisiðgjöld	308.485	292.902
Tryggingagjald	163.819	162.371
Fjársýsluskattur	141.891	135.309
Önnur launatengd gjöld	0	(15.721)
Annar starfsmannakostnaður	109.737	118.281
Laun og launatengd gjöld	<u>2.838.115</u>	<u>2.736.673</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreknaður í heilsársstörf	187	184

52% starfsmanna eru karlar og 48% konur. Konur eru 48% stjórnenda og karlar 52%.

12. Endurskoðunarkostnaður

Endurskoðunarkostnaður greinist þannig:

	2020	2019
KPMG ehf. vegna endurskoðunar ársins	18.698	19.706
KPMG önnur endurskoðunartengd þjónusta	2.783	52
KPMG ehf. önnur aðkeypt þjónusta	634	3.208
Kostnaður til endurskoðunarfélags	<u>22.115</u>	<u>22.966</u>

13. Tekjuskattur

Tekjuskattur greinist þannig:

	2020	2019
Tekjuskattur til greiðslu	604.196	552.397
Leiðrétt frá fyrra ári	3.790	0
Frestaður tekjuskattur	312	4.876
Tekjuskattur samtals	<u>608.298</u>	<u>557.273</u>

Virkur tekjuskattur:

	2020	2019
Hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>5.928.285</u>	<u>4.410.135</u>
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20,0%	20,0%
Áhrif sértaks fjársýslukatts	0,8%	0,9%
Óskattskyld (gjöld)/tekjur tengdar hlutabréfum	(10,6%)	(8,1%)
Aðrir liðir	0,1%	(0,1%)
Virkur tekjuskattur	<u>10,0%</u>	<u>12,3%</u>

14. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað með meðaltalsfjölda hluta á árinu.

	2020	2019
Hagnaður- og heildarhagnaður ársins	5.319.986	3.852.862
Meðalfjöldi hluta á árinu	1.337.231	1.367.902
Grunnhagnaður á hlut	3,98	2,82

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga né breytanlega lánasamninga.

Skýringar, frh.:

15. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttigar, tæki og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	253.935	732.669	986.604
Viðbót á árinu	0	44.067	44.067
Selt og aflagt á árinu	(27.409)	(152.562)	(179.971)
Heildarverð 31.12.2019	226.526	624.174	850.700
Viðbót á árinu	0	179.639	179.639
Selt og aflagt á árinu	0	(123.400)	(123.400)
Heildarverð 31.12.2020	226.526	680.413	906.939
Afskrifað 1.1.2019	53.683	454.566	508.249
Afskrift færð út	(4.477)	(130.720)	(135.197)
Afskrifað á árinu	5.827	69.491	75.318
Afskrifað samtals 31.12.2019	55.033	393.337	448.370
Afskrift færð út	0	(123.089)	(123.089)
Afskrifað á árinu	5.644	83.358	89.002
Afskrifað samtals 31.12.2020	60.677	353.606	414.283
Bókfært verð 1.1.2019	200.252	278.103	478.355
Bókfært verð 31.12.2019	171.493	230.837	402.330
Bókfært verð 31.12.2020	165.849	326.807	492.656
Afskriftahlutföll	2 - 4%	15 - 33%	

Fasteignamat fasteigna í árslok 2020 nam 290 millj. kr. (2019: 278). Vátryggingarverðmæti fasteigna nam 513 millj. kr. (2019: 509). Vátryggingaverðmæti annarra rekstrarfjármuna er 1.177 millj. kr. (2019: 1.148).

16. Leigueignir og leiguskuldur

Samstæðan er leigutaki að húsnæði og eftirstöðvar leigutíma voru 4 ár í ársbyrjun, með möguleika á áframhaldandi leigu í lok samningstíma.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	Fasteignir	Bifreiðar	Samtals
Leigueignir 1.1.2019	506.871	0	506.871
Viðbætur við leigueignir	0	4.843	4.843
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna	12.360	18	12.378
Afskrifað á árinu	(128.451)	(184)	(128.635)
Leigueignir 31.12.2019	390.780	4.677	395.457
Viðbætur við leigueignir	0	3.405	3.405
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna	9.617	102	9.719
Afskrifað á árinu	(129.471)	(3.140)	(132.611)
Leigueignir 31.12.2020	270.926	5.044	275.970
Leiguskuldur greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:		2020	2019
Leiguskuldur 1.1.		404.818	506.871
Viðbætur á árinu		3.405	4.843
Vaxtagjöld		17.366	22.601
Greiddar leiguskuldur		(147.955)	(141.875)
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna		11.270	12.378
Leiguskuldur 31.12.		288.904	404.818
Afborganir innan árs		140.349	128.664
Afborganir síðar		148.555	276.154
Samtals		288.904	404.818

Skýringar, frh.:

16. Leigueignir og leiguskuldur, frh.:

Vegna færslu leigusamninga samkvæmt IFRS 16 hefur samstæðan fært í rekstrarreikning á tímabilinu afskriftir að fjárhæð 133 millj. kr. (2019: 129) og vaxtagjöld að fjárhæð 17 millj. kr. (2019: 23). Aðrir samningar sem ekki falla undir IFRS 16 eru annaðhvort ótímabundnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti eða útrunnir. Í öllum tilfelli er um að ræða aðgang að skrifstofuhúsnæði eða geymslum sem félagið telur óverulega refsingu fólgna í að fara úr húsnæðinu og því er ekki færð upp skuldbinding vegna þeirra. Gjöld vegna þessara samninga í rekstrarreikningi eru 19 millj. kr. (2019: 20)

17. Viðskiptavild

Virðisrýrnunarpróf fyrir fjárskapandi einingar sem fela í sér viðskiptavild:

Viðskiptavild samstæðunnar að fjárhæð 244 millj. kr. er vegna kaupa á líftryggingarekstri hennar. Í árslok 2020 var framkvæmt árlegt virðispróf á viðskiptavildinni sem miðast við samþykktar rekstraráætlanir og afvaxta framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða þess var sú að endurheimtanlegt virði er umtalsvert yfir bókfærðu verði.

Endurheimtanlegt virði líftryggingarekstrarins er reiknað á grundvelli nýtingarvirðis hans. Nýtingarvirði einingarinnar var ákvæðað með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi af áframhaldandi starfsemi. Útreikningur á nýtingarvirðinu byggist á að sjóðstreymi er áætlað á grundvelli rekstrarniðurstöðu og fimm ára rekstraráætlunar. Framtíðarvirði er byggt á 1% raunvexti, sem miðast við langtíma markmið samstæðunnar í tengslum við rekstur þessarar einingar.

18. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	2020	2019
Heildarverð 1.1.	5.717	284.649
Fært út á árinu	0	(281.476)
Viðbót á árinu	0	2.544
Heildarverð 31.12.	<u>5.717</u>	<u>5.717</u>
 Afskrifað alls 1.1.	 (3.482)	 (281.816)
Afskrifað á árinu	(1.035)	(3.142)
Fært út á árinu	0	281.476
Afskrifað alls 31.12.	(4.517)	(3.482)
 Bókfært verð 1.1	 2.235	 2.833
Bókfært verð 31.12	<u>1.200</u>	<u>2.235</u>
 Afskriftahlutföll		20-50%

19. Fjáreignir

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna ásamt gangvirði þeirra:

2020	Fjáreignir á gangvirði	Lán og kröfur	Samtals	Gangvirði
Veröbréf	43.782.883	0	43.782.883	43.782.883
Endurtryggingaeignir	0	85.743	85.743	85.743
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	0	5.910.999	5.910.999	5.910.999
Handbært fé	0	1.160.223	1.160.223	1.160.223
Fjáreignir samtals	<u>43.782.883</u>	<u>7.156.965</u>	<u>50.939.848</u>	<u>50.939.848</u>
2019				
Veröbréf	36.548.622	0	36.548.622	36.548.622
Endurtryggingaeignir	0	166.988	166.988	166.988
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	0	5.716.716	5.716.716	5.716.716
Handbært fé	0	969.453	969.453	969.453
Fjáreignir samtals	<u>36.548.622</u>	<u>6.853.157</u>	<u>43.401.779</u>	<u>43.401.779</u>

Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð fjáreigna sem flokkast sem lán og kröfur endurspeglir gangvirði þeirra.

Skýringar, frh.:

19. Fjáreignir, frh.:

Taflan hér á eftir sýnir fjáreignir færðar á gangvirði eftir verðmatsaðferð:

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
2020				
Fjáreignir á gangvirði	37.722.717	2.839.880	3.220.286	43.782.883
2019				
Fjáreignir á gangvirði	28.584.926	5.340.163	2.623.533	36.548.622

Stig 1: Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stig 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvæðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

Stig 3: Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

Breytingar sem falla undir stig 3 á árinu eru eftirfarandi:

	2020	2019
Staða 1.1.	2.623.533	3.512.197
Keypt	500.805	648.005
Selt/afborganir	(6.071)	(384.692)
Flutt á milli stiga	0	(919.328)
Matsbreyting	102.019	(232.649)
Staða 31.12.	3.220.286	2.623.533

20. Verðbréf

Verðbréf á gangvirði greinast þannig:

	2020	2019
Skuldabréf:		
Ríkistryggð verðbréf	12.489.685	11.879.572
Önnur skuldabréf	14.057.986	10.376.348
Skuldabréf samtals	26.547.671	22.255.920
Hlutdeildarskírteini:		
Skuldabréfasjóðir með ríkistryggðum verðbréfum	570.894	540.675
Aðrir skuldabréfasjóðir	2.101.226	2.111.088
Hlutdeildarskírteini samtals	2.672.120	2.651.763
Hlutabréf:		
Skráð í kauphöll	11.838.766	9.255.253
Óskráð	2.000.691	1.790.694
Hlutabréf samtals	13.839.457	11.045.947
Önnur verðbréf:		
Fasteignafelög	275.915	277.608
Bundin innlán	447.720	317.384
Önnur verðbréf samtals	723.635	594.992
Verðbréf samtals	43.782.883	36.548.622

21. Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka

Sparnaðarlíftrygging er vara sem samanstandur af líftryggingu og söfnun í verðbréfasjóðum félagsins. Kostnaður vegna líftryggingarinnar fer lækkandi eftir því sem söfnun eykst og fellur niður þegar söfnun verður hærri en líftryggingarfjárhæð. Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu samstæðunnar sem vátryggingatakar í sparnaðarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum sparnaðarlíftrygginga.

Skýringar, frh.:

21. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka, frh.:

Líftryggingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka greinast þannig:	2020	2019
Staða í ársbyrjun	4.539.047	3.890.892
Innborguð söfnun	267.229	315.168
Endurgreidd söfnun	(378.203)	(556.981)
Ávöxtun fjárfestinga	877.273	889.968
Staða í árslok	<u>5.305.346</u>	<u>4.539.047</u>

22. Endurtryggingaeignir

Endurtryggingaeignir greinast þannig:	2020	2019
Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld:		
Iögjaldaskuld	172.641	156.079
Tjónaskuld	1.010.383	1.094.416
Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld samtals	<u>1.183.024</u>	<u>1.250.495</u>
Krafa á endurtryggjendur	85.743	166.988
Endurtryggingaeignir	<u>1.268.767</u>	<u>1.417.483</u>

23. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:	2020	2019
Viðskiptakröfur tengdar vátryggingastarfsemi	6.282.484	6.035.679
Afdreginn fjármagnstekjkustattur	509.227	536.264
Sölulaun í dreifingu og fyrirframgreiddur kostnaður	307.829	209.614
Aðrar kröfur	8.814	10.035
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	(380.300)	(328.998)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur.....	<u>6.728.055</u>	<u>6.462.594</u>

24. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.335.958 þús. kr. í árslok 2020. Allt hlutafé er greitt að fullu. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félagini. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 1.851 þús. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé.

Arögreiðslur

Arögreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær hafa verið samþykktar á aðalfundi. Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 má úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjásum sjóðum. Hins vegar takmarkar gjaldþolsákvæði þær hámarksfjárhæðir sem félagið getur greitt sem arð til hluthafa sinna.

Yfirverð

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í lögbundinn varasjóð, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Yfirverði umfram 25% af nafnverði hlutafjár getur félagið ráðstafað.

Bundið eigið fé

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið binda óinnleystan hagnað af matsbreytingum á fjáreignum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði gegnum rekstur og færa á sérstakan gangvirðisrekning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta sem arði, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á. Samkvæmt sömu lögum skal félagið binda hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttékinn arð.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður hagnaður eða tap vegna starfsemi félagsins að frádregnum arögreiðslum og framlögum í bundið eigið fé.

Skýringar, frh.:

24. Eigið fé frh.:

Bundið eigið fé greinist á eftirfarandi hátt

2020

	Oinnleyst matsbreyting fjármála- gerninga	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða í upphafi árs	983.751	7.008	990.758
Breyting á óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	(334.962)	0	(334.962)
Skattaáhrif af óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	76.979	0	76.979
Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningi dótturfélaga	0	59	59
Staða í lok árs	725.768	7.067	732.834

2019

Staða í upphafi árs	1.122.592	82.396	1.204.987
Breyting á óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	(157.429)	0	(157.429)
Skattaáhrif af óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	18.588	0	18.588
Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningi dótturfélaga	0	(75.388)	(75.388)
Staða í lok árs	983.751	7.008	990.758

25. Gjaldþol

2020 2019

Gjaldþolshlutfall í samræmi við matsreglur Solvency II í árslok greinist þannig:		
Gjaldþol	21.769.615	16.782.511
Gjaldþolskrafa, (SCR)	11.423.700	10.028.574
Gjaldþolshlutfall fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu	1,91	1,67
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu*	1,67	1,67
Lágmarksfjármagn (MCR)	4.345.027	4.117.252
Lágmarksfjármagnshlutfall fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu	5,01	4,08
Lágmarksfjármagnshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu*	4,40	4,08
Líftryggingaáhætta	570.123	496.239
Heilsutryggingaáhætta	1.669.947	1.373.898
Skaðatryggingaáhætta	6.125.209	5.804.870
Markaðsáhætta	7.654.964	6.310.226
Mótaðilaáhætta	1.091.178	996.154
Fjölpættingaáhrif	(5.069.934)	(4.443.122)
Grunngjaldþolskrafa (Basic SCR)	12.041.486	10.538.265
Rekstraráhætta	794.131	729.798
Aðlögun vegna frestaðra skatta	(1.411.918)	(1.239.489)
Grunngjaldþolskrafa (SCR)	11.423.700	10.028.574

*Á hluthafafundi 25.nóvember sl. var samþykkt að greiða ekki út arð á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019.

Gjaldþolshlutfall að teknu tilliti til arðgreiðslutillögunar eins og hún var fyrir 2019 var 1,48.

26. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld greinist þannig:

2020 2019

Vátryggingaskuld (heild):		
Tjónaskuld	21.122.512	19.539.265
Vildaraflsláttur	476.060	522.481
Iðgjaldaskuld	8.267.952	7.537.295
Vátryggingaskuld	29.866.524	27.599.041
Hluti endurtryggjenda:		
Tjónaskuld	1.010.383	1.094.416
Iðgjaldaskuld	172.641	156.079
Hluti endurtryggjenda	1.183.024	1.250.495

Skýringar, frh.:

26. Vátryggingaskuld, frh.:

Eigin vátryggingaskuld:

Tjónaskuld	20.112.129	18.444.849
Vildarafláttur	476.060	522.481
Iðgjaldaskuld	8.095.311	7.381.216
Eigin vátryggingaskuld	<u>28.683.500</u>	<u>26.348.546</u>

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og kostnaðar vegna orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2020 og 2019 er óveruleg.

Tjónaskuld er mat á fjárhagslegri skuldbindingu sem hvílir á samstæðunni vegna ógreiddra tjóna í heild sinni, það er tilkynntra tjóna og orðinna en ótilkynntra tjóna í árslok.

Þróun vátryggingaskulda á árinu greinist þannig:

2020	Hlutdeild endur- tryggjenda			Í eigin hlut
	Heild	tryggjenda	í eigin hlut	
Tjónaskuld:				
Tjónaskuld í upphafi árs	19.539.265	(1.094.416)	18.444.849	
Breytingar vegna vöxtunar og vaxtabreytinga*	677.988		677.988	
Greidd tjón á árinu vegna eldri ára	(7.481.912)	434.528	(7.047.384)	
Breyting tjónaskulda vegna tjóna ársins	8.718.275	(243.108)	8.475.167	
Breyting tjónaskulda vegna tjóna fyrri ára	(397.366)	(107.387)	(504.753)	
Breyting á áhættuálagi	66.262		66.263	
Tjónaskuld í árslok	<u>21.122.512</u>	<u>(1.010.383)</u>	<u>20.112.129</u>	
Iðgjaldaskuld:				
Iðgjaldaskuld í upphafi árs	7.537.296	(156.079)	7.381.217	
Breyting á árinu	730.656	(16.562)	714.094	
Iðgjaldaskuld í árslok	<u>8.267.952</u>	<u>(172.641)</u>	<u>8.095.311</u>	

2019	Hlutdeild endur- tryggjenda			Í eigin hlut
	Heild	tryggjenda	í eigin hlut	
Tjónaskuld:				
Tjónaskuld í upphafi árs	17.506.268	(1.292.065)	16.214.203	
Breytingar vegna vöxtunar og vaxtabreytinga*	805.182		805.182	
Greidd tjón á árinu vegna eldri ára	(6.821.600)	328.254	(6.493.346)	
Breyting tjónaskulda vegna tjóna ársins	8.320.071	(88.300)	8.231.771	
Breyting tjónaskulda vegna tjóna fyrri ára*	(332.551)	(42.304)	(374.855)	
Breyting á áhættuálagi	61.895	0	61.895	
Tjónaskuld í árslok	<u>19.539.264</u>	<u>(1.094.415)</u>	<u>18.444.850</u>	
Iðgjaldaskuld:				
Iðgjaldaskuld í upphafi árs	6.749.468	(152.378)	6.597.090	
Breyting á árinu	787.828	(3.701)	784.127	
Iðgjaldaskuld í árslok	<u>7.537.296</u>	<u>(156.079)</u>	<u>7.381.217</u>	

*Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

Skýringar, frh.:

26. Vátryggingaskuld, frh.:

Þróun tjónaskuldar á árinu 2020, tjón ársins:

	Heild	Hlutdeild endur-	Í eigin hlut
	tryggjenda		
Greitt vegna tjóna sem urðu á árinu	6.332.454	(145.830)	6.186.624
Tjónaskuld vegna tjóna sem urðu á árinu	8.718.275	(243.108)	8.475.167
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára	(397.366)	(107.387)	(504.753)
Breyting á áhættuálagi	66.262		66.262
Tjón ársins	<u>14.719.626</u>	<u>(496.325)</u>	<u>14.223.300</u>

Heildartjónagreiðslur ársins greinast þannig:

Greitt vegna tjónsatburða sem urðu á árinu	6.332.454	(100.981)	6.231.473
Greitt vegna tjónsatburða fyrri ára	7.481.912	(479.377)	7.002.535
Bókfærð tjón	<u>13.814.366</u>	<u>(580.358)</u>	<u>13.234.008</u>

Þróun tjónaskuldar á árinu 2019, tjón ársins:

	Heild	Hlutdeild endur-	Í eigin hlut
	tryggjenda		
Greitt vegna tjóna sem urðu á árinu	6.383.991	(246.511)	6.137.480
Tjónaskuld vegna tjóna sem urðu á árinu	8.320.071	(88.300)	8.231.771
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára	(332.551)	(42.304)	(374.855)
Breyting á áhættuálagi	61.895	0	61.895
Tjón ársins	<u>14.433.406</u>	<u>(377.115)</u>	<u>14.056.291</u>

Heildartjónagreiðslur ársins greinast þannig:

Greitt vegna tjónsatburða sem urðu á árinu	6.383.991	(246.511)	6.137.480
Greitt vegna tjónsatburða fyrri ára	6.821.600	(328.254)	6.493.346
Bókfærð tjón	<u>13.205.591</u>	<u>(574.765)</u>	<u>12.630.826</u>

Samstæðan notar tölfraðiaðferðir við að áætla endanlegan kostnað vegna orðinna tjóna. Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum þáttum.

Tjónaskuld vegna tilkynnta tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til félagsins að frádegrenu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Starfsfólk tjónasviðs vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitnesku sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurmat á tjónsáætlunum. Ef ekki eru fyrilliggjandi betri upplýsingar er meðaltjónsfjárhæð í viðkomandi vátryggingagrein notuð.

Liðurinn „ótílkynnt tjón“ er áætlun fyrir orðnum en ótílkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Matið byggist á tjónareynslu og framkomnum áður ótílkynntum tjónum á síðastliðnum 15 árum. Þessi áætlun er unnin ársfjórðungslega.

Í viðauka á bls. 44 má sjá þróun tjónaskuldar í skaðatryggingum hjá samstæðunni á undanliðnum 10 árum og stöðu hennar í árslok 2020.

Mat á tjónaskuld byggir á matsreglum samkvæmt Solvency II gjaldþolsreglum. Aðferðin byggir á því að meta vænt gildi eða meðaltal (líkindafræðilegt vegið meðaltal) á núvirtu greiðsluflæði fyrir núverandi skuldbindingar, dreift yfir uppgjörstímabil sammingsins. Við útreikning á vænta gildinu er tekið tillit til markaðs- og tryggingafraðilegra upplýsinga sem eru fáanlegar á þeim tíma sem matið á sér stað. Við útreikning á tjónaskuld er safnинu skipt upp í einsleita áhættuhópa (e. homogenous risk groups) og tjónaskuldin metin fyrir hvern hóp fyrir sig. Vænt gildi tjónaskuldarinnar er kallað besta mat (e. best estimate).

Til viðbótar við besta mat tjónaskuldar er reiknað út áhættuálag (e. risk margin) en sú fjárhæð stendur fyrir áætlaðan viðbótarkostnað sem utanaðkomandi aðili þyrfti að taka á sig við yfirtöku á vátryggingaskuldbindingum félagsins.

Íögjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem tilheyrir næsta reikningsári.

Skýringar, frh.: ---

27. Skatteign

Skatteign greinist þannig:

	2020	2019
Skatteign 1.1	2.834	7.711
Tekjuskattur ársins	(604.493)	(561.028)
Leiðréttung fyrra árs	(15)	3.754
Skattur til greiðslu	604.196	552.397
Skatteign 31.12.	<u>2.522</u>	<u>2.834</u>

Skatteign greinist á eftirtalda liði:

	2020	2019
Rekstrarfjármunir	(10.004)	(7.788)
Viðskiptakröfur	13.621	9.106
Aðrir efnahagsliðir	(1.094)	1.517
Skatteign 31.12.	<u>2.522</u>	<u>2.834</u>

28. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir greinast þannig:

	2020	2019
Viðskiptaskuldir	698.566	625.747
Skuldir við endurtryggjendur	81.550	85.092
Opinber gjöld af iðgjöldum	606.543	541.172
Aðrar skuldir	446.014	338.359
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	<u>1.832.673</u>	<u>1.590.369</u>

Skýringar, frh.:

Áhættustýring

29. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja starfsemi samstæðunnar:

- **vátryggingaáhætta**
- mótaðilaáhætta
- lausafjáráhætta
- markaðsáhætta
- gjaldmiðlaáhætta
- rekstraráhætta
- eiginfjáráhætta

Í þessum skýringum er gerð grein fyrir þeim áhættupáttum sem samstæðan býr við vegna ofangreindra áhætta, markmiðum, stefnu og aðferðum samstæðunnar við áhættumat og áhættustjórnun og eiginfjárstýringu hennar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að greina þá áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar, áhættumælikvarðar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með starfspjálfun leggur félagið grunn að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórnir félaga samstæðunnar ákvarða hvernig eignum hennar skuli dreift til þess að félögin nái fjárfestingarmarkmiðum sínum. Frávik frá ákvarðaðri dreifingu eigna og samsetning eignasafnsins eru stöðugt yfirfarin af starfsmönnum samstæðunnar.

Starfsmenn samstæðunnar vinna útreikning á gjaldpolskröfu Solvency II og eigið áhættu- og gjaldþolpmat í samvinnu við stjórn. Í eigin áhættu- og gjaldþolmati (e. ORSA) er tilgreind helsta áhætta sem félagið stendur frammi fyrir sem er ekki hluti af staðlaðri formúlu útreiknings á gjaldpolskröfum skv. Solvency II. Árlega er skýrsla um eigið áhættu- og gjaldþolmat send Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands til umsagnar.

30. Vátryggingaáhætta

Áhættan sem felst í hverjum vátryggingasamningi samanstendur af áhættu á að vátryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónsfjárhæð. Í útreikningi á gjaldpolskröfu er vátryggingaáhættu skipt í skaðatryggingaáhættu, heilsutryggingaáhættu og líftryggingaáhættu.

Fyrir vátryggingasamninga þar sem líkindareikningi er beitt við verðmat stendur samstæðan frammi fyrir þeiri megináhættu að tjónafjárhæðir verði að meðaltali hærri en áætlað var, alvarleiki þeirra eða tíðni verði meiri eða stórtjón fleiri en ráð var fyrir gert. Vátryggður atburðir eru ófyrirséðir og rauntíðni og endanlegar fjárhæðir tjóna geta verið frábrugðnar áætlunum sem reiknaðar eru á grundvelli tölfræðilegra aðferða.

Samstæðan hefur mótað stefnu um gerð vátryggingasamninga þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika samþykktar vátryggingaáhættu og að hver og einn flokkur feli í sér fleiri áhættuflokka til að draga úr óvissu áætlaðrar niðurstöðu og umfangi áhættu.

Samstæðan stendur frammi fyrir fjárhagslegri áhættu vegna fjáreigna sinna, endurtryggingaeigna og vátryggingaskuldar. Megin fjárhagsleg áhætta samstæðunnar er að fjáreignir nægi ekki fyrir skuldbindingum vegna vátryggingasamninga hennar og tengist því ýmis markaðsáhætta vátryggingaáhættunni.

Eignastýringaráhætta

Samstæðan jafnar vátryggingaskuld sína með safni verðbréfa og fjáreigna sem háðar eru markaðsáhættu.

Verðbréf færð á gangvirði gegnum rekstarrekning:

	2020	2019
Verðbréf skráð á Nasdaq Iceland	39.123.301	32.088.917
Sjóðir með skráðum verðbréfum	1.514.564	1.599.866
Óskráð verðbréf	3.145.018	2.859.839
Verðbréf samtals	43.782.883	36.548.622
Krafa á endurtryggingendur	85.743	166.988
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	6.218.827	5.926.330
Handbært fé	1.160.223	969.453
Samtals	51.161.934	43.444.405
Eigin vátryggingaskuld	28.683.500	26.348.546

Skýringar, frh.:

30. Vátryggingaáhætta, frh.:

Verðbréf tengd líftryggingarsamningum þar sem fjárfestingaráhættan er borin af vátryggingataka eru ekki talin með verðbréfum á móti eigin vátryggingaskuld.

Fylgst er með meðallíftíma eigna og skulda samstæðunnar.

Meðallengd vátryggingaskuldbindinga er reiknuð með núvirtu greiðsluflæði vátryggingaskuldbindinga. Þeir þættir sem hafa áhrif á meðallengdina eru tímasetningar og fjárhæðir greiðsluflæðis vátryggingaskuldar og vaxtaferill notaður til núvirðingar. Aukinn hlutfallslegur tjónapungi á nýlegum tjónsárum getur lækkað meðallengdina sem og hækkan á markaðsvöxtum. Aukinn hlutfallslegur tjónagreiðsluþungi á seinni tjónsárum getur aukið meðallengdina sem og hækkan á markaðsvöxtum.

Meðallengdin greinist þannig í árum:

	2020	2019
Eignatryggingar	1,4	1,1
Sjó-, flug- og farmtryggingar	0,6	0,6
Lögboðnar ökutækjatryggingar	1,6	1,5
Frjálsar ökutækjatryggingar	0,6	0,6
Ábyrgðatryggingar	2,9	2,9
Almennar slysa- og sjúkratryggingar	1,6	1,6
Atvinnuslysatryggingar	1,7	1,8
Sjúkrakostnaðartryggingar	0,5	0,5
Frumtryggingar samtals	1,7	1,7
Líftryggingar	0,7	0,7
Heilsutryggingar	1,2	1,3

Eftirfarandi töflur sýna áætlað sjóðsflæði, án vaxta, vegna þeirra eigna og skulda sem tilheyra vátryggingasamningum samstæðunnar í árslok:

2020

Fjáreignir, tengdar vátryggingasamningum

Verðbréf færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning:

Bókfært verð	Áætlað sjóðsflæði					
	0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	≥4 ár	
Verðbréf skráð á						
Nasdaq Iceland	39.123.301	13.225.305	3.368.518	4.358.272	2.482.298	15.688.908
Sjóðir með skráðum bréfum	1.514.564	1.514.564	0	0	0	0
Óskráð verðbréf	3.145.018	2.950.733	194.285	0	0	0
Verðbréf samtals	43.782.883	17.690.602	3.562.803	4.358.272	2.482.298	15.688.908
Krafa á endurtryggjendur	85.743	85.743	0	0	0	0
Viðskiptakröfur	5.910.999	5.910.999	0	0	0	0
Handbært fé	1.160.223	1.160.223	0	0	0	0
Samtals	50.939.848	24.847.567	3.562.803	4.358.272	2.482.298	15.688.908
Eigin iðgj.- og ágóðask.	(8.571.371)	(8.571.371)	0	0	0	0
Eigin tjónaskuld	(20.112.129)	(9.055.570)	(5.538.844)	(2.547.556)	(1.261.620)	(1.708.539)
Mism. í sjóðsflæði	22.256.348	7.220.626	(1.976.041)	1.810.716	1.220.678	13.980.369

Skýringar, frh.:

30. Vátryggingaáhætta, frh.:

2019

Fjáreignir, tengdar vátryggingasamningum

Verðbréf færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning:

Bókfært	verð	Áætlað sjóðsflæði				
		0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	≥4 ár
Verðbréf skráð á Nasdaq Iceland	32.088.917	14.494.136	2.278.953	2.805.625	2.971.978	9.538.225
Sjóðir með skráðum bréfum	1.599.866	1.599.866	0	0	0	0
Óskráð verðbréf	2.859.839	2.226.534	0	0	0	633.302
Verðbréf samtals	36.548.622	18.320.536	2.278.953	2.805.625	2.971.978	10.171.527
Krafa á endurtryggjendur	166.988	166.988	0	0	0	0
Viðskiptakröfur	5.716.716	5.716.716	0	0	0	0
Handbært fé	969.453	969.453	0	0	0	0
Samtals	43.401.779	25.173.693	2.278.953	2.805.625	2.971.978	10.171.527
Eigin iögg.- og ágóðask.	(7.903.697)	(7.903.697)	0	0	0	0
Eigin tjónaskuld	(18.444.849)	(8.478.689)	(5.120.585)	(2.348.415)	(1.103.536)	(1.393.624)
Mism. í sjóðsflæði	17.053.233	8.791.307	(2.841.632)	457.210	1.868.442	8.777.903

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu vátryggingaskuldar eftir tryggingategundum:

	31.12.2020			31.12.2019		
	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut	Hlutdeild endur- tryggjenda		Í eigin hlut
				Heild	Í eigin hlut	
Eignatryggingar	3.605.431	(611.497)	2.993.934	3.479.757	(681.387)	2.798.370
Sjó-,flug- og farmtryggingar	287.947	(77.297)	210.650	442.867	(87.590)	355.277
Lögb.ökutækjatryggingar	14.513.750	(132.984)	14.380.766	13.408.198	(137.462)	13.270.736
Friðarsar ökutækjatryggingar	1.998.601	0	1.998.601	1.893.931	0	1.893.931
Ábyrgðatryggingar	3.472.816	(10.156)	3.462.660	2.904.178	(9.471)	2.894.707
Greiðslu- og efndavátr.	2.195	0	2.195	3.912	0	3.912
Slysa-og sjúkratryggingar ...	1.557.413	0	1.557.413	1.442.015	0	1.442.015
Atvinnuslysatryggingar	2.490.755	(21.606)	2.469.149	2.364.277	0	2.364.277
Sjúkrakostnaðartryggingar ..	19.503	0	19.503	9.682	0	9.682
Endurtryggingar	69.717	0	69.717	69.536	0	69.536
Líftryggingar	741.877	(30.562)	711.315	591.414	(19.890)	571.524
Heilsutryggingar	1.106.519	(298.922)	807.597	989.273	(314.694)	674.579
Samtals	29.866.524	(1.183.024)	28.683.500	27.599.041	(1.250.495)	26.348.546

Helstu forsendur við mat á vátryggingaskuld

Mat á vátryggingaskuld og þær forsendur sem notaðar eru byggja á mati stjórnenda. Þær byggja á reynslu, því að þróun tjóna til framtíðar fylgi svipuðu mynstri og í fortíðinni, innri upplýsingum, ytri markaðsupplýsingum og væntingum og öðrum útgefnum upplýsingum. Þetta hefur í för með sér mat tengt meðaltjónakostnaði, verðbólgu og tjónatíðni fyrir hvert tjónsár. Forsendor eru endurskoðaðar reglulega í þeim tilgangi að tryggja raunhæft og sanngjarnit mat.

Skýringar, frh.:

30. Vátryggingaáhætta, frh.:

Afkoma samstæðunnar er næm fyrir eftirfarandi þáttum og sýnir taflan áhrif á afkomu samstæðunnar eftir skatta.

	Forsendu-breytingar	2020	2019
Tjónatíðni	+/- 1%	1.405.000	1.274.392
Meðaltjón	+/- 1%	134.000	128.069
Of-/vanmat tjónaskuldar í langtímagreinum	+/- 10%	1.496.000	1.327.033
Iögjöld	+/- 1%	185.000	179.503

Endurtryggingaráhætta

Samstæðan stýrir vátryggingaáhættu sinni meðal annars með gerð endurtryggingasamninga, þar sem hluti af áhættutöku er færður yfir til endurtryggjenda. Endurtryggingaráhætta felst í því að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónum. Oft tekur langan tíma að gera upp tjón. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Félagið hefur sett sér stefnu um endurtryggjendur, þar sem fram kemur að endurtryggjendur félagsins skuli hafa að lágmarki matseinkunnina A-frá Standard & Poor's (S&P). Með þessu er leitast við að draga úr hættu á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda í sjálfvirkum endurtryggingasamningum miðað við flokkun S&P fyrir árið 2020 og áætlun um skiptingu fyrir árið 2021.

	2021	2020
AA-	69,8%	76,2%
A+	19,9%	14,8%
A-	10,3%	9,0%
Samtals	100,0%	100,0%

Vaxtaáhætta

Stærsti hluti fjáreigna samstæðunnar er vaxtaberandi. Næmigreining fyrir vaxtaáhætту sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum á reikningsskiladegi. Fyrir fjáreignir og vátryggingasamninga tengist næmigreiningin aðeins því fyrrnefnda þar sem bókfært verð vátryggingasamninga er ekki næmt fyrir breytingum á markaðsáhættu. Laust handbært fé samstæðunnar er fjárfest í skammtímaverðbréfum til skemmi tíma en eins mánaðar.

Fylgst er með vaxtanæmi á skuldabréfasafni samstæðunnar með því að meta áætlaðar breytingar í eignasöfnum miðað við hreyfingar um 100 punkta í öllum ávöxtunarferlum fjáreigna og fjárskulda. Þessi næmigreining sýnir heildarnæmi samstæðunnar fyrir vaxtabreytingum.

Hækkun ávöxtunarkröfu um 100 punkta í árslok hefði leitt til 1.210 millj. kr. minni hagnaðar fyrir skatta á árinu 2020 (2019: 918 millj. kr. minni hagnaður). Lækkun ávöxtunarkröfu um 100 punkta í árslok hefði leitt til 1.306 millj. kr. meiri hagnaðar fyrir skatta á á árinu 2020 (2019: 986 millj. kr. meiri hagnaður). Áhrifin á eigið fé yrðu þau sömu og á afkomuna.

Verðáhætta

Næmigreining fyrir verðáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefanda verðbréfa eða allra þáttu sem hafa áhrif á alla fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaði.

Vegna þess að meirihluti fjáreigna samstæðunnar er bókfærður á gangvirði og gangvirðisbreytingarnar færðar í rekstrarreikning, munu allar breytingar á aðstæðum á markaði hafa áhrif á fjárfestingatekjur samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

31. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar við samstæðuna. Tapaðar viðskiptakröfur samstæðunnar hafa verið óverulegar í hlutfalli við veltu.

Ítarlega er fylgst með vanskilum á iðgjöldum og tapsáhætta yfirfarin reglulega með mati á stöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptamenn í vanskilum eru flokkaðir sem áhættusamir og geta ekki átt í frekari viðskiptum við samstæðuna fyrr en þeir hafa greitt niður skuldir sínar.

Bókfært verð fjáreigna sýnir hámarks mótaðilaáhættu. Hámarks mótaðilaáhætta á uppgjörsdegi greinist þannig:

	2020	2019
Verðbréf	29.943.426	25.502.675
Krafa á endurtryggjendur	85.743	166.988
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	6.728.055	6.462.594
Handbært fé	1.160.223	969.453
Fjáreignir	<u>37.917.447</u>	<u>33.101.710</u>

Verðbréf eru sett fram án verðbréfa tengdum þeim liftryggingarsamningum þar sem fjárfestingaráhættan er borin af vátryggingataka.

Virðisýrnun hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Yfirlit um hreyfingar á virðisýrnun viðskiptakrafna og annarra krafna á árinu er eftirfarandi:

	2020	2019
Virðisýrnun í upphafi árs	328.998	358.286
Gjaldfærsla ársins	89.913	2.656
Endanlega tapað á árinu	(38.611)	(31.944)
Virðisýrnun í lok árs	<u>380.300</u>	<u>328.998</u>

Eftirfarandi tafla sýnir fjáreignir félagsins eftir alþjóðlegu lánshæfismati útgefanda þeirra:

2020	A	BBB	BB	Ekki skráð	Samtals
Verðbréf	12.491.008	9.431.755	92	8.020.571	29.943.426
Endurtryggingaeignir	1.268.767	0	0	0	1.268.767
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	0	509.227	0	6.218.827	6.728.055
Handbært fé	0	1.160.223	0	0	1.160.223
Samtals	<u>13.759.775</u>	<u>11.101.206</u>	<u>92</u>	<u>14.239.398</u>	<u>39.100.472</u>

2019

Verðbréf	9.101.987	9.904.407	1.551	6.494.730	25.502.675
Endurtryggingaeignir	1.417.483	0	0	0	1.417.483
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	0	536.264	0	5.926.330	6.462.594
Handbært fé	0	969.453	0	0	969.453
Samtals	<u>10.519.470</u>	<u>11.410.124</u>	<u>1.551</u>	<u>12.421.060</u>	<u>34.352.205</u>

Skýringar, frh.:

32. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Samstæðan þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Hluti fjármálagerninga samstæðunnar eru fjárfestingar í óskráðum verðbréfum sem ekki eru viðskipti með á skipulögðum mörkuðum og almennt getur tekið nokkurn tíma að innleysa. Því gæti samstæðan staðið frammi fyrir því að geta ekki innleyst fjárfestingar sínar, fyrir fjárhæðir nálægt gangvirði þeirra, í því skyni að mæta lausafjárþörf sinni.

Til að lágmarka þessa áhættu hefur samstæðan stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir samstæðunnar, sem eru stór hluti af heildareignum hennar, sé hægt að innleysa með stuttum fyrirvara.

Vænt sjóðsflæði eigna og skulda, er eftirfarandi:

2020	0-1 ár	1-5 ár	Yfir 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Eignir:					
Verðbréf	22.995.948	10.403.373	15.688.908	0	49.088.229
Endurtryggingaeignir	845.221	377.762	45.784	0	1.268.767
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	6.728.055	0	0	0	6.728.055
Handbært fé	1.160.223	0	0	0	1.160.223
Eignir samtals	31.729.447	10.781.135	15.734.692	0	58.245.274
Skuldir:					
Tjónaskuld	9.642.408	10.857.761	622.343	0	21.122.512
Iðgjala- og ágóðaskuld	8.744.012	0	0	0	8.744.012
Líftyrrggingaskuld með fjárfestingaáhættu					
líftryggingataka	5.305.346	0	0	0	5.305.346
Leiguskuldir	140.349	148.555	0	0	288.904
Skattur til greiðslu	604.195	0	0	0	604.195
Viðskiptaskuldir	1.832.673	0	0	0	1.832.673
Skuldir samtals	26.268.983	11.006.316	622.343	0	37.897.642
Eignir - skuldir	5.460.464	(225.181)	15.112.349	0	20.347.632
2019					
Eignir:					
Verðbréf	21.242.482	10.544.153	7.683.931	1.617.102	41.087.668
Endurtryggingaeignir	999.482	399.670	18.330	0	1.417.482
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	6.387.628	74.966	0	0	6.462.594
Handbært fé	969.453	0	0	0	969.453
Eignir samtals	29.599.045	11.018.789	7.702.261	1.617.102	49.937.197
Skuldir:					
Tjónaskuld	9.159.412	9.581.253	798.600	0	19.539.265
Iðgjala- og ágóðaskuld	8.059.776	0	0	0	8.059.776
Líftyrrggingaskuld með fjárfestingaáhættu					
líftryggingataka	4.539.047	0	0	0	4.539.047
Leiguskuldir	128.664	276.154	0	0	404.818
Skattur til greiðslu	556.409	0	0	0	556.409
Viðskiptaskuldir	1.590.369	0	0	0	1.590.369
Skuldir samtals	24.033.678	9.857.407	798.600	0	34.689.685
Eignir - skuldir	5.565.367	1.161.382	6.903.661	1.617.102	15.247.513

Skýringar, frh.: ---

33. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og verðbréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhætta er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna stjórna samstæðufélaganna við stýringu markaðsáhætta ræðst af fjárfestingarmarkmiðum félaganna. Starfsmenn samstæðunnar fylgjast með daglegum breytingum á markaði í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórnirnar setja félögunum stefnu um markaðsáhætta minnst einu sinni á ári. Afkoma fjárfestinga er kynnt á mánaðarfresti og stjórnir fá yfirlit yfir fjárfestingar og eignaflokkaskiptingu.

34. Gjaldmiðlaáhætta

Félög samstæðunnar fjárfesta í fjármálagerningum og gera samninga í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli þeirra. Þar af leiðandi stendur samstæðan frammi fyrir hættu á því að gengi gjaldmiðils hennar miðað við aðra gjaldmiðla breytist á þann hátt að það hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna eða skulda samstæðunnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum. Þessar fjárhæðir eru óverulegar í samstæðunni.

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar greinist þannig:

			Aðrir	
2020		USD	EUR	Gjaldmiðlar
Eignir:				Samtals
Verðbréf	36.502	84.699	0	121.201
Endurtryggingaeignir	292	0	0	292
Handbært fé	22.471	24.645	14.992	62.108
Samtals	59.265	109.344	14.992	183.601
Skuldir:				
Vátryggingaskuld	69.717	0	0	69.717
Samtals	69.717	0	0	69.717
Fjárhagsleg staða, nettó	(10.452)	109.344	14.992	113.884

2019

			Aðrir	
2019		USD	EUR	Gjaldmiðlar
Eignir:				Samtals
Verðbréf	28.360	66.734	0	95.094
Endurtryggingaeignir	152	152	0	304
Handbært fé	7.453	8.163	2.567	18.183
Samtals	35.965	75.049	2.567	113.581
Skuldir:				
Vátryggingaskuld	66.365	0	0	66.365
Samtals	66.365	0	0	66.365
Fjárhagsleg staða, nettó	(30.400)	75.049	2.567	47.216

Skýringar, frh.: ---

35. Rekstraráhætta

Samstæðan býr við rekstraráhættu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við mismunandi þætti er varða t.d. starfsfólk, tækni og skipulag, og tengsl við utanaðkomandi þætti aðra en útlána-, markaðs-, eða lausafjárhættur, s.s. lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar er að verjast rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír félagsins verði fyrir skaða. Þetta er gert með alhliða kostnaðareftirliti og skilvirkum starfsreglum.

Til að draga úr rekstraráhættu gerir félagið meðal annars kröfu um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættupáttum, þjálfun starfsfólks og faglegi uppbyggingu fyrirtækisins.

36. Eiginfjáráhætta

Það er stefna stjórnar félagsins að: Viðhalda sterkum eiginfjárgrunni til að stuðla að stöðugleika og þar með skapa öryggi fyrir vátryggingataka en félagið hefur sett sér markmið um gjaldþolshlutfall á bilinu 1,4 til 1,7. Viðhalda skilvirkri ráðstöfun fjármagns og tryggja að ávoxtun eiginfjár uppfylli kröfur hluthafa. Ná fjárhagslegum sveigjanleika með því að viðhalda sterki lausafjárstöðu. Samræma samsetningu eigna og skulda þar sem tekið er tillit til viðeigandi áhættupáttá innan geirans. Viðhalda fjárhagslegum styrk til að mæta kröfum vátryggingataka, eftirlitsaðila og hagsmunaaðila og viðhalda heilbrigðu eiginfjárlutfalli til að styðja við viðskiptamarkmið félagsins og hámarka verðmæti hluthafa. Nánar er fjallað um gjaldþol og eiginfjárvyrirk samstæðunnar í skýringu 25.

Starfsemi samstæðunnar er háð lögum og reglum sem í gildi eru í þeim löndum þar sem starfsemin fer fram. Þær reglur og lög gera ekki aðeins ráð fyrir veitingu leyfa og eftirliti með rekstri heldur setja einnig hamlandi ákvæði (t.d. ákvæði um gjaldþolshlutfall) til að lágmarka áhættu á vanskilum eða gjaldþrotti tryggingarfyrirtækja og til að mæta ófyrirsjáanlegum skuldbindingum eftir því sem þær koma upp. Stefna samstæðunnar er að tryggja nægilegt fjármagn til að uppfylla lagaleg skilyrði eftirlitsaðila.

37. Skuldbindingar

Möguleg skuldbinding vegna áskriftarloforða tengdum fjárfestingum er að hámarki 169 millj. kr. í árslok.

38. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hluthafar, dótturfélög, stjórnir móðurfélags og dótturfélaga, endurskoðunarnefnd, forstjóri og lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Félög í eigu stjórnarmanna eru einnig skilgreind sem tengdir aðilar.

Viðskipti við tengda aðila voru gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

2020	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Hluthafar	159.783	95.473	6	0
Tengd félög	84.706	22.824	23.202	0
Lykilstarfsmenn	3.856	211	1.172	0
Stjórn	82.199	21.296	20.637	0
Samtals	330.544	139.804	45.017	0

Skýringar, frh.:

38. Tengdir aðilar, frh.

2019	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Hluthafar	152.762	131.184	2.262	0
Tengd félög	151.956	75.039	867	0
Lykilstarfsmenn	2.614	5.966	386	0
Stjórn	7.941	942	889	0
Samtals	315.273	213.131	4.404	0

Laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar samstæðunnar greinast þannig:

	2020		2019	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Björgólfur Jóhannsson, stjórnarmaður	7.173	825	6.290	723
Hildur Árnadóttir, stjórnarmaður, fyrrv. formaður	6.515	749	3.885	447
Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarmaður	3.658	421	0	0
Ingi Jóhann Guðmundsson, stjórnarmaður	4.590	528	4.400	506
Ingunn Agnes Kro, stjórnarmaður	3.658	421	0	0
Heimir V. Haraldsson, fyrrv. stjórnarmaður	925	106	4.400	506
Hjörðís E. Harðardóttir, fyrrv. stjórnarmaður	925	106	4.400	506
Erna Gísladóttir, varam., fyrrv. stjórnarmaður og stjórnarform. .	1.318	152	2.490	286
Tómas Kristjánsson, fyrrv. stjórnarmaður	0	0	875	101
Garðar Gíslason, varamaður	385	44	370	43
Hermann Björnsson, forstjóri	53.031	9.024	50.421	8.653
Þrír framkvæmdastjórar	102.525	17.122	97.321	16.039

Í árslok 2020 áttu forstjóri og framkvæmdastjórar félagsins 3.109 þús. hluti í félagini og hlutafé í Sjóvá í eigu stjórnarmanna og tengdra félaga voru 194.041 þús. hlutir.

39. Dótturfélög í samstæðu

	Staðsetning	Hlutur 2020	Hlutur 2019
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	Ísland	100%	100%
Sjóvá Forvarnahúsið ehf.	Ísland	100%	100%

40. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:	2020	2019
Tjónahlutfall*	70,7%	70,0%
Endurtryggingahlutfall	2,0%	2,2%
Kostnaðarhlutfall	19,3%	19,0%
Samsett hlutfall (tjón+endurtryggingar+kostnaður)*	92,0%	91,2%
Rekstrarhlutfall	91,2%	89,2%
Eigið tjónahlutfall*	71,8%	71,3%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	31,5%	29,3%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	28,3%	25,6%
Lágmarksfármagnshlutfall eftir áætlaðan arð	4,40	4,08

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

Skýringar, frh.:

41. Mikilvægar reikningsskilaðferðir

Reikningsskilaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þáttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að laga þær aðferðum samstæðunnar.

(ii) Viðskipti feld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru feld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisýrnunar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Rekstrarkostnaður og sala í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum, hlutdeildarskríteinum og skuldabréfum. Viðskiptakröfur, aðrar kröfur og handbært fé teljast sem fjáreignir. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir teljast fjárskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkanar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiður færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna þeirra rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinnungi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Kröfur eru færðar þann dag sem þær verða til. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Verðbréf

Verðbréf eru í efnahagsreikningi flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hafi þau verið þannig við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákváranir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iii) Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru fjáreignir, aðallega vegna tryggingasamninga, sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðar á opinberum markaði.

Skýringar, frh.:

41. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar, frh.:

(iv) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum innstæðum hjá fjármálastofnunum og auðseljanlegum fjáreignum sem eru á gjalddaga innan þriggja mánaða frá kaupdegi, auðveldlega er hægt að umbreyta í reiðufé og hætta á verðbreytingum er óveruleg.

(v) Afskrifað kostnaðarverð

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afföllum eða yfirverði sem fundið er með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

(vi) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldu er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignir og greiða skuldir samtímis. Engum fjáreignum og fjárskuldu er jafnað saman í efnahagsreikningi.

(vii) Mat á gangvirði

Gangvirði er verð á eign eða skuld í venjubundnum viðskiptum á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Samstæðan metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsvirði sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem tilgreind er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Ef markaður fyrir fjármálagerning er ekki virkur metur samstæðan gangvirðið á grundvelli matsaðferða, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjármálagerninga og núvirt sjóðsflæði. Sú matsaðferð sem notuð er hámarkar notkun markaðsupplýsinga en takmarkar eins og hægt er forsendur sem ekki byggjast á markaðsupplýsingum. Matið byggir einnig á öllum þeim þáttum sem markaðsaðilar taka tillit til við verðákvarðanir og er í samræmi við viðurkenndar verðmatsaðferðir fyrir fjármálagerninga. Breytur í matsaðferðum endurspeglar á áreiðanlegan hátt væntingar á mörkuðum og mat á þeim áhættupáttum sem fjármálagerningurinn felur í sér.

(viii) Virðisrýrnun fjáreigna

Fjáreignir sem ekki eru metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun. Fjáreign hefur rýmað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu eignarinnar benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnunin var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun viðskiptavildar er þó ekki bakfærð.

Skýringar, frh.: ---

41. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Innifalinn er kostnaður sem rekja má beint til kaupa á eigninni.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinnungur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjalfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	25 - 50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	2 - 7 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

e. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur samstæðan mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguþluta úthlutar samstæðan endurgjaldinu á sérhvern leiguþluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur samstæðan hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguþluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og að frádregnum leiguþlvinnum sem samstæðan hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til samstæðunnar í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að samstæðan muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ávarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni samstæðunnar. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tiltækir, en annars notar samstæðan þá vexti sem hún fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar samstæðan vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Samstæðan ákværðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspeglar skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leig.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati samstæðunnar á fjárhæð sem hún væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef samstæðan breytir mati sínu á því hvort hún muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Skýringar, frh.: ---

41. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.:

f. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndaðist við kaup á dótturfélagi.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýnun. Virðispróf er framkvæmt árlega eða oftar ef atburðir eða breytingar gefa til kynna virðisrýnun á bókfærðu verði viðskiptavilda. Viðskiptavildinni er ráðstafað á yfirtökudegi til allra sjóðskapandi eininga samstæðunnar sem ætlað er að njóti samlegðar af sameiningunni óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum hefur verið ráðstafað til þessara eininga. Hver eining sem viðskiptavild er ráðstafað til endurspeglar minnstu einingu innan samstæðunnar þar sem fylgst er með viðskiptavildinni sem hluta af innri stjórnun.

(ii) Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður á kostnaðarverði búnaðarins ásamt kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er afskrifaður miðað við áætlaðan nýtingartíma hans, sem eru 2-5 ár, undir liðnum rekstrarkostnaður.

Viðhaldskostnaður vegna hugbúnaðar er færður undir liðinn rekstrarkostnað þegar hann fellur til.

(iii) Virðisrýnun eigna sem ekki teljast fjáreignir

Eignir sem hafa ótigreindan nýtingartíma eru ekki afskrifaðar en fara árlega í virðispróf. Hvenær sem atburðir eða breyttar aðstæður valda því að vísbindingar eru um að bókfært verð sé ekki enduheimtanlegt fara þær í gegnum mat á virðisrýnun. Virðisrýnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Til þess að meta virðisrýnun er eignum skipt niður í minnstu aðgreinanlegu hópa eigna sem mynda aðgreinanlegt sjóðstreymi. Eignir sem ekki teljast fjáreignir, aðrar en viðskiptavild, eru methar á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort vísbindingar séu um að rýmuni hafi minnkað eða horfið.

g. Vátryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

(i) Skilgreining tryggingasamninga

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataku með því að samþykka að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhættu er öll áhættu, önnur en fjárhagsleg áhættu, sem flutt er frá vátryggingataku til útgefanda vátryggingasamnings, svo sem vegna eignatjóns, slyss, sjúkdóms eða andláts.

(ii) Vátryggingasamningar - flokkun

Tryggingasamningar samstæðunnar greinast í two flokka eftir því hversu lengi vátryggingaáhættan varir og hvort samningarnir eru fastir eða breytilegir.

Skaðatryggingar

Tryggingasamningar í þessum flokkir eru ábyrgðatryggingar, slysatryggingar og eignatryggingar.

Ábyrgða- og slysatryggingasamningar bæta tjón sem hinn vátryggði veldur þrója aðila vegna afleiðinga lögmætra aðgerða hans og bætir einnig hinum vátryggða það tjón sem hann verður fyrir í samræmi við skilmála tryggingasamningsins.

Eignatryggingar greiða aðallega bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna framlegðartaps ef tjón eigna veldur því að eignirnar nýtast ekki í rekstri.

Líftryggingar

Þessir vátryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna sjúkdóma.

Iögjöld eru færð til tekna línulega á vátryggingatímabili og bótagreiðslur eru færðar til gjalda á því tímabili sem hinn tryggði atburður á sér stað.

Skýringar, frh.:

41. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.:

(iii) Fjárfestingar þar sem fjárfestingaráhætta er borin af líftryggingataka

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu samstæðunnar sem vátryggingatakar í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka er skuldbinding samstæðunnar gagnvart umræddum líftryggingatökum að sömu fjárhæð.

(iv) Tjónaskuld

Samstæðan metur á uppgjörsdegi hvort skráð tjónaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar með því að meta framtíðarfjárflæði tjónaskuldarinnar. Allar breytingar á tjónaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi (sjá skýringu 9). Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

(v) Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir til að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættuna umfram umsamda fjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeilda þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggjum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga er hlutdeild endurtryggjenda í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem færð eru í rekstrarreikning við endurnýjun samninganna (sjá skýringar 7 og 9).

h. Eigið fé

(i) Hlutafé

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtoldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

(ii) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af hluthöfum á aðalfundi.

i. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar talið er að samstæðan beri lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavíði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

j. Tekjur og gjöld af vátryggingastarfsemi

(i) Iðgjöld

Tekjfærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingahættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

(ii) Umboðslaun

Umboðslaun í rekstrarreikningi er þóknun frá endurtryggjendum.

(iii) Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækku eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra óuppgerðra tjóna, auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

Skýringar, frh.:

41. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

k. Tekjur og gjöld af fjárfestingum

(i) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta nákvæmlega væntar framtíðargreiðslur á væntum liftíma fjáreigna eða fjárskulda og endurspeglar virkir vextir bókfært verð fjáreigna og fjárskulda. Virkir vextir myndast við upphaflega skráningu fjáreigna og fjárskulda og eru ekki endurskoðaðir síðar á liftímanum.

Útreikningur virkra vaxta felur í sér allar bóknanir og álag eða frádrag, greitt eða móttekið, viðskiptakostnað og aföll eða yfirverð sem eru óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum. Viðskiptakostnaður er kostnaður sem hægt er að rekja beint til yfirtöku, útgáfu eða afskránings fjáreigna eða fjárskulda.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum og fjárskuldu sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta og vexti af handbæru fé.

(ii) Gangvirðisbreytingar fjáreigna

Gangvirðisbreytingar fjárfestinga í verðbréfum samanstanda af breytingum á gangvirði þeirra.

(iii) Gengismunur

Gengismunur samanstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Nettó gengismunur er færður í rekstrarreikning með fjármunatekjum.

I. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, markaðskostnaði, upplýsingatækni-kostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum rekstrarfjármuna og öðrum kostnaði.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttингa á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrrí ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna upphaflegrar skráningar eigna eða skulda sem hafa ekki áhrif á reikningshaldslega eða skattalega afkomu.

Frestaður tekjuskattur er metinn með því skatthlutfalli sem búist er við að verði lagt á tímabundna mismuni þegar þeir snúast við, byggt á lögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd á uppgjörsdegi. Skatteign og tekjuskattskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskattsskulda og skatteign og þegar skattarnir munu verða lagðir á af sömu skattyfirvöldum á sama fyrirtæki, eða á fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

Skýringar, frh.: ---

41. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.:

n. Hagnaður á hlut

Samstæðan birtir í ársreikningnum grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti í félagini. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félagini, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða breytanlega lánasamninga.

o. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar.

p. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Við gerð ársreikningsins er beitt sömu reikningsskilaðferðum og beitt var árið 2019. Alþjóða reikningsskilaráðið hefur gefið út nokkra nýja staðla og túlkanir auk þess að gera breytingar á áður útgefnum stöðlum. Eftirfarandi er umfjöllun um þá staðla, túlkanir og breytingar sem máli skipta fyrir félagið.

IFRS 9 *Fjármálagerningar* gildir frá og með árinu 2018 og leysir af hólmi nágildandi staðal IAS 39 *Fjármálagerningar: Færsla og mat* auk þess að leiða til breytinga á öðrum stöðlum, einkum IFRS 7 *Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf*. Samkvæmt IFRS 9 mun flokkun fjáreigna og reikningshaldsleg meðhöndlun þeirra einkum ráðast af viðskiptalíkani, en eðli fjármálagerninganna skiptir einnig máli. Stjórnendur telja að staðallinn muni hafa óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins þar sem meirihluti fjáreigna er færður á gangverði og fellur því ekki undir nýtt virðisrýrnunarlikan. Félagið mun nýta sér undanþágu frá innleiðingu staðalsins og innleiða hann með IFRS 17.

IFRS 17 *Vátryggingasamningar* var gefinn út árið 2017, mun gilda frá og með árinu 2023. IFRS 17 breytir í grunnatriðum reikningshaldi allra fyrirtækja sem gefa út vátryggingasamninga. Félagið hefur hafið vinnu við að meta áhrif staðalsins en ekki er ljóst hversu mikil áhrif hann mun hafa á reikningsskil félagsins því möguleg áhrif hafa ekki verið metin til fulls.

Viðauki við skýringu 26 (óendurskoðað)

Þróun tjónaskulda

Þróun tjónaskulda samstæðunnar í skaðatryggingum síðustu tíu ára og staða þeirra í árslok 2020 er sýnd hér á eftir.

Til viðbótar við framtíðarspár er þróun vátryggingaskulda mælikvarði á getu samstæðunnar til að ákvarða endanlega tjónafjárhæð. Í fyrri töflunni (þríhyrningnum) kemur fram hvernig heildarfjárhæð tjóna hefur þróast síðustu ár. Þá koma fram uppsafnaðar tjónagreiðslur og staða tjónaskulda í árslok 2020. Í neðri töflu (tjón í eigin hlut) hefur hlutdeild endurtryggjenda verið dregin frá tjónagreiðslum sem og þeirra hluti í tjónaáætlunum.

Árin 2014 - 2020 eru reiknuð miðað við Solvency II þar sem tjónaskuldin er reiknuð sem besta mat og núvirt en eldri ár eru úr fyrri ársreikningum.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Samtals
Heildarfjárhæðir (millj. kr.)											
Mat á endanlegum tjónakostnaði:											
- í lok tjónsárs											
- í lok tjónsárs	8.411	8.835	8.690	8.757	10.784	10.446	11.227	13.270	13.915	14.212	
- einu ári síðar	8.804	9.449	8.408	9.412	11.319	10.231	11.013	13.464	14.346		
- tveimur árum síðar	8.627	8.605	8.713	9.500	11.710	10.818	11.669	13.204			
- þremur árum síðar	7.542	8.449	8.955	9.695	11.862	10.793	11.521				
- fjórum árum síðar	7.535	8.356	8.859	9.435	11.829	11.059					
- fimm árum síðar	7.435	8.359	8.825	9.379	11.896						
- sex árum síðar	7.436	8.327	8.762	9.389							
- sjö árum síðar	7.416	8.277	8.814								
- átta árum síðar	7.413	8.228									
- níu árum síðar	7.413										
Mat á uppsöfnuðum tjónum											
í árslok 2020	7.413	8.228	8.814	9.389	11.896	11.059	11.521	13.204	14.346	14.212	
Uppsafnaðar tjónagreiðslur											
í árslok 2020	(7.379)	(8.168)	(8.732)	(9.218)	(11.481)	(10.300)	(10.348)	(10.718)	(8.555)	(5.915)	
Tjónaskuld samtals	35	60	82	171	415	759	1.172	2.486	5.791	8.298	19.269
Tjónaskuld vegna eldri ára											
Tjónaskuld vegna líftrygginga											717
Áhættuálag											1.007
Tjónaskuld alls í árslok 2020											21.123
Tjón, eigin hlutur (millj. kr.)											
Mat á uppsöfnuðum tjónum í eigin hlut											
í árslok 2020	7.332	7.666	8.718	9.264	11.305	11.047	11.428	12.240	14.200	14.014	
Uppsafnaðar tjónagreiðslur í eigin hlut											
í árslok 2020	(7.298)	(7.607)	(8.635)	(9.098)	(10.955)	(10.288)	(10.317)	(10.294)	(8.423)	(5.867)	
Tjónaskuld í eigin hlut samtals	35	60	82	166	350	759	1.111	1.946	5.777	8.147	18.432
Tjónaskuld vegna eldri ára											
Tjónaskuld vegna líftrygginga											543
Áhættuálag											1.007
Tjónaskuld alls í árslok 2020, í eigin hlut											20.112

Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)

Vátryggingastarfsemi	4F 2020	3F 2020	2F 2020	1F 2020	Samtals 2020	4F 2019	3F 2019	2F 2019	1F 2019	Samtals 2019
	2020	2020	2020	2020	2020	2019	2019	2019	2019	2019
Iðgjöld tímabilsins	5.455.383	5.553.184	4.539.027	5.283.696	20.831.290	5.230.556	5.384.844	5.219.554	4.797.551	20.632.506
Hluti endurtryggj. í iðgjaldtekjum	(221.731)	(221.451)	(250.610)	(320.792)	(1.014.584)	(225.461)	(221.791)	(249.987)	(234.679)	(931.919)
Eigin iðgjöld.	5.233.652	5.331.733	4.288.417	4.962.904	19.816.706	5.005.095	5.163.053	4.969.567	4.562.872	19.700.587
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri*	30.308	29.768	41.960	73.062	175.099	76.132	111.064	124.096	129.239	440.531
Aðrar tekjur	89.113	31.035	48.125	49.328	217.602	55.201	29.164	81.866	37.482	203.713
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.353.074	5.392.536	4.378.503	5.085.295	20.209.407	5.136.427	5.303.281	5.175.529	4.729.593	20.344.832
Tjón tímabilsins*	(3.633.491)	(3.658.670)	(3.242.114)	(4.185.351)	(14.719.626)	(3.994.020)	(3.614.404)	(3.543.395)	(3.281.590)	(14.433.409)
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	(50.577)	(151.019)	(83.805)	(312.078)	(496.325)	(130.556)	(86.358)	(79.447)	(80.754)	(377.116)
Eigin tjón	(3.684.068)	(3.507.651)	(3.158.309)	(3.873.272)	(14.223.301)	(3.863.464)	(3.528.046)	(3.463.948)	(3.200.836)	(14.056.293)
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	(1.087.925)	(896.582)	(1.006.924)	(1.026.864)	(4.018.295)	(1.007.688)	(910.911)	(993.130)	(1.006.706)	(3.918.435)
Heildargjöld af vátryggingarekstri	(4.771.993)	(4.404.233)	(4.165.233)	(4.900.136)	(18.241.595)	(4.871.152)	(4.438.957)	(4.457.078)	(4.207.542)	(17.974.728)
Hagnaður af vátryggingarekstri	581.080	988.303	213.270	185.159	1.967.812	265.275	864.324	718.451	522.051	2.370.108
Fjárfestingastarfsemi										
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi*	2.599.583	717.212	1.812.136	(29.672)	5.099.258	760.590	(6.073)	1.416.274	1.029.097	3.199.886
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.*	(68.148)	(35.793)	(228.417)	(345.631)	(677.988)	(110.493)	(135.046)	(286.813)	(272.827)	(805.182)
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(56.784)	(109.896)	(117.812)	(176.305)	(460.797)	(87.895)	(82.795)	(85.946)	(98.038)	(354.674)
Hagnaður (tap) af fjárfestingastarfsemi	2.474.651	571.523	1.465.907	(551.608)	3.960.472	562.202	(223.914)	1.043.515	658.232	2.040.030
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	3.055.732	1.559.825	1.679.176	(366.452)	5.928.285	827.477	640.410	1.761.966	1.180.283	4.410.135
Tekjuskattur	(73.846)	(294.130)	(141.537)	(98.785)	(608.298)	(19.020)	(197.086)	(214.287)	(126.880)	(557.273)
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins	2.981.886	1.265.695	1.537.639	(465.237)	5.319.986	808.457	443.324	1.547.679	1.053.403	3.852.862
Tjónahlutfall*	66,6%	65,9%	71,4%	79,2%	70,7%	76,4%	67,1%	67,9%	68,4%	70,0%
Endurtryggingahlutfall	3,9%	1,2%	3,2%	(0,1%)	2,0%	1,3%	2,5%	2,0%	2,4%	2,2%
Kostnaðarhlutfall	19,9%	16,1%	22,2%	19,4%	19,3%	19,3%	16,9%	19,0%	21,0%	19,0%
Samsett hlutfall*	90,4%	83,2%	96,8%	98,5%	92,0%	96,9%	86,5%	88,9%	91,8%	91,2%
Rekstrarhlutfall	89,9%	82,4%	95,4%	96,6%	91,2%	95,5%	84,3%	86,6%	89,5%	89,2%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	64,9%	36,0%	40,2%	(9,2%)	31,5%	22,0%	17,3%	47,8%	33,7%	29,3%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	63,3%	29,2%	36,8%	(11,7%)	28,3%	21,5%	11,9%	42,0%	30,0%	25,6%
Hagnaður (tap) á hlut	2,22	0,95	1,15	(0,35)	3,98	0,62	0,32	1,12	0,76	2,82
Niðurstaða endurtrygginga	(211.244)	(66.850)	(146.227)	7.488	(416.832)	(66.703)	(133.118)	(109.636)	(145.734)	(455.191)
Vátryggingaskuld	29.866.524	31.086.175	31.494.353	31.739.584	29.866.524	27.599.041	28.572.008	28.811.586	28.190.028	27.599.041
Heildareignir	59.261.201	57.519.224	56.658.098	54.630.716	59.261.201	50.983.631	51.515.530	51.830.760	49.806.859	50.983.631
Eigið fé	21.363.559	18.381.708	17.116.013	15.578.340	21.363.559	16.293.948	15.869.087	15.665.818	14.227.575	16.293.948
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu	1,67	1,83	1,56	1,43	1,67	1,67	1,59	1,54	1,43	1,67
Lágmarksfármagnshlutfall	4,40	4,24	3,93	3,65	4,40	4,08	4,06	4,01	3,70	4,08

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

Stjórnarháttayfirlýsing 2020 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/19951, lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/20162 og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/20173.

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/20194 eru vátryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/20065.

Sjóvá samstæðan starfar á vátryggingamarkaði og er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvár miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum vátryggingafélögum í árslok 2019 um 28% í skaðatryggingum og um 32% í líf- og heilsutryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins.

Starfsemi Sjóvár er fjölbreytt og þjónustan yfirgrípsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum til um 7.700 fyrirtækja og um 76.500 einstaklinga hér á landi. Í árslok 2020 störfuðu 191 starfsmenn hjá Sjóvá í 186 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Sjóvá hefur verið skráð félag á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland síðan 11. apríl 2014 og því gilda um starfsemina lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/20076 og reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður nr. 940/20187. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 21. janúar 2020 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst var við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins útgefnum í maí 20158 við ritun stjórnarháttayfirlýsingarinnar.

Sjóvá starfar eins og að framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti og uppfyllir ákvæði þeirra, en á því er ein undantekning.

Í grein 1.1 eru tilgreindar kröfur þess efnis að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt að hluta til eða öllu leyti og greitt atkvæði án þess að vera á staðnum. Stjórn Sjóvár hefur hingað til ekki talið réttlætanlegt að uppfylla þessar kröfur að teknu tilliti til samsetningar hluthafahópsins og kostnaðar.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um vátryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með vátryggingastarfsemi.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþáttu félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættupáttu sem krafist er í lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um vátryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 15. desember 2020.

¹ www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html

² www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html

³ www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html

⁴ www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html

⁵ www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html

⁶ www.althingi.is/lagas/nuna/2007108.html

⁷ <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/allar/nr/940-2018>

⁸ <http://leidbeiningar.is/>

Stjórnarháttayfirlýsing 2020 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi er í samræmi við þrjár varnarlinur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir kleift að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra svíða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, árlegt eigið áhættu- og gjaldþolpsmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og auðvelda félagini að uppgötva og leiðréttá hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættubættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir stærstu áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttáð og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega vátryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni sem starfssviðið hefur framkvæmt, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin endurnýjuð eftir úttekt sem framkvæmd var í júní 2020.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2022. Innri endurskoðun er útvistað til Ernst & Young ehf.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Á árinu 2020 var áfram unnið að settum markmiðum um stöðu félagsins til framtíðar. Þau byggja á stefnu sem mörkuð var árið 2013 og byggir hún á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísnum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan – þannig sýnum við frumkvæði
- Höfum það einfalt – þannig gerum við okkur skiljanleg
- Segjum það eins og það er – þannig sýnum við heiðarleika
- Verum vingjarnleg – þannig verður allt fyrirtækið eftirsóknarvert

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn Sjóvár samþykkti starfsreglur sínar síðast 21. janúar 2020. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið félagsins náiist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðeru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2020 fór fram í janúar 2021. Stjórn lagði mat á stærð stjórnar, samsetningu, verklag og starfshætti. Stjórnin taldi sig hafa starfað í samræmi við starfsreglur sínar og tryggt að fyrir liggi reglur og stefnur um reksturinn, enda eru reglur og stefnur endurskoðaðar með reglulegu millibili og eftir því sem aðstæður krefjast í starfsumhverfinu. Starf stjórnarinnar byggir á fyrirfram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefnda stjórnar og frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtíma markmið stjórnar og stjórnenda.

Stefna samstæðunnar um samfélagslega ábyrgð er sem hér segir:

„Við hjá Sjóvá teljum mikilvægt að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini,

Stjórnarháttayfirlýsing 2020 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

hluthafa og starfsmenn. Sjóvá styður og hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum, vinnur markvisst að jafnrétti og jöfnum tækifærum innan félagsins meðal annars með virkri mannréttindastefnu og jafnlaunavottun. Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum eigin starfsemi með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Leitast er við að tryggja að spilling, glæpsamleg starfsemi og peningaþvætti eigi sér ekki stað innan félagsins eða í viðskiptum við það. Vegvísar Sjóvár byggja undir áreiðanleika og gagnsæi starfseminnar. Auk þeirra er starfsfólkí uppálagt að fylgja útgefnum siðareglum félagsins sem eru grunnnið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.“

Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014.

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áhersla Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og griða til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helnings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Stærstu forvarnaverkefni Sjóvár á árinu 2020 sneru að áhættuskodunum og ráðgjöf til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði og árveknisátaks um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Sjóvá hefur verið aðalbakhjarl Landsbjargar og vinnur þétt með samtökunum að fjölbreyttum verkefnum á sviði forvara, öryggismála og trygginga. Lögð hefur verið áhersla á að bæta flokkun sorps og auka hlutfall endurvinnslu. Í tjónum og tjónavinnslu hefur verið leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Er það gert með því að nýta notaða hluti sem varahluti eftir föngum og gera við framrúður í stað þess að skipta þeim út ef þess er kostur. Leitast er við að minnka sóun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni, fremur en að þeir fari til förgunar og nýji keyptir.

Sjóvá hefur um árabil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í félaginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur alltaf mælst milli 0-2%. Til að deila bekkingu sinni og styðja aðra til árangurs á sviði jafnréttismála styrkir Sjóvá Jafnvægisvogina sem er nýtt hreyfiaflsverkefni FKA og forsætisráðuneytisins sem hefur það markmið að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar íslenskra fyrirtækja og styður einnig starfsemi UAK, Ungra athafnakvenna.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkunar auðlinda í rekstrinum og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Fjórðungur bíla í rekstri Sjóvár eru nú raf- og tvinnibílar og markmið verið sett um að hækka hlutfall þeirra. Sjóvá hefur kolefnisjafnað eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna í samstarfi við Kolvið frá árinu 2015. Sjóvá styrkti Neyðarvarnir Rauða kross Íslands á árinu til að bæta aðbúnað við uppsetningu fjöldahjálparstöðva en þörf fyrir þær hefur aukist mikil í tengslum við veðurofsa og náttúruhamfarir. Er það í samræmi við heimsmarkmið 12 um að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara.

Sjóvá birtir nánari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq í ársskýrslu félagsins og á sjova.is.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur tilnefningarnefndar, stefna um persónuvernd, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn

Stjórn skal skv. samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem hlutfallskosning milli einstaklinga og skulu fyrstu fjögur stjórnarsæti skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið og skal sá einstaklingur sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fíðum stjórnarmönnum teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Í kjöri til varamennsku í stjórn teljast kjörin sú kona og sá karl sem flest atkvæði fá í kjörinu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi eftir því sem við á. Í starfsreglum stjórnar segir að leitast skuli við að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir gagnvart félaginu og daglegum stjórnendum þess. Úr hópi aðalmannna skal kjósa stjórnarformann og varaformann stjórnar með einföldum meirihluta. Hlutverk tilnefningarnefndar er meðal annars að leitast við að tryggja fjölbreytileika innan stjórnar. Ekki er í gildi stefna um fjölbreytileika eins og henni er lýst í lögum um ársreikninga en gildandi mannréttindastefna félagsins lýsir áherslum Sjóvár í jafnréttismálum. Markmið stefnunnar er að tryggja að mannauður félagsins verði sem best nýttur með því að stuðla að jafnri stöðu kynja og jöfnum tækifærum einstaklinga.

Stjórnarháttayfirlýsing 2020 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Aðalmenn í stjórn Sjóvár eru Björgólfur Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Árnadóttir, varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Björgólfur, Guðmundur Örn, Hildur og Ingunn eru óháð féluginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnarmaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhlut yfir 10% í Sjóvá.

Stjórn Sjóvár fundaði 18 sinnum á árinu 2020 og voru stjórnarfundir fullskipaðir stjórnarmönnum að tveimur frátöldum þar sem einn stjórnarmaður forfallaðist.

Björgólfur Jóhannesson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvár 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var svo aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarmennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingarpróf í endurskoðun. Björgólfur starfaði sem annar forstjóri Samherja. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri og framkvæmdastjóri Icelandair Group 2008-2018. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. Gjögri hf., Festi hf., Íslandsstofu og í stjórnstöð ferðamála fyrir SAF.

Björgólfur er óháður féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárváningars Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Existia hf., Lýsingar hf., Skipta hf., VÍS og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnnum Íslandsstofu, Eldeyjar TLH hf., Norðursiglingar hf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við Háskólan í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildaðar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líffryggingafélags Íslands (Lifís) 2008-2011. Frá 2011-2013 sínti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á svíði nýsköpunar. Frá 2014 hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri TRU Flight Training Iceland ehf. sem kom á fót rekstri flughermis í þjáfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarmaður. Hann er í dag stjórnarmaður hjá Vinnslustöðinni hf., og stjórnarmaður hjá Brandenburg ehf. og BL ehf.

Guðmundur er óháður féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávarafurða frá 1995-2000. Hann situr í stjórnnum Síldarvinnslunnar hf. og SVN eignafélags ehf. Ingi Jóhann er stjórnarmaður í SVN eignafélagi ehf. SVN eignafélag ehf. á 14,52% hlut í Sjóvá, en auch þess á Ingi óbeinan hlut í SVN eignafélagi í gegnum Síldarvinnsluna hf. og Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í Síldarvinnsluni og Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingi telst óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Hún er BA og MA í lögfræði frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi, löggiltur verðbréfamíðlari og stundar nú MBA nám við Háskóla Íslands. Ingunn starfaði hjá Skeljungi hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu-

Stjórnarháttayfirlýsing 2020 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

og samskiptasviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetrnisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakenndari og síðar aðjúntk hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórnarmaður í HS Orku hf. og situr auk þess í endurskoðunar- og starfskjaranefnd félagsins. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og situr í endurskoðunarnefnd félagsins. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórnum

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna sat í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Auk framangreinds situr hún í stjórnnum BLIH hf., Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Umbreytingar slhf. og Hregg ehf.

Erna er óháð féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 3,03% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattranssóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattranssóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Hlíðarfótur ehf., Valshjartað hf. og Kná ehf.

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Hermann Björnsson, stjórnarmaður, Hafdís Böðvarsdóttir viðskiptafræðingur og Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson lögmaður. Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvár lífs átti sjö fundi á árinu 2020.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár og Sjóvár lífs skipa Helga Sigríður Böðvarsdóttir formaður, Friðrik S. Halldórsson og Hildur Árnadóttir sem jafnframt situr í stjórn Sjóvár. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftar ef þurfa þykir. Nefndin átti sjö fundi árið 2020. Fundir voru allir fullskipaðir nefndarmönnum. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórnnum Sjóvár og Sjóvár lífs og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra. Helstu umfjöllunarefnir nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, rýni starfsreglna, rýni verklags við útreikning vætryggingaskuldar, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu tryggingastærðfræðings, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemendum þeirra. Endurskoðunar-nefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, rýndi stefnu um innra eftirlit og innri endurskoðun, kynnti sér útreikninga vætryggingaskuldar, svörun erinda og skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og tilhögun upplýsingajafar stjórnenda til stjórnar, kynnti sér stöðu á gerð heildstæðs yfirlits innra eftirlits (e. Assurance map), setti starfsreglur um aukaverk endurskoðenda og lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á sviðum tjónavinnslu, endurtrygginga, regluvörslu, trygginga- og tölfraðigreiningar, og mannauðs, auk árlegrar úttektar á upplýsingatækni og stjórnarháttum.

Stjórnarháttayfirlýsing 2020 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum og átti nefndin tvö fundi á árinu.

Tilnefninganefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegi bekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð premur nefndarmönnum sem fyrst voru kjörnir á hluthafafundi 26. október 2018 og síðar endurkjörnir á aðalfundi 15. mars 2020. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir formaður, Jón Birgir Guðmundsson og Vilborg Lofts. Nefndin átti 8 fundi á árinu 2020.

Fjárfestinganefnd

Í reglum stjórnar Sjóvár um fjárfestingarstarfsemi félagsins eru skýrðar heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrirfram ákveðins samþykkis stjórnar. Fjárfestinganefnd, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, forstöðumannni fjárfestinga og staðgengli forstöðumanns fjárfestinga, fer sameiginlega með fjárfestingaumboð forstjóra. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með fjárfestingum samstæðunnar og ber nefndin ábyrgð á að rýna fjárfestingastefnu og bera undir stjórn til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári.

Áhættu- og öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn félagsins til stuðnings við greiningu og stýringu á þeim áhættum sem félagið stendur frammi fyrir. Áhættu- og öryggisnefnd hefur einnig yfirumsjón með því að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis og að öryggismál séu ávallt í takti við þarfir félagsins og uppfylli lög og reglur. Nefndin rýnir áhættustefnu, ORSA stefnu, upplýsingaöryggisstefnu, upplýsingatæknistefnu, stefnu um útvistun, stefnu um gæði gagna og gæða- og öryggisstefnu áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Nefndin hefur eftirlit með og tekur ákvörðun um eigin áhættu og endurtryggingavernd félagsins að tillögu fjármálasviðs. Í nefndinni sitja forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála sem er formaður nefndarinnar, forstjóri og framkvæmdastjórn.

Forstjóri

Forstjóri Sjóvár er **Hermann Björnsson**, fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyri mælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann Björnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kauppings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnnum Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna, líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. og Samtaka fjármálaþyrtækja. Hann situr í stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011. Hermann á 0,044% eignarhlut í félaginu.

Skipurit samstæðu

Starfsemi félagsins er skipt upp í þrjú meginþróun, þ.e. fjármál og þróun, sölu og ráðgjöf og tjón. Áhættustýring og gæðamál, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, hagdeild, mannaúður, stefnumótun og viðskiptaþróun og trygginga- og tölfraðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar briggja meginþróuna félagsins. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er staðgengill forstjóra og einnig framkvæmdastjóri Sjóvár lífs.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu svöldi gagnvart forstjóra. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé í félaginu eins og síðar greinir en engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur félagsins.

Ólafur Njáll Sigurðsson, fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri fjármála og þróunar og staðgengill forstjóra. Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu og reikningshaldi, endurtryggingum og upplýsingatæknini. Ólafur Njáll er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Ólafur Njáll er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1984. Hann var fjármálastjóri hjá Latabæ ehf. 2004-2009 og forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins hf. frá 1990-2004. Hann starfaði sem

Stjórnarháttayfirlýsing 2020 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins hf. 1987-1989 sem bókari og aðalbókari hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1982-1987. Ólafur Njáll situr í stjórnum Sigurðar Njálssonar ehf. og Ásgeirs Péturssonar ehf. Ólafur Njáll hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2009. Félag í hans eigu og undir hans stjórn á 0,063% eignarhlut í Sjóvá.

Auður Danielsdóttir, fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu, auk og markaðsmála og forvarna og stofnstýringar. Auður er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997, og lauk diplómanámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands 2002 og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona 2008. Hún var framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007-2017 en var áður starfsmannastjóri frá 2002. Auður starfaði sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf. 1998-2002, sem fulltrúi í hagdeild Samskipa hf. 1997-1998 og flugfreyja hjá Flugleiðum hf. 1991-1997. Auður á 0,063% eignarhlut í félagini.

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónasviðs. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvæðanir, tjónaskoðun, áætlun á tjónaskuld og lögfræðiþjónustu. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvár frá 2012 og síðar viðskiptaþróunar og rekstrar og þróunar. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Elín starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórn Valitors hf., Símans hf., Radíómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín á 0,063% eignarhlut í félagini.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

21. janúar 2021

Ófjárhagslegar upplýsingar

Við vinnslu á ófjárhagslegum upplýsingum er stuðst við UFS (e. ESG) leiðbeiningar sem Nasdaq hefur sett fram fyrir skráð fyrirtæki á markaði. Þessi viðmið uppfylla ákveðna þætti hins alþjóðlega staðals, Global Reporting Initiative, sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að miðla upplýsingum um samfélagsábyrgð með gagnsæjum og skýrum ...

Félagið hefur sett sér stefnu sem snýr að gæðum gagna, en tilgangur hennar er leitast við að tryggja sem mest gæði gagna enda eru þau grundvöllur útreikninga, áhættugreininga, verðlagningar og ákvörðunartöku. Markmiðið er að gögnin séu rétt, áreiðanleg og fullnægjandi fyrir skýrslugerð og útreikninga. Ófjárhagslegar upplýsingar eru unnar eftir útgefnum stefnum og verkferlum félagsins sem vistaðar eru í gæðakerfi félagsins. Stefnan nær til stjórnenda, starfsmanna og þjónustuaðila sem og upplýsingakerfis samstæðunnar.

Sjóvá er með öflugt gæðakerfi þar sem öll frávik, ábendingar og kvartanir eru skráðar. Unnið er úr ábendingum eftir fyrirfram skilgreindu verklagi. Upplýsingar um frávik eru yfifarnar reglulega á framkvæmdastjórnarfundum og málum ekki lokað fyrr en gæðastjóri telur að eðlilega hafi verið unnið úr þeim og leyst úr þeim á fullnægjandi hátt. Framkvæmdar eru innri úttektir á gæðaskjölum samkvæmt fyrirfram skilgreindri úttektaráætlun. Sjóvá er með vottun skv. upplýsingaöryggisstaðlinum ISO27001.

Umfang sjálfbærnis og ófjárhagslegra upplýsingar fer vaxandi og kröfur aukast. Félagið er á vegferð sem er langt frá því að vera lokið, en vakning hefur orðið í samfélaginu síðustu árin sem félagið hefur tekið þátt í og stefnt er að því að bæta enn frekar í þessu sviði. Sjóvá birtir UFS (e.ESG) mælikvarða á árskýrsluvef félagsins, en ekki hefur farið fram úttekt ytri aðila á þeim upplýsingum en stefnt er að úttekt á næsta ári. Ófjárhagslegar upplýsingar eru yfifarnar af framkvæmdastjórn og eru hluti af ársreikningi félagsins sem er yfifarin endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendum og staðfestar af stjórn félagsins.

Um Sjóvá og viðskiptalíkan þess:

Sjóvá er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Sjóvá samstæðan starfar á vátryggingamarkaði, er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga, og starfar samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/2017.

Sjóvá hefur verið skráð félag á aðalmarkaði Nasdaq Iceland frá 11. apríl 2014.

Tryggingar snúast um að takmarka áhrif áfalla á fjárhagslega afkomu einstaklinga og fyrirtækja. Sjóvá býður tryggingar á öllum sviðum og tryggir allt frá snjalltækjum til stærstu skipa í íslenska flotanum. Um rekstur Sjóvár og annarra tryggingafélaga gildir sértæk löggyjöf og reglugerðir er varða ólíka þætti rekstursins sem er nátengdur almannahagsmunum og eftirlitsskyldur. Sjóvá er einnig skráð í kauphöll en hvoru tveggja fylgir rík upplýsingaskylda og krafa um gagnsæi. Stjórnarhættir félagsins eru í samræmi við lög og leiðbeiningar.

Sjóvá býður upp á fjölbreyttar vörur á sviði trygginga fyrir einstaklinga, fyrirtæki, húsfélög og stofnanir. Félagið annast tryggingavernd til um 7.700 fyrirtækja og um 76.500 einstaklinga hér á landi og er starfsemi félagsins því fjölbreytt og þjónustan yfirgrípsmikil. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvár, miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum vátryggingafélögum, í árslok 2019 um 28% í skaðatryggingum og um 32% í líf- og heilsutryggingum. Stöðugt er unnið að þróun á vörum félagsins, þær aðlagðar að breytingum í samfélaginu, tryggt að þær taki tillit til fjölbreyttra og ólíkra þarfa viðskiptavina, auk þess sem litioð er til þróunar trygginga í nágrannalöndunum. Með virku áhættumati, fjölbreyttu úrvali tryggingaverndar og mati á þörfum og óskum viðskiptavina veitir Sjóvá einstaklingsmiðaðar lausnir á sviði vátrygginga. Sjóvá leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg og vinnur stöðugt að því að auka þægindi viðskiptavina með rafrænum samskiptaleiðum. Rafrænar umsóknir og tjónstilkynningar og notkun netspjalls eru liður í því að auðvelda viðskiptavinum að nálgast þjónustu og eiga í samskiptum við félagið með þeim leiðum sem þeir kjósa.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahag einstaklinga og fyrirtækja. Veruleg óvissa ríkir um endanleg áhrif faraldursins, m.a. vegna óvissu um hve lengi áhrifa hans mun gæta. Aðgerðir stjórnenda Sjóvár hafa miðast að því að tryggja rekstrarsamfellu þannig að sem minnst truflun verði á þjónustu við viðskiptavini. Áhersla félagsins hefur einkum verið fólgin í að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina en félagið gegnir mikilvægu hlutverki í að takmarka áhrif áfalla á fjárhagslega afkomu einstaklinga og fyrirtækja. Í byrjun apríl var tekin ákvörðun um að fella niður maígjalddaga á ökutækjatryggingum einstaklinga. Var sú ákvörðun grundvölluð á þeim mikla samdrætti í umferð sem átt hafði sér stað frá upphafi samkomubanns og þeim afleiðingum sem sáust í umtalsvert færri tjónstilkynningum en árið áður. Lækkun iðgjalda vegna þessarar ákvörðunar nam um 650 millj.kr. og vakti hún ánægju viðskiptavina.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Helstu stefnur í starfsemi Sjóvá eru eftirfarandi:

- Áhættustefna
- Fjárfestingastefna
- Stefna gegn vátryggingasvikum
- Gæðastefna
- Stefna um samfélagslega ábyrgð
- Mannréttindastefna
- Umhverfisstefna

Sjóvá hefur innleitt áhættustefnu fyrir helstu áhættuþætti félagsins en þeir eru vátryggingaáhætta, áhætta við eigna- og skuldastýringu, markaðsáhætta, lausafjáráhætta, sambjöppunaráhætta, rekstraráhætta, eiginfjárahætta og áhætta vegna mótaðila og endurtryggingaverndar. Áhættustýring er einn af grunnþáttum í stjórnkerfi félagsins og höfð til grundvallar í skipulagi og ákvarðanatöku. Verklag og aðgerðir hafa verið innleiddar til að greina, mæla og draga úr og/eða dreifa áhættum sem steðjað geta að í rekstri með það að markmiði að vernda félagið, viðskiptavini og vátryggða. Sjóvá hefur komið upp verklagi sem tryggið að stjórnendur og starfsmenn fái þjálfun í að þekkja áhættur og áhættuþætti sem geta haft áhrif á rekstur, viðskiptavini og vátryggða. Verklagið segir jafnfram til um hvernig skuli tilkynna, skrá, meta, mæla, stýra og/eða milda þær áhættur sem um ræðir. Starfandi er áhættu- og öryggisnefnd sem endurskoðar reglulega uppbyggingu áhættustýringar, yfirfer helstu áhættur með ábyrgðaraðilum og tekur ákvörðun um umfang endurtryggingaverndar.

Sjóvá hefur sett sér stefnu og reglur um fjárfestingar sem ætlað er að styðja við og tryggja að fjárfestingar félagsins séu varfærnar og ábyrgar og ákvarðanir um þær séu faglegar. Einnig eru í gildi reglur um hverjur teljist til innherja og fruminnherja og reglur um viðskipti innherja og meðferð innherjaupplýsinga, reglur um lánveitingar, og reglur um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar og starfsmanna. Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um vátryggingastarfsemi nr. 940/2018. Stjórn félagsins endurnýjar starfsreglur sínar árlega og eru þær aðgengilegar á vef félagsins, sjova.is. Stjórnarháttayfirlýsing félagsins tekur mið af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins.

Sjóvá er með öflugt gæðakerfi þar sem öll frávik, ábendingar og kvartanir eru skráð. Unnið er úr ábendingum eftir fyrirfram skilgreindu verklagi. Upplýsingar um frávik eru yfirfarnar reglulega á framkvæmdastjórnarfundum og málum ekki lokað fyrr en gæðastjóri telur að eðlilega hafi verið unnið úr þeim og leyst úr þeim á fullnægjandi hátt.

Á árinu 2020 var áfram unnið að settum markmiðum um stöðu félagsins til framtíðar. Markmiðin byggja á stefnu sem mörkuð var árið 2013 og byggir hún á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísum sem starfsfólk Sjóvár hefur að leiðarlíði í sínu starfi. Hlutverk Sjóvar er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“ og framtíðarsýn „Sjóvá er tryggingafélag sem þér liður vel hjá“. Vegvísar Sjóvár eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins. Markvisst hefur verið unnið að því að bæta þjónustu við viðskiptavini og auka starfsánægju en árangur á báðum svíðum hefur verið mjög góður á undanförnum árum og hefur félagið undanfarin fjögur ár verið hæst tryggingafélaga í mælingum Ánægjuvogarinnar og starfsánægja fer sifelt vaxandi.

Sjóvá leggur áherslu á að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlar félagið að arösemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini og hluthafa.

Sjóvá hefur sett sér siðareglur sem eru grunniðið starfsfólks Sjóvár fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum. Þær eru viðbót við opinbert regluverk og leiðbeinandi á þeim svíðum sem lög og reglur ná ekki til. Í reglunum er að finna viðmið um góða viðskiptahætti, persónuvernd og upplýsingaöryggi, varðveislu upplýsinga um viðskiptavini og nýtingu þeirra upplýsinga og annarra sem starfsfólk hefur aðgang að starfa sinna vegna, s.s. innherjaupplýsinga. Reglurnar eiga jafnframt að stuðla að siðferði í rekstri Sjóvár þannig að starfsemin einkennist af fagmennsku og heiðarleika og að traust ríki milli félagsins, viðskiptavina, starfsfólks, stjórnvalda og eftirlitsstofnana, hluthafa og samfélagsins alls.

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Umhverfismál:

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkunar auðlinda í rekstrinum og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Fjórðungur bíla í rekstri Sjóvár eru nú raf- og tvinnibílar og markmið verið sett um að hækka hlutfall þeirra. Sjóvá hefur kolefnisjafnað eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna í samstarfi við Kolvið frá árinu 2015. Sjóvá styrkti Neyðarvarnir Rauða kross Íslands á árinu 2020 til að bæta aðbúnað við uppsetningu fjöldahjálparstöðva en þörf fyrir þær hefur aukist mikið í tengslum við samfélagsleg áhrif, eins og t.d. lokanir á vegum og flugvöllum af völdum óveðra auk náttúruhamfara. Er það í samræmi við heimsmarkmið 12 um að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara.

Helstu markmið Sjóvá í umhverfismálum:

- Auka hlutfall hreinorkubíla
- Auka rafræn viðskipti og rafræna tjónabjónustu
- Auka hlutfall viðgerðra framrúða
- Auka hlutfall notaðra hluta í varahluti
- Kolefnisjafna eigin akstur

Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum í eigin starfsemi með markvissum aðgerðum, ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda og aukinni endurnýtingu þar sem möguleiki er á. Sjóvá hefur náð góðum árangri í því að ráðstafa tjónamunum með öruggari og hagkvæmari hætti og stuðla að aukinni endurnýtingu þar sem möguleiki er á. Dæmi um það er ábyrgari flokkun tjónabifreiða og meðferð varahluta bæði til þess að auka öryggi í umferðinni og stuðla að minni sóun. Aukning nýorkubíla á götum hefur í för með sér breytt landslag við meðferð slíkra bíla í tjónum enda mikil hætta sem getur stafað af tjónuðum rafbílum. Hefur Sjóvá tekið upp ábyrgt verklag við meðferð þeirra og ráðstöfun sem leitast er við að samstarfsaðilar okkar tileinki sér einnig. Sjóvá hefur áfram hvatt til notkunar framrúðoplástra sem margfaldað möguleika á viðgerð tjóns í framrúðu. Ávinningur þess að gera við framrúðu í stað þess að skipta út fyrir nýja er ótvíraður hvað varðar tjónskostnað og út frá umhverfissjónarmiðum. Mikil tækifæri eru í frekari vegferð með framrúðuvíðgerðir en áatak síðasta árs stuðlaði að 0,8% aukningu í viðgerðum sem fylgt verður enn frekar eftir enda mikill samfélagslegur meðbyr með umhverfispáttum, lágmörkun sóunar og lækkun kostnaðar sem í þessu felst. Unnið er að rafvæðingu bíla sem notaðir eru við tjónaskoðun hjá Sjóvá en stefnt er að frekari rafvæðingu á komandi misserum.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq er að finna í ársskýrslu félagsins og á sjova.is.

Félagsmál:

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helningsfækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Stærstu forvarnaverkefni Sjóvár á árinu 2020 snuru að áhættuskoðunum og ráðgjöf til viðskiptavina á fyrirtækjamarcaði og árveknisátaks um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Sjóvá hefur verið aðalbakhjalr Landsbjargar og vinnur þétt með samtökunum að fjölbreyttum verkefnum á sviði forvara, öryggismála og trygginga. Lögð hefur verið áhersla á að bæta flokkun sorps og auka hlutfall endurvinnslu. Í tjónum og tjónavinnslu hefur verið leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Er það gert með því að nýta notaða hluti sem varahluti eftir föngum og gera við framrúður í stað þess að skipta þeim út ef þess er kostur. Leitast er við að minnka sóun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni, fremur en að þeir fari til förgunar og nýir keyptir.

Sjóvá veitir árlega styrki til aðila sem vinna að ýmsum góðum málefnum í þágu samfélagsins og er lögð áhersla á að þeir fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu Sjóvá. Sjóvá mun því styðja við og styrkja verkefni sem hafa fyrst og fremst forvarnargildi en auk þess styrkir félagið ýmis góðgerðarmál, íþrótt- og menningarstarf.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Mannréttinda- og starfsmannamál:

Í árslok 2020 störfuðu 191 starfsmenn hjá Sjóvá í 186 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé framúrskarandi og öllum aðgengileg um land allt.

Sjóvá hefur um árabil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá styður og hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum. Unnið er markvisst að jafnrétti og jöfnum tækifærum starfsfólks innan félagsins meðal annars með virkri mannréttindastefnu sem lýsir áherslum Sjóvár í mannréttindamálum og er ætlað að tryggja að Sjóvá uppfylli kröfur laga og reglna. Á hverju ári eru skilgreindar markvissar aðgerðir sem byggja stefnunni sem ná jafnt til launaákværdana, ráðninga, stöðuveitinga og annarra tækifæra innan félagsins. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í félaginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur ávallt mælst lægri en 2%. Í lok árs 2020 var 48% starfsmannahópsins konur og 52% karlar og voru 40% stjórnarmanna Sjóvár konur og 60% karlar. Þá er jafnt hlutfall kvenna og karla í framkvæmdastjórn félagsins og í hópi stjórnenda félagsins eru 48% konur og 52% karlar. Í stjórn dótturfélagsins Sjóvár lífs eru tvær konur og einn karl. Til að deila þekkingu sinni og styðja aðra til árangurs á sviði jafnréttismála styrkir Sjóvá Jafnvægisvogina sem er nýtt hreyfiaflsverkefni FKA, félags kvenna í atvinnulífinu, og forsætisráðuneytisins, sem hefur það markmið að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar íslenskra fyrirtækja. Sjóvá styður einnig starfsemi UAK, félag ungra athafnakvenna, en meginmarkmið UAK er að stuðla að jafnrétti, hugarfarsbreytingu og framþróun kvenna í samfélagini.

Helstu markmið Sjóvá í mannréttinda- og starfsmannamálum:

- Það er stefna Sjóvár að gæta jafnréttis milli einstaklinga óháð kynferði, kynhneigð og vitund, litarhætti, þjóðerni, trúar- og lífsskoðunum, búsetu og efnahag
- Félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að tryggja velgengni félagsins
- Sömu laun séu greidd fyrir jafnverðmæt störf
- Starfsumhverfi sé til fyrirmynðar og stuði að ánægju starfsfólks

Á árinu 2020 hlaut Sjóvá einkunnina 9 á kynjakvarðanum GEMMAQ en á árinu 2019 varð Sjóvá fyrsta íslenska skráða félagið til þess að ná hæstu einkunn sem hægt er að fá. GEMMAQ kynjakvarðinn er hannaður fyrir íslenskan hlutabréfamarkað en í dag metur kvarðinn mánaðarlega fyrirtæki á alþjóðamörkuðum eftir kynjahlutföllum í stjórnunum og framkvæmdastjórnunum. Sjóvá hlaut á árinu 2020 viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar en hana hljóta þeir þátttakendur sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.

Á árinu 2020 hlaut Sjóvá hvatningarverðlaun jafnréttismála en verðlaunin eru árlega veitt fyrirtæki sem hefur stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt í starfsemi sinni. Verðlaununum er jafnframt ætlað að vekja athygli á fyrirtækjum sem skara framur í jafnréttismálum.

Góð vinnuvernd og opin samskipti eru mikilvægir þættir í heilbrigðri fyrirtækjamenningu. Árið 2015 varð Sjóvá fyrst íslenskra fyrirtækja til að framkvæma sálfélagslegt áhættumat í samræmi við lög um hollustuhætti og vinnuvernd og hlaut það ár viðurkenningu fyrir streituforvarnir og framúrskarandi eflingu mannaðs frá ráðgjafafyrirtækinu Forvörnum. Sálfélagslegt áhættumat tekur á mörgum þáttum í starfsumhverfi starfsfólks meðal annars stjórnun, samskiptum, starfahönnun, starfskröfum og almennri líðan. Matið hefur síðan verið endurtekið árin 2018 og 2020 og hafa niðurstöðurnar verið nýttar til að bæta starfsumhverfi, ferla og fræðslu um þessi mikilvægu málefni.

Ein af grundvallarforsendum góðrar þjónustu er ánægt starfsfólk. Í árlegri könnun Gallups, framkvæmd á árinu 2020, mældist starfsánægja starfsmanna Sjóvár hærri en nokkru sinni fyrr og með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum samkvæmt gagnagrunni Gallup. Sjóvá var eitt af fimm fyrirtækjum landsins sem fékk titilinn Fyrirtæki ársins 2020, í flokki stórra fyrirtækja. Það eru félagsmenn VR og þúsundir annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði sem velja fyrirtækin í einni viðamestu vinnumarkaðskönnun sem er framkvæmd hér á landi árlega en VR hefur staðið fyrir könnuniinni í rúm tuttugu ár.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Í janúar á árinu 2021 hlaut félagið þá viðurkenningu fyrir að vera efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni árið 2020, fjórða árið í röð, með marktækt hærri einkunn en það félag sem kom næst á eftir en ánægjuvogin mælir ánægju viðskiptavina á ýmsum mörkuðum, þar á meðal á tryggingamarkaði. Byggir árangur Sjóvár í Íslensku ánægjuvoginni á markvissum aðgerðum og breyttum áherslum í þjónustu sem fela meðal annars í sér einföldun skilaboða og aukið frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini. Undir lok árs 2020 hlut Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár, Viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins og Frjálsrar verslunar. Í umfjöllun Viðskiptablaðsins um verðlaunin kemur fram að Sjóvá hafi vakið athygli fyrir góðan rekstur samhliða því sem félagið sé með ánægðstu viðskiptavini íslenskra tryggingafélaga samkvæmt íslensku ánægjuvoginni. Það að vera með ánægðustu viðskiptavini íslenskra tryggingafélaga var eitt af markmiðum félagsins sem var sett fyrir nokkrum árum og náðist fyrr en áætlað var.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um mannréttinda- og starfsmannamál í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq er að finna í ársskýrslu félagsins og á sjova.is.

Spillingar og mútumál:

Sjóvá hefur sett sér síðareglur sem eru grunnið mið starfsfólks félagsins fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum en félagið hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í spillingar- og mútumálum. Reglurnar taka meðal annars á gagnsæi, samskiptum, upplýsingajöf, góðum viðskiptaháttum og upplýsingaöryggi, réttindum og skyldum starfsfólks, hagsmunatengslum og meðhöndlun ábendinga og kvartana í starfseminni, auk þess sem í þeim er að finna verklagsreglur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka.

Vátryggingasvik auka tjónskostnað og draga úr trúverðugleika félagsins og telur Sjóvá það skyldu sína að sporna gegn tryggingasvikum og þar með að koma í veg fyrir að viðskiptavinir greiði með iðgjöldum sínum fyrir óverðskuldaðar bætur meintra tjónþola. Vátryggingasvik teljast til fjárvika og eru refsiverð samkvæmt íslenskum hegningarlögum en með vátryggingasvikum er átt við þegar viðskiptavinur gefur félagini af ásetningi rangar eða villandi upplýsingar við tryggingatöku eða við tilkynningu tjóns, sér eða öðrum til hagsbóta.

Helstu markmið Sjóvá í spillingar- og mútumálum:

- Koma í veg fyrir sviksemi
- Sporna gegn tryggingasvikum
- Leitast við að tryggja að spilling, glæpsamleg starfsemi og peningaþvætti eigi sér ekki stað innan félagsins eða í viðskiptum við það

Félagið hefur sett sér stefnu gegn vátryggingasvikum en tilgangur hennar er að setja fram á skýran hátt með hvaða hætti unnið verður gegn vátryggingasvikum með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Stefnan tekur mið af hlutverki og framtíðarsýn Sjóvár og nær til alls starfsfólks en sérstök áhersla er lögð á að þeir sem selja tryggingar og starfa við tjónavinnslu þekki stefnuna og séu meðvitaðir um áhættuna. Félagið leggur áherslu á að efla fræðslu og viðhalda þar með þekkingu starfsfólks til að greina sviksemi í starfseminni. Að auki er starfræktur stýrihópur sem hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir vátryggingasvik hjá Sjóvá og tryggja að skipulega sé unnið að þeim málum hjá félagini. Á árinu 2017 var ráðinn starfsmaður með reynslu af löggreglustörfum til að sinna tryggingasvikamálum og í upphafi ársins 2019 var tekinn í gagnið nýr tjónagrundur Samtaka fjármálfyrirtækja (SFF) sem ætlað er að sporna við tryggingasvikum hér á landi en slík svik eru í auknum mæli stunduð með skipulögðum hætti. Reynslan af Norðurlöndunum sýnir að tjónagrunnar sem þessi eru eitt af mikilvægustu tækjunum í baráttu við vátryggingasvik en samskonar tjónagrunnar eru í notkun í Noregi og Svíþjóð. Rannsóknir á Norðurlöndunum benda til að um 5-10% af tjónagreiðslum fari í greiðslur vegna tryggingasvika. Líklegt þykir að hlutfallið hér á landi sé sambærilegt en erfitt er að fullyrða nákvæmlega um umfangið. Vátryggingafélög og viðskiptavinir þeirra hafa því mikla hagsmuni af því að virkt eftirlit sé haft með réttmæti tjónakrafna og bóttagreiðslna. Sjóvá hefur sett sér starfs- og verklagsreglur varðandi notkun á tjónagrunni SFF sem og hvernig nálgast megi upplýsingar í grunninn. Á árinu 2020 voru 9% fleiri mál tekin til sérstakrar skoðunar vegna meintra svika hjá Sjóvá samanborið við árið á undan. Samstarf við löggregluna hefur einnig verið aukið til muna samhliða því að grunnurinn var tekinn í notkun.

Frekari upplýsingar um samfélagslega ábyrgð og ófjárhagslegar upplýsingar má finna í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2020 á sjova.is, sem verður birt fyrir aðalfund félagsins.

Selected Financial Information

Consolidated Statement of Comprehensive Income for the year ended 31 December 2020

	2020	2019
Premiums earned	20.831.290	20.632.506
Outward reinsurance premiums	(1.014.584)	(931.919)
Earned premiums, net of reinsurance	19.816.706	19.700.587
Interest and similar income	475.778	826.270
Net income from securities at fair value	4.798.578	2.814.148
Investment income	5.274.357	3.640.418
Reinsurance commisson	101.427	99.613
Other income	116.175	104.100
Other income	217.602	203.713
Total income	25.308.665	23.544.717
Claims incurred*	(14.719.626)	(14.433.406)
Claims incurred, reinsurers' share	496.325	377.115
Claims incurred, net of reinsurance	(14.223.301)	(14.056.291)
Technical interest rate and exchange rate changes for technical provisions*	(677.988)	(805.182)
Operating expenses	(4.479.092)	(4.273.110)
Total expenses	(19.380.381)	(19.134.582)
Profit before income tax	5.928.285	4.410.135
Income tax	(608.298)	(557.273)
Comprehensive income for the year	5.319.986	3.852.862
Profit attributable to:		
Shareholders of the Parent Company	5.319.986	3.852.862
Basic and diluted earnings per share	3,98	2,82

*Comparative figures for year 2019 have been changed, see note 4

Consolidated Statement of Financial Position as at 31 December 2020

	2020	2020
Assets		
Operating assets	492.656	402.330
Leased assets	275.970	395.457
Goodwill	243.578	243.578
Other intangible assets	1.200	2.235
Deferred tax asset	2.522	2.834
Securities	43.782.883	36.548.622
Investments where the investment risk is borne by the policyholders	5.305.346	4.539.047
Reinsurance assets	1.268.767	1.417.483
Accounts receivables and other receivables	6.728.055	6.462.594
Cash and cash equivalents	1.160.223	969.453
Total assets	59.261.201	50.983.631
Equity		
Share capital	1.334.106	1.346.607
Share premium	6.110.625	6.348.500
Restricted equity	732.834	990.758
Retained earnings	13.185.993	7.608.083
Total equity	21.363.559	16.293.948
Liabilities		
Technical provision	29.866.524	27.599.041
Technical provision for life-assurance policies where the investment risk is borne by the policyholders	5.305.346	4.539.047
Lease liabilities	288.904	404.818
Tax payable	604.195	556.409
Accounts payable and other liabilities	1.832.673	1.590.369
Total liabilities	37.897.642	34.689.683
Total equity and liabilities	59.261.201	50.983.631

Segment reporting

Year 2020

Segment reporting	Property and non-life insurance	Life insurance	Financial and other operation	Group
Premiums, earned	18.604.227	2.227.063	0	20.831.290
Outward reinsurance premiums	(648.441)	(366.142)	0	(1.014.584)
Investment income	156.148	18.951	5.099.258	5.274.357
Other income	110.429	107.173	0	217.602
Total income	18.222.363	1.987.044	5.099.258	25.308.665
Claims incurred	(13.955.305)	(764.321)	0	(14.719.626)
Claims incurred, reinsurers' share	331.177	165.148	0	496.325
Insurance technical interest*	0	0	(677.988)	(677.988)
Operating expenses	(3.603.408)	(414.886)	(460.797)	(4.479.092)
Profit before income tax	994.827	972.984	3.960.472	5.928.284
Income tax				(608.298)
Profit for the period				5.319.986

Investment among the property and casualty insurance segment is ISK 180 million and depreciation ISK 89 million, investment in lease assets is ISK 3 million and depreciation ISK 133 million.

Year 2019

Segment reporting	Property and non-life insurance	Life insurance	Financial and other operation	Group
Premiums, earned	18.641.411	1.991.094	0	20.632.506
Outward reinsurance premiums	(580.609)	(351.310)	0	(931.919)
Investment income	405.114	35.418	3.199.886	3.640.418
Other income	97.036	106.677	0	203.713
Total income	18.562.953	1.781.880	3.199.886	23.544.717
Claims incurred*	(13.710.843)	(722.563)	0	(14.433.406)
Claims incurred, reinsurers' share	168.501	208.615	0	377.115
Insurance technical interest*	0	0	(805.182)	(805.182)
Operating expenses	(3.469.951)	(448.484)	(354.674)	(4.273.110)
Profit before income tax	1.550.660	819.448	2.040.029	4.410.135
Income tax				(557.273)
Profit for the period				3.852.863

Investment among the property and casualty insurance segment is ISK 47 million and depreciation ISK 78 million, investment in lease assets is ISK 5 million and depreciation ISK 129 million.

* Comparative figures for year 2019 have been changed, see note 4

Income and expense from Property and Non-life insurance

Property and Casualty insurance of the Group's devides as follows:

Year 2020	Property insurance	Marine insurance	Compulsory motor insurance	Other motor insurance	General liability insurance	Income protection insurance	Workers' compens. insurance	Medical expense insurance	Re - insurance	Total
Gross premiums written	4.708.534	673.399	7.884.840	3.535.732	1.229.219	976.852	908.314	21.113	0	19.938.004
Earned premiums, net of reinsurance	4.093.074	485.342	7.213.532	3.233.117	1.088.052	917.066	905.639	19.963	0	17.955.786
Claims incurred, net of reinsurance	(2.678.863)	(243.732)	(6.100.858)	(2.322.545)	(944.502)	(572.156)	(765.251)	(11.686)	15.465	(13.624.128)
Operating expenses	(878.889)	(96.425)	(1.381.835)	(715.155)	(207.260)	(173.801)	(145.306)	(4.095)	(643)	(3.603.409)
Investment income and other income	35.362	13.073	63.072	26.652	18.612	7.696	7.821	81	0	172.368
Profit (loss) from insurance	570.684	158.257	(206.088)	222.070	(45.098)	178.804	2.904	4.263	14.822	900.618

Year 2019	Property insurance	Marine insurance	Compulsory motor insurance	Other motor insurance	General liability insurance	Income protection insurance	Workers' compens. insurance	Medical expense insurance	Re - insurance	Total
Gross premiums written	4.309.921	724.605	8.090.315	3.772.716	1.191.278	902.329	959.289	20.215	0	19.970.668
Earned premiums, net of reinsurance	3.750.503	536.858	7.415.089	3.490.052	1.066.518	850.482	930.992	20.307	0	18.060.802
Claims incurred, net of reinsurance*	(2.124.887)	(349.708)	(6.485.903)	(2.375.521)	(952.246)	(527.284)	(727.907)	425	688	(13.542.342)
Operating expenses	(769.098)	(112.901)	(1.329.844)	(718.550)	(210.292)	(161.281)	(163.885)	(3.505)	(596)	(3.469.951)
Investment income and other income*	73.541	20.295	182.946	68.305	44.024	15.069	123	17.215	0	421.517
Profit (loss) from insurance*	930.059	94.544	(217.711)	464.286	(51.996)	176.987	39.322	34.442	92	1.470.026

* Comparative figures for year 2019 have been changed, see note 4

Quarterly Statements (unaudited)

	Q4 2020	Q3 2020	Q2 2020	Q1 2020	Total 2020		Q4 2019	Q3 2019	Q2 2019	Q1 2019	Total 2019
Insurance operations											
Premiums earned	5.455.383	5.553.184	4.539.027	5.283.696	20.831.290		5.230.556	5.384.844	5.219.554	4.797.551	20.632.506
Outward reinsurance premiums	(221.731)	(221.451)	(250.610)	(320.792)	(1.014.584)		(225.461)	(221.791)	(249.987)	(234.679)	(931.919)
Earned premiums, net of reinsurance	5.233.652	5.331.733	4.288.417	4.962.904	19.816.706		5.005.095	5.163.053	4.969.567	4.562.872	19.700.587
Investm. income from insurance operations	30.308	29.768	41.960	73.062	175.099		76.132	111.064	124.096	129.239	440.531
Other income	89.113	31.035	48.125	49.328	217.602		55.201	29.164	81.866	37.482	203.713
Total income from insurance operations	5.353.074	5.392.536	4.378.503	5.085.295	20.209.407		5.136.427	5.303.281	5.175.529	4.729.593	20.344.832
Claims incurred	(3.633.491)	(3.658.670)	(3.242.114)	(4.185.351)	(14.719.626)		(3.994.020)	(3.614.404)	(3.543.395)	(3.281.590)	(14.433.409)
Claims incurred, reinsurers' share	(50.577)	151.019	83.805	312.078	496.325		130.556	86.358	79.447	80.754	377.116
Claims incurred, net of reinsurance	(3.684.068)	(3.507.651)	(3.158.309)	(3.873.272)	(14.223.301)		(3.863.464)	(3.528.046)	(3.463.948)	(3.200.836)	(14.056.293)
Operating expenses of insurance operations ...	(1.087.925)	(896.582)	(1.006.924)	(1.026.864)	(4.018.295)		(1.007.688)	(910.911)	(993.130)	(1.006.706)	(3.918.435)
Total cost from insurance operations	(4.771.993)	(4.404.233)	(4.165.233)	(4.900.136)	(18.241.595)		(4.871.152)	(4.438.957)	(4.457.078)	(4.207.542)	(17.974.728)
Profit from insurance operations	581.080	988.303	213.270	185.159	1.967.812		265.275	864.324	718.451	522.051	2.370.108
Investment operations											
Investment income from investm. operations ..	2.599.583	717.212	1.812.136	(29.672)	5.099.258		760.590	(6.073)	1.416.274	1.029.097	3.199.886
Insurance technical interest*	(68.148)	(35.793)	(228.417)	(345.631)	(677.988)		(110.493)	(135.046)	(286.813)	(272.827)	(805.182)
Operating expenses of investment operations .	(56.784)	(109.896)	(117.812)	(176.305)	(460.797)		(87.895)	(82.795)	(85.946)	(98.038)	(354.674)
Profit (loss) from investment operations	2.474.651	571.523	1.465.907	(551.608)	3.960.472		562.202	(223.914)	1.043.515	658.232	2.040.030
Profit (loss) before income tax	3.055.732	1.559.825	1.679.176	(366.452)	5.928.285		827.477	640.410	1.761.966	1.180.283	4.410.135
Income tax	(73.846)	(294.130)	(141.537)	(98.785)	(608.298)		(19.020)	(197.086)	(214.287)	(126.880)	(557.273)
Comprehensive income (loss) for the period	2.981.886	1.265.695	1.537.639	(465.237)	5.319.986		808.457	443.324	1.547.679	1.053.403	3.852.862
Claims ratio*	66,6%	65,9%	71,4%	79,2%	70,7%		76,4%	67,1%	67,9%	68,4%	70,0%
Reinsurance ratio	3,9%	1,2%	3,2%	(0,1%)	2,0%		1,3%	2,5%	2,0%	2,4%	2,2%
Cost ratio	19,9%	16,1%	22,2%	19,4%	19,3%		19,3%	16,9%	19,0%	21,0%	19,0%
Combined ratio*	90,4%	83,2%	96,8%	98,5%	92,0%		96,9%	86,5%	88,9%	91,8%	91,2%
Operating ratio	89,9%	82,4%	95,4%	96,6%	91,2%		95,5%	84,3%	86,6%	89,5%	89,2%
Return on equity bef. tax on an annual basis ...	64,9%	36,0%	40,2%	(9,2%)	31,5%		22,0%	17,3%	47,8%	33,7%	29,3%
Return on equity after tax on an annual basis ..	63,3%	29,2%	36,8%	(11,7%)	28,3%		21,5%	11,9%	42,0%	30,0%	25,6%
Earnings per share	2,22	0,95	1,15	(0,35)	3,98		0,62	0,32	1,12	0,76	2,82
Result of reinsurance	(211.244)	(66.850)	(146.227)	7.488	(416.832)		(66.703)	(133.118)	(109.636)	(145.734)	(455.191)
Technical provision	29.866.524	31.086.175	31.494.353	31.739.584	29.866.524		27.599.041	28.572.008	28.811.586	28.190.028	27.599.041
Total assets	59.261.201	57.519.224	56.658.098	54.630.716	59.261.201		50.983.631	51.515.530	51.830.760	49.806.859	50.983.631
Equity	21.363.559	18.381.708	17.116.013	15.578.340	21.363.559		16.293.948	15.869.087	15.665.818	14.227.575	16.293.948
Solvency ratio SII after proposed dividend	1,67	1,83	1,56	1,43	1,67		1,67	1,59	1,54	1,43	1,67
Minimum capital ratio	4,40	4,24	3,93	3,65	4,40		4,08	4,06	4,01	3,70	4,08

* Comparative figures for year 2019 have been changed, see note 4

Stjórnarháttayfirlýsing 2020

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995¹, lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016² og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/2017³.

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019⁴ eru vátryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006⁵.

Sjóvá samstæðan starfar á vátryggingamarkaði og er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvár miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum vátryggingafélögum í árslok 2019 um 28% í skaðatryggingum og um 32% í líf- og heilsutryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins.

Starfsemi Sjóvár er fjölbreytt og þjónustan yfirgrípsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum til um 7.700 fyrirtækja og um 76.500 einstaklinga hér á landi. Í árslok 2020 störfuðu 191 starfsmenn hjá Sjóvá í 186 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Sjóvá hefur verið skráð félag á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland síðan 11. apríl 2014 og því gilda um starfsemina lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007⁶ og reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður nr. 940/2018⁷. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 21. janúar 2020 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst var við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins útgefnum í maí 2015⁸ við ritun stjórnarháttayfirlýsingarinnar.

¹ www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html

² www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html

³ www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html

⁴ www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html

⁵ www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html

⁶ www.althingi.is/lagas/nuna/2007108.html

⁷ <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/allar/nr/940-2018>

⁸ <http://leidbeiningar.is/>

Sjóvá starfar eins og að framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti og uppfyllir ákvæði þeirra, en á því er ein undantekning.

Í grein 1.1 eru tilgreindar kröfur þess efnis að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt að hluta til eða öllu leyti og greitt atkvæði án þess að vera á staðnum. Stjórn Sjóvár hefur hingað til ekki talið réttlætanlegt að uppfylla þessar kröfur að teknu tilliti til samsetningar hluthafahópsins og kostnaðar.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um vátryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með vátryggingastarfsemi.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþátta sem krafist er í lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um vátryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 15. desember 2020.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi er í samræmi við þjár varnarlinur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir kleift að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, árlegt eigið áhættu- og gjaldþolsmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og auðvelda féluginu að uppgötva og leiðréttu hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir stærstu áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega vátryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni sem starfssviðið hefur framkvæmt, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin endurnýjuð eftir úttekt sem framkvæmd var í júní 2020.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2022. Innri endurskoðun er útvistað til Ernst & Young ehf.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Á árinu 2020 var áfram unnið að settum markmiðum um stöðu félagsins til framtíðar. Þau byggja á stefnu sem mörkuð var árið 2013 og byggir hún á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan – þannig sýnum við frumkvæði
- Höfum það einfalt – þannig gerum við okkur skiljanleg
- Segjum það eins og það er – þannig sýnum við heiðarleika
- Verum vingjarnleg – þannig verður allt fyrirtækið eftirsóknarvert

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn Sjóvár samþykkti starfsreglur sínar síðast 21. janúar 2020. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið félagsins náist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2020 fór fram í janúar 2021. Stjórn lagði mat á stærð stjórnar, samsetningu, verklag og starfshætti. Stjórnin taldi sig hafa starfað í samræmi við starfsreglur sínar og tryggt að fyrir liggi reglur og stefnur um reksturinn, enda eru reglur og stefnur endurskoðaðar með reglulegu millibili og eftir því sem aðstæður krefjast í starfsumhverfinu. Starf stjórnarinnar byggir á fyrirfram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefnda stjórnar og frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtíma markmið stjórnar og stjórnenda.

Stefna samstæðunnar um samfélagslega ábyrgð er sem hér segir:

„Við hjá Sjóvá teljum mikilvægt að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini, hluthafa og starfsmenn. Sjóvá styður og hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum, vinnur markvisst að jafnrétti og jöfnum tækifærum innan félagsins meðal annars með virkri mannréttindastefnu og jafnlaunavottun. Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum eigin starfsemi með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Leitast er við að tryggja að spilling, glæpsamleg starfsemi og peningaþvætti eigi sér ekki stað innan félagsins eða í viðskiptum við það. Vegvísar Sjóvár byggja undir áreiðanleika og gagnsæi starfseminnar. Auk þeirra er starfsfólk uppálagt að fylgja útgefnum siðareglum félagsins sem eru grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.“

Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014.

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áhersla Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helnings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Stærstu forvarnaverkefni Sjóvár á árinu 2020 sneru að áhættuskoðunum og ráðgjöf til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði og árveknisátaks um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Sjóvá hefur verið aðalbakhjarl Landsbjargar og vinnur þétt með samtökunum að fjölbreyttum verkefnum á svíði forvara, öryggismála og trygginga. Lögð hefur verið áhersla á að bæta flokkun sorps og auka hlutfall endurvinnslu. Í tjónum og tjónavinnslu hefur verið leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Er það gert með því að nýta notaða hluti sem varahluti eftir föngum og gera við framrúður í stað þess að skipta þeim út ef þess er kostur. Leitast er við að minnka sóun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni, fremur en að þeir fari til förgunar og nýjir keyptir.

Sjóvá hefur um árabil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá hefur frá árinu 2014

haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í féluginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur alltaf mælst milli 0-2%. Til að deila þekkingu sinni og styðja aðra til árangurs á sviði jafnréttismála styrkir Sjóvá Jafnvægisvogina sem er nýtt hreyfiaflsverkefni FKA og forsætisráðuneytisins sem hefur það markmið að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar íslenskra fyrirtækja og styður einnig starfsemi UAK, Ungra athafnakvenna.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkunar auðlinda í rekstrinum og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Fjórðungur bíla í rekstri Sjóvár eru nú raf- og tvinnbílar og markmið verið sett um að hækka hlutfall þeirra. Sjóvá hefur kolefnisjafnað eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna í samstarfi við Kolvið frá árinu 2015. Sjóvá styrkti Neyðarvarnir Rauða kross Íslands á árinu til að bæta aðbúnað við uppsetningu fjöldahjálparstöðva en þörf fyrir þær hefur aukist mikið í tengslum við veðurofsa og náttúruhamfarir. Er það í samræmi við heimsmarkmið 12 um að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara.

Sjóvá birtir nánari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq í ársskýrslu félagsins og á sjova.is.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur tilnefningarnarnefndar, stefna um persónuvernd, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn

Stjórn skal skv. samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem hlutfallskosning milli einstaklinga og skulu fyrstu fjögur stjórnarsæti skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið og skal sá einstaklingur sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Í kjöri til varamennsku í stjórn teljast kjörin sú kona og sá karl sem flest atkvæði fá í kjörinu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi eftir því sem við á. Í starfsreglum stjórnar segir að leitast skuli við að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir gagnvart féluginu og daglegum stjórnendum þess. Úr hópi aðalmanna skal kjósa stjórnarformann og varaformann stjórnar með einföldum meirihluta. Hlutverk tilnefningarnarnefndar er meðal annars að leitast við að tryggja fjölbreytileika innan stjórnar. Ekki er í gildi stefna um fjölbreytileika eins og henni er lýst í lögum um ársreikninga en gildandi mannréttindastefna félagsins lýsir áherslum Sjóvár í jafnréttismálum. Markmið stefnunnar er að tryggja að mannaður félagsins verði sem best nýttur með því að stuðla að jafnri stöðu kynja og jöfnum tækifærum einstaklinga.

Aðalmenn í stjórn Sjóvár eru Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, Hildur Árnardóttir, varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Björgólfur, Guðmundur Örn, Hildur og Ingunn eru óháð féluginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnamaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti yfir 10% í Sjóvá.

Stjórn Sjóvár fundaði 18 sinnum á árinu 2020 og voru stjórnarfundir fullskipaðir stjórnarmönnum að tveimur frátöldum þar sem einn stjórnamaður forfallaðist.

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvár 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var svo aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnaformennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingarpróf í endurskoðun. Björgólfur starfar nú sem annar forstjóri Samherja. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri og framkvæmdastjóri Icelandair Group 2008-2018. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. Gjögri hf., Festi hf., Íslandsstofu og í stjórnstöð ferðamála fyrir SAF.

Björgólfur er óháður féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárvéstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Existia hf., Lýsingar hf., Skipta hf., VÍS og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnum Íslandsstofu, Eldeyjar TLH hf., Norðursiglingar hf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri

viðskiptaþróunar. Forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífís) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014 hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri TRU Flight Training Iceland ehf. sem kom á fót rekstri flughermis í þjálfunarsætri Icelandair. Guðmundur hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnararmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf., og stjórnararmaður hjá Brandenburg ehf. og BL ehf.

Guðmundur er óháður féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingí Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingí Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávarafurða frá 1995-2000. Hann situr í stjórnnum Síldarvinnslunnar hf. og SVN eignafélags ehf. Ingí Jóhann er stjórnarformaður í SVN eignafélagi ehf. SVN eignafélag ehf. á 14,52% hlut í í Sjóvá, en auk þess á Ingí óbeinan hlut í SVN eignafélagi í gegn um Síldarvinnsluna hf. og Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í Síldarvinnslunni og Ingí á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingí telst óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Hún er BA og MA í lögfræði frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi, löggiltur verðbréfamiðlari og stundar nú MBA nám við Háskóla Íslands. Ingunn starfaði hjá Skeljungi hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannaúðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vettisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakennari og síðar aðjunkt hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kennið skaðabótarétt. Ingunn er stjórnararmaður í HS Orku hf. og situr auk þess í endurskoðunar- og starfskjaranefnd félagsins. Hún er einnig stjórnararmaður hjá Iceland Seafood International hf. og situr í endurskoðunarnefnd félagsins. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna sat í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvélá hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess

félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Auk framangreinds situr hún í stjórnum BLIH hf., Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Umbreytingar slhf. og Hregg ehf.

Erna er óháð féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 3,03% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Hlíðarfótur ehf., Valshjartað hf. og Kná ehf.

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður féluginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Hermann Björnsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir viðskiptafræðingur og Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður. Varamenn í stjórn eru Elín Pórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson lögmaður. Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvár lífs átti sjö fundi á árinu 2020.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár og Sjóvár lífs skipa Helga Sigríður Böðvarsdóttir formaður, Friðrik S. Halldórsson og Hildur Árnadóttir sem jafnframt situr í stjórn Sjóvár. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftar ef þurfa þykir. Nefndin átti sjö fundi árið 2020. Fundir voru allir fullskipaðir nefndarmönnum. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórnum Sjóvár og Sjóvár lífs og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, rýni starfsreglna, rýni verklags við útreikning vátryggingaskuldar, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu tryggingastærðfræðings, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og

eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, rýndi stefnu um innra eftirlit og innri endurskoðun, kynnti sér útreikninga vátryggingaskuldar, svörun erinda og skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar, kynnti sér stöðu á gerð heildstæðs yfirlits innra eftirlits (e. Assurance map), setti starfsreglur um aukaverk endurskoðenda og lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á sviðum tjónavinnslu, endurtrygginga, regluvörslu, trygginga- og tölfraðigreiningar, og mannauðs, auk árlegrar úttektar á upplýsingatækni og stjórnarháttum.

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum og átti nefndin two fundi á árinu.

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir gagnvart féluginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í féluginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem fyrst voru kjörnir á hluthafafundi 26. október 2018 og síðar endurkjörnir á aðalfundi 12. mars 2020. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir formaður, Jón Birgir Guðmundsson og Vilborg Lofts. Nefndin átti 8 fundi á árinu 2020.

Fjárfestinganefnd

Í reglum stjórnar Sjóvár um fjárfestingarstarfsemi félagsins eru skýrðar heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrirfram ákveðins samþykkis stjórnar. Fjárfestinganefnd, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, forstöðumanni fjárfestinga og staðgengli forstöðumanns fjárfestinga, fer sameiginlega með fjárfestingaumboð forstjóra. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með fjárfestingum samstæðunnar og ber nefndin ábyrgð á að rýna fjárfestingastefnu og bera undir stjórn til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári.

Áhættu- og öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn félagsins til stuðnings við greiningu og stýringu á þeim áhættum sem félagið stendur frammi fyrir. Áhættu- og öryggisnefnd hefur einnig yfirumsjón með því að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis og að öryggismál séu ávallt í takti við þarfir félagsins og uppfylli lög og reglur. Nefndin rýnir áhættustefnu, ORSA stefnu, upplýsingaöryggisstefnu, upplýsingatæknistefnu, stefnu um útvistun, stefnu um gæði gagna og gæða- og öryggisstefnu áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Nefndin hefur eftirlit með

og tekur ákvörðun um eigin áhættu og endurtryggingavernd félagsins að tillögu fjármálasviðs. Í nefndinni sitja forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála sem er formaður nefndarinnar, forstjóri og framkvæmdastjórn.

Forstjóri

Forstjóri Sjóvár er **Hermann Björnsson**, fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann Björnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeilda. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnum Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna, líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. og Samtaka fjármálafyrirtækja. Hann situr í stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011. Hermann á 0,044% eignarhlut í félaginu.

Skipurit samstæðu

Starfsemi félagsins er skipt upp í þrjú meginþróun, þ.e. fjármál og þróun, sölu og ráðgjöf og tjón. Áhættustýring og gæðamál, persónuvernd, regluvarsла, fjárfestingar, hagdeld, mannaudur, stefnumótun og viðskiptaþróun og trygginga- og tölfræðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar þriggja meginþróuna félagsins. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er staðgengill forstjóra og einnig framkvæmdastjóri Sjóvár lífs.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé í félaginu eins og síðar greinir en engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur félagsins.

Ólafur Njáll Sigurðsson, fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri fjármála og þróunar og staðgengill forstjóra. Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu og reikningshaldi, endurtryggingum og upplýsingatækni. Ólafur Njáll er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Ólafur Njáll er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1984. Hann var fjármálastjóri hjá Latabæ ehf. 2004-2009 og forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins hf. frá 1990-2004. Hann starfaði sem fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins hf. 1987-1989 sem bókari og aðalbókari hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1982-1987. Ólafur Njáll situr í stjórnum Sigurðar Njálssonar ehf. og Ásgeirs Péturssonar ehf. Ólafur Njáll hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2009. Félag í hans eigu og undir hans stjórn á 0,063% eignarhlut í Sjóvá.

Auður Daníelsdóttir, fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu, auk og markaðsmála og forvarna og stofnstýringar. Auður er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997, og lauk diplómanámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands 2002 og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona 2008. Hún var framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007-2017 en var áður starfsmannastjóri frá 2002. Auður starfaði sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf. 1998-2002, sem fulltrúi í hagdeild Samskipa hf. 1997-1998 og flugfreyja hjá Flugleiðum hf. 1991-1997. Auður á 0,063% eignarhlut í félagini.

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónasviðs. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvvarðanir, tjónaskoðun, áætlun á tjónaskuld og lögfræðipjónustu. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvár frá 2012 og síðar viðskiptapróunar og rekstrar og þróunar. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Elín starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórnum Valitors hf., Símans hf., Radíómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín á 0,063% eignarhlut í félagini.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

21. janúar 2021